

Fólkið

Fjöllin

Fjörðurinn

Meðal efnis:

Eyrbyggja

Öndverðareyri

Þróun samgöngumála

Grundarfjarðarkaupstaður hinn forni

Þinghúsið og Brunnhúsið

Gamlar myndir, 1907 og 1943

Skruggu-Blesi, fyrsti billinn

Örnefni í Grafarlandi

Hagtölur

Fiskimið og kort

Annáll 1999

Fermingarárgangar 1935-1999

**Fólkið, fjöllin,
fjörðurinn**

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

Safn til sögu Eyrarsveitar



2000

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar
© 2000 Eyrbyggjar – Hollvínasamtök Grundarfjarðar
Umbrot og myndvinnsla: Mál og mynd ehf.
Prófarkalestur: Uggi Jónsson
Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir
Prentun og bókband: Steindórsprent – Gutenberg ehf.

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til
eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISSN 0000–0000–0–0

Efnisyfirlit

Gísli Karel Halldórsson, formaður Eyrbyggja: Formáli	7
Jón Böðvarsson, cand. mag.: Eyrbyggja	9
Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafraeðingur: Öndverðareyri	23
Halldór Finnsson, fyrrv. oddviti: Samgöngur í Grundarfirði á tuttugustu öldinni ..	33
Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafraeðingur: Grundarfjarðarkaupstaður hinn forni	42
Sigríður Pálsdóttir frá Hömrum, kennari: Þinghúsið í Grundarfirði	56
Sigríður Pálsdóttir frá Hömrum, kennari: Brunnhúsið á Hömrum	67
Hólmfríður Gísladóttir ættfraeðingur: Stúlkan af Nesinu og strákarnir fyrir vestan.	71
Gamlar ljósmyndir frá Grundarfirði	74
Halldór Páll Halldórsson, framhaldsskólakennari: „Skruggu-Blesi“ í Nesi	78
Njáll Gunnarsson, fyrrv. bóndi, Suður-Bár: Að lyfta lofti	85
Sigurður Hallgrímsson, forstöðumaður þjónustudeildar Hafnarfjarðarhafnar: Rætt við Þorkel og Pétur Sigurðssyni frá Suður-Bár.	90
Elís Guðjónsson, fyrrv. verkstjóri og hafnarvörður og Guðjón Elísson, sjómaður: Gömul fiskimið og siglingaleiðir	99
Jóhannes F. Halldórsson, viðskiptafraeðingur: Hagtölur og tölfræðilegar upplýsingar um Grundarfjörð	106
Hannes Finnbogason, læknir: „Skyndaúsar skepnur“	109
Sigurður Lárusson frá Gröf: Örnefni í Grafarlandi	111
Björg Ágústsdóttir, sveitarstjóri: Annáll Eyrarsveitar 1999	116
Fermingarbörn 1935–1999	128

Formáli

Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar, og sögunefnd Eyrarsveitar standa saman að útgáfu þessa rits sem við væntum að verði það fyrsta í flokki sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar“.

Aðdragandi þess er að síðastliðið sumar voru stofnuð „Hollvinasamtök Grundarfjarðar“. Eins og segir í samþykktum félagsins er tilgangur samtakanna að vinna að eflingu byggðar, atvinnulífs og menningar í Grundarfirði og standa vörð um sögu svæðisins. Stofnfundurinn var haldinn í tengslum við Grundarfjarðarhátíðina „Á góðri stund í Grundarfirði“ þann 23. júlí 1999. Aðild að samtökunum er frjálst öllum sem vilja vinna að markmiðum félagsins. Fjölmenni var á stofnfundinum, og var þar kosin sjö manna stjórn. Á fyrstu fundum stjórnar var farið yfir hvernig við gætum unnið að markmiðum félagsins. Margar hugmyndir voru reifaðar, en stjórnin komst að þeirri niðurstöðu að vinna við að safna saman og gefa út sagnfræðilegt efni úr Eyrarsveit væri heppilegt sem fyrsta verkefni og væri hægt að ljúka því á starfstíma stjórnarinnar.

Mjög vel hefur gengið að fá fólk til liðs við félagið og að taka saman efni til birtingar. Það efni sem birt er hér, er nokkuð margbreytilegt og frá mismunandi tímum.

Eyrbyggjar og sögunefnd Eyrarsveitar vilja gjarnan að þessi útgáfa verði árviss og hér verði vettvangur til að safna saman og koma á framfæri ýmsum fróðleik úr Eyrarsveit. Sem dæmi um efni, sem við viljum koma á framfæri í næstu heftum, má nefna:

1. Örnefni í Eyrarsveit. Koma á framfæri örnefnaskránni Örnefnastofnunar. Fá staðkunnuga til að skrá örnefni og bæta við eða gera athugasemdir við örnefnaskránnar. Færa örnefni inn á loftmyndir og ljósmyndir til birtingar.

2. Fiskimið. Safna saman lýsingum á fiskimiðum og koma þeim lýsingum á kort til glöggvunar. Þessi vinna er komin nokkuð af stað og verður fylgt eftir.
3. Fræðslumál í Eyrarsveit. Taka saman sögu fræðslumála í Eyrarsveit. Jens Hallgrímsson, kennari, tók vel í beiðni okkar um að skrifa um fræðslumálin og gerum við ráð fyrir að birta þá grein í ársritinu 2001.
4. Saga Grundarfjarðarhafnar. Okkur vantar einhvern til að taka þá sögu saman og óskum eftir tilnefningum.
5. Þróun útgerðar í Grundarfirði.
6. Þróun fiskvinnslu í Grundarfirði.
7. Annáll Eyrarsveitar. Yfirlit yfir atburði síðastliðins árs ásamt tölfræðilegum fróðleik er efni sem á mjög vel heima í ársriti og safni til sögu Eyrarsveitar sem við viljum gefa út.
8. Söfnun á gömlum vísum. Við viljum komast í samband við áhugasama um söfnun á gömlum vísum og frásögnum um tilurð vísanna.

Fjöldmargt annað efni væri gaman að taka saman til útgáfu, en það þarf að þróast og fer eftir áhuga hvernig okkur tekst að ná því saman og koma á framfæri.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim, sem lögðu okkur lið og skrifuðu greinar í þessa útgáfu, fyrir gott samstarf.

Gísli Karel Halldórsson,
formaður Eyrbyggja starfsárið 1999–2000

Jón Böðvarsson, cand. mag.

Eyrbyggja

Grein þessi er unnin upp úr spjalli Jóns, mæltu af munni fram, í Grunnskólanum í Grundarfirði. Textinn ber þess glögg vitni þótt margar leiðréttingar hafi verið gerðar. Stefnt var að því að draga fram þátt Eyrbyggja í sögunni en ekki að leggja dóm á áhrif þeirra á framvindu atburða

Jón Böðvarsson fæddist 2. maí 1930 í Reykjavík. Foreldrar hans hétu Ragnhildur D. Jónsdóttir og Böðvar S. Bjarnason, húsasmíðameistari. Jón varð stúdent 1951 og cand. mag. í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1964. Forseti æskulýðsfylkingarinnar og starfsmaður Sameiningarflokks alþýðu, sósíalístaflokksins, 1956–1958. Í miðstjórn og framkvæmdanefnd Sósíalístaflokksins 1962–1964. Kennari við Gagnfræðaskólann í Kópavogi 1959–1966 og við Menntaskólann í Hamrahlíð 1966–1976. Deildarstjóri í íslensku við skólann 1970–1976. Gegndi rektorsstarfi ásamt tveim öðrum kennurum á haustönn 1975. Jón var í landsprófsnefnd 1968–1973, skólameistari við Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1976–1984 og ritstjóri Iðnsögu Íslendinga 1985–1995. Hann stóð að útgáfu 12 bóka í Safni til iðnsögu Íslendinga.

Jón hóf fyrirlestra um fornsögur 1986. Á fyrsta námskeiðinu voru 11 nemendur en nú á vormisseri voru 202 á námskeiði um Egilssögu og 267 á námskeiði um kristnitökuna og landafundina. Jón sá um skólaútgáfu á Brennu-Njálssögu 1968–1969 og Kjalnesingasögu 1985 og hefur sett saman fjölritaðar kennslubækur í íslensku, meðal annars bókmenntasögu fyrir framhaldsskóla í tveim bindum og bækling um ritgerðarsmið. Gaf út ljóðabókina Hnoðra 1974.

Börn Jóns eru Sigríður sem er fædd á afmælisdaginn hans 1963 og Ásthildur fædd 1966. Hann kvæntist Guðrúnu Erlu Björgvinsdóttur 26. nóvember 1966. Hún er dóttir Ástu Guðlaugsdóttur og Björgvins Grímssonar, stórkaupmanns í Reykjavík. Sonur Guðrúnar er Björgvin, fæddur 1964 og saman eiga þau Böðvar, fæddan 1968. Böðvar á soninn Jón, sem er 7 ára.

I

Íslendingasögur eru flokkaðar á ýmsa vegu. Venjulega er landfræðileg niðurröðun höfð þegar sögurnar eru gefnar út. Er slík skipting skynsamleg því að sögur frá sömu landshlutum tengjast oft. Svo er um Eyrbyggju og Heiðarvíga sögu. Nokkrar persónur eru þar sameiginlegar: Víga-Styrr, Ásdís, dóttir hans, og Snorri goði er varð eiginmaður hennar. Frásagnir um innflutning og dráp sænskra berserkja eru mjög efnislíkar í báðum sögum.

Í Eyrbyggju og Laxdælu er frá greint þeim bústaðaskiptum að Snorri goði flutti á efri árum vestur í Sælingsdalstungu en Guðrún Ósvífursdóttir fór þaðan að Helgafelli. Aðalsögusvið síðasta hluta Laxdælu er því Snæfellsnes en atburðavettvangur Eyrbyggju flyst að nokkru vestur í Dali og á Strandir.

Margar Íslendingasögur eru kallaðar skáldasögur og fjalla um kunn dróttkvæðaskáld, Egilssaga er mest þeirra. Engin dæmigerð skáldasaga er af Snæfellsnesi. Þó má kalla Víglundarsögu skáldasögu, því að kveðskapur Ketilríðar og Víglundar er mikill þáttur í þeirri ágætu sögu. Ég segi ágætu sögu, því til skamms tíma voru slíkar lygasögur í skammarkrök, en hinar sagnfræðilega traustu töldust öndvegissögur, til dæmis Eyrbyggja, sem ég tel merkustu héraðsögu í flokki Íslendingasagna. Frásögn af Þórarni í Mávahlíð með öllum hans ágætu lausavísum má kalla skáldaþátt í Eyrbyggju. Vísur Þórarins eru merkilegar. Þessi friðsami maður neyddist til þess að drepa menn. Angist kemur fram í vísu hans þegar lýst er vígaferlum og blóðbaði.

Eyrbyggja er líklega samin eftir 1250. Í upphafi er kynning á landnámsættum á norðanverðu Snæfellsnesi að undanskildum byggðum undir Jökli. Segir frá fjölda deilumála sem við fyrstu sýn virðast ótengd en leiða öll til þess að ríki Snorra goða á Helgafelli styrkist. Má segja að meginþráður í þessari sögu séu upptök á veldi Snorra goða og vöxtur þess eftir að hann flytur vestur í Dali.

Efnisskipan í Eyrbyggju er miklu skipulegri en í venjulegum sögum sem varðveist hafa í munnlegri geymd. Í undirbúningi atburðarásar eru sögð deili áættum og bústöðum, stundum frá uppruna í Noregi og lýst er landnámssvæðum hérna. Í sögulok er minnst á fólk sem lifir þegar deilur eru til lykta leiddar.

Einkenni á flestum Íslendingasögum er að fyrst eru kynntar aðstæður, næst koma upp ágreiningur og átök og loks verða lausnir sem annaðhvort eru sættir eða öðrum aðilanum er útrýmt. Hreyfiafl sagna er alltaf sæmdartilfinning sem knýr menn áfram. Menn verða að standa vörð um sæmd sína. Þegar átök verða

er hefndarskylda og þetta er hvort tveggja tengt ættrækni. Margir segja að Íslendingasögur fjalli aðallega um vígaferli og dráp en oftast er slíkt efni einungis hluti söguefnis.

Þjóðfélag á þjóðveldisöld var án framkvæmdavalds. Þess vegna þrýsti það á einstaklinga og ættir að sameinast um hagsmunagæslu. Það kemur vel fram í Eyrbyggju.

Snorri goði er sérstæð sögupersóna í Íslendingasögum, vegna þess að hann er ekki hetja og deilur varpa ekki endilega ljóma á hann. Í átökum við Arnkel goða virðist samúð söguhöfundar vera með Arnkatli.

Sögusvið í Eyrbyggju er Snæfellsnes norðanvert og Breiðavík sunnan megin og færast síðan til Dala og Stranda. Merkilegt er að þetta sögusvið er kjarninn í veldi Sturlunga sem var völdugasta ætt hér um slóðir á þeim tíma þegar Íslendingasögurnar voru skráðar og Snorri goði var ættfaðir Sturlunga.

Þessi bók heitir í raun ekki Eyrbyggja. Nafnið er stytting. Hún heitir Saga Þórsnesinga, Eyrbyggja og Álftfirðinga. Í fyrstu köflum er fátt sagt af Eyrbyggjum. Tvær ættir eru þá aðallega í sviðsljósi. Annars vegar eru Þórsnesingar, afkomendur Þórólfs Mostrarskeggs.¹ Hin aðalættin eru afkomendur Björns austræna. Þeir voru kallaðir Kjalleklingar eftir Kjallaki gamla, syni Björns. Þeir bjuggu í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi og á Fellsströnd í Dölum. Miklir vinir voru Björn austræni og Þórólfur Mostrarskegg en er þeir féllu frá risu deilur milli niðja þeirra.

Aðrar helstu ættir á norðanverðu Snæfellsnesi voru tvær í Álftafirði, niðjar Þorbrands á Kársstöðum og ætt Þórólfs bægifótar. Má kalla Máhlíðingapátt hluta af sögu Álftfirðinga því að þeir voru þaðan ættaðir.

Loks voru hinir eiginlegu Eyrbyggjar sem bjuggu hér í nánd. Hallbjarnareyri er næst hinum forna bústað Eyrbyggja. En þeir reistu bæ utar á nesinu og hét þar Öndverðareyri. Öndverð eyri er auðvitað framarlega í firði. Hér á Snæfellsnesi eru Öndverðareyri og Öndverðarnes, en í Skotlandi, þar sem okkar norræna mál var talað lengi, heitir borg Inverness, það er innvert nes (nes í innanverðum firði).

Saga Þórsnesinga, Eyrbyggja og Álftfirðinga skiptist í inngang þar sem er skýrt frá landnámsmönnum. Aðalefni eru deilur Snorra við Álftfirðingana Arnkel goða og Þórólf bægifót. Eins eru deilur Snorra og fóstbræðra hans í Álftafirði frá Kársstöðum við Eyrbyggja og Breiðvíkinga. Eyrbyggjar og Breið-

víkingar eru yfirleitt alltaf bandamenn eins og kemur fram hér á eftir. Þetta er mjög margslungið efni, en höfundi Eyrbyggju er valdatafl höfðingja hugstæðast.

Ekkert segir í Eyrbyggju um íbúa undir Jökli en um fólk þar eru tvær sögur, Víglundarsaga og Bárðar saga Snæfellsáss.

Helstu aðrar sögur af Snæfellsnesi eru hluti Laxdælu, Eiríks saga rauða og Grænlandingasaga. Þær síðastnefndu eru að vísu ekki nema að litlu leyti Íslendingasögur. Þær gerast að mestu leyti í Grænlandi og Vínlandi, en eru þó alltaf flokkaðar með Íslendingasögum. Heiðarvígasaga og Grettissaga geyma ýmislegt efni úr sveitum hér.²

II

Nú ætla ég að ræða þátt Eyrbyggja í sögunni. Þegar sagt er frá landnámi virðist hlutur Eyrbyggja rýrari en annarra helstu ætta er setjast hér að, ef til vill vegna þess að þeir hafa ekki þótt eins ættignir og Þórsnesingar og Kjalleklingar. Björn austræni í Bjarnarhöfn var einn af sonum Ketils flatnefs og systkini hans voru Auður djúpúðga, Þórunn hyrna, kona Helga magra, Jórunn í Kirkjubæ og Helgi bjóla. Auður var stórgáfuð kona. Hún var þess vegna kölluð hin djúpúðga.³

Um Eyrbyggja segir fyrst: „Vestarr hét maður sonur Þórólfs blöðruskalla. Hann kom til Íslands með föður sinn gamlan og nam land fyrir utan Urthvalafjörð og bjó á Öndverðareyri. Hans sonur var Ásgeir á Eyri.“ Urthvalafjörður heitir nú Kolgrafafjörður. Urthvalur er kvenhvalur og Urthvalafjörður bendir til að þar hafi verið hvalalátur. Eyrin sem gengur lengst og næst sjó er Öndverðareyri. Frá gamla bænum á Öndverðareyri sést yfir í Helgafell.

Hvers vegna skyldu Eyrbyggjar hafa numið land þar? Það var mjög hagkvæmt. Ef þetta var ekki mikil ætt var skynsamlegt að setjast að á tiltölulega einangruðum stað, ekki í þjóðbraut á landi. Samgöngur voru aðallega á sjó. Eyrbyggjar bjuggu á frábærum stað með hliðsjón af því.

Þeir voru tiltölulega öruggir gagnvart óeirðamönnum úr landi sem áttu ekkert erindi þarna út á eyrina en voru í góðum samgöngum við sjó. Svo er lífsbjörgin. Þarna er matarkista. Eyrbyggjar hafa ekki lifað eingöngu af landbúnaði. Þarna er selur, fugl, æðarvarp og fiskur. Eyrbyggjar bjuggu við góðan kost á Öndverðareyri.

Þetta er skynsamlegur bústaður miðað við atvinnuhætti og lífskjör á þeim

tíma sem þessir menn lifa. Af þessum sökum drógust Eyrbyggjar tiltölulega seint inn í ófrið á nesinu og smáatvik ollu að þeir lentu í deilum. Oft er í Íslendingasögum að upptök ófriðar eru deilur um beit eða einhver slík smámál sem koma upp á milli bænda sem búa nálægt hver öðrum.

Nefnum nú efnisatriði þar sem Eyrbyggjar eru þátttakendur í atburðarrás. Eyrbyggjar dragast fyrst inn í deilur varðandi þingstaðinn. Þórólfur Mostrarskegg setti þing á Þórsnesi því sem nú er kallað Jónsnes. Þórsnes kallast nú nesið allt norðan eiðis milli Hofstaðavogs og Vigrarfjarðar. Þórsnesingar töldu þingstaðinn helga jörð þar sem enginn mætti ganga örna sinna. Þeirra erinda skyldu menn ganga út á svonefnt Dritsker. Kjalleklingar og Ásgeir á Eyri undu þessu ekki. Kvöld eitt hugðust þeir sinna þessum líkamsþörfum „á grasi þótt þeir (Þórsnesingar) væru svo stoltz (stoltir), að þeir gerðu lönd sín helgari en aðrar jarðir í Breiðafirði“; lýstu þeir þá yfir því, „að þeir myndi eigi troða skó til að ganga þar í útsker til álfreka. En er Þorsteinn þorskabítur varð þessa varr, vildi hann eigi þola, að þeir saurguðu þann völl, er Þórólfur, faðir hans, hafði tignað umfram aðra staði í sinni landareign.“ (9. kafli.) Varð þá bardagi og féllu menn úr báðum liðssveitum áður en þeir voru skildir.

En Þorsteinn þorskabítur setti að skilyrði að Kjalleklingar skyldu ekki saurga völlinn nú fremur en fyrr. Báðir töldu þá andstæðinga sína fallna óhelga sem dauðir voru. Þórður gellir í Hvammi var fenginn til sáttargjörðar. Hann var námágur Þórsnesinga og frændi Kjalleklinga. Þórður gellir var upphafsmaður fjórðungsþinga og stórvitur maður. Hann er griðungurinn í skjaldarmerki okkar og fulltrúi Vestlendinga og Vestfirðinga. Þórður fann ákaflega merkilega sáttargerð. Sagði upphaf gerðar að teljast skuli happ að halda lífi, engin víg skuli bæta en völlurinn í Þórsnesi sé spillt af heiftarblóði. Þess vegna skuli þingstaðurinn færður þangað sem hann var er sagan var skrifuð, skammt frá Stykkishólmi. Þá áskilur hann að Þorgrímur í Bjarnarhöfn skyldi halda uppi hofinu að helmingi á móti Þorsteini þorskabít sem táknar að Þorgrímur verður goði og valdamaður. Hann ber af því mikinn kostnað og er skyldugur til þess að styrkja Þórsnesinga. Í dómhringnum stendur Þórssteinn er þeir menn voru brotnir um sem til blóta voru hafðir og sér enn blóðslettur á steininum, segir sagan. Mannblót voru í Svíþjóð en þetta er eina frásögnin um slíkt hér og er hún ekki trúverðug. Svíar iðkuðu það þannig að kæmi óáran eitt sumar var blótað þraeli eða þraelum og hlutað til um hverjir yrðu drepnir.

Endurtækist óáran annað sumar voru teknir bændur. En þriðja sumarið var kóngurinn tekinn. Þá var talið að guðirnir væru honum óvinveittir. Í deilum af þingstaðnum voru Eyrbyggjar í aukahlutverki.

Næst kemur kynning á Eyrbyggjum. Hún er skemmtileg. Þá er sagt: „Sonur Ásgeirs á Eyri hét Þorlákur. Hann átti Þuríði dóttur Auðunar stota í Hraunfirði.“ Ekki er fleira sagt frá þeirri ætt en ekki hefur verið langt á milli bústaða þeirra. Þeirra börn eru Steinþór á Eyri, einn af burðarásam í sögunni, Bergþór, Þormóður, Þórður blígur og Helga. Það flækir deilur að Þormóður á konu úr Álftafirði og er því mágur Álftfirðinga en Þórður blígur flytur í Breiðuvík og er venjulega talinn með Breiðvíkingum. Helga verður alsaklaus orsök deilna.

Steinþór var fremstur barna Þorláks. Hann var mikill maður og sterkur og manna vopnfimastur, hinn mesti atgervismaður. Hógvær var hann hversdagslega. Steinþór var til þess tekinn að hann var þriðji maður er hafi verið best vígur á Íslandi með þeim Helga Droplaugarsyni og Vémundi kögur. Þetta er athyglisvert. Eyrbyggja er skrifuð á undan Njálu. Þess vegna er ekki nefndur Gunnar á Hlíðarenda.

Þetta er eitt af þeim atriðum sem notað er til þess að ákvarða ritunartíma Eyrbyggju. Njála er skrifuð um 1290.

Þormóður var vitur maður og stilltur vel. Hann var mjög hlýðinn bræðrum sínum. Þórður blígur var ákafamaður og örordur og þess vegna deiluvaldur mikill. Bergþór var yngstur en þó hinn efnilegasti. Hann var drepinn í bardaga í Vigrafirði. Þessi kynning á Eyrbyggjum er lykill að ýmsu sem gerist.

Eyrbyggja er næst getið þegar kemur á Snæfellsnes skip frá útlöndum og stendur það sumar í Salteyrarósi. Áttu hálftr norrænir menn. Hét Björn stýrimaður þeirra. Hann fór til vistar að Eyri til Steinþórs. Þessir norrænu menn tóku ekki þátt í neinum ófriði og komu því lítið við sögu. Hálftr skipið áttu Suðureyjarnir og hét Álfgeir stýrimaður þeirra. Hann fór til vistar í Mávahlíð til Þórarins svarta og félagi hans með honum sem Nagli hét, mikill maður og fóthvatur. Síðan kemur saga um hvernig þessir Suðureyjarnir dragast inn í deilu þar sem Þórarinn í Mávahlíð er kennt um hrossþjófnað.

Þau atriði sem til þessa hafa fjallað um Eyrbyggja virðast léttvæg.

Svo fara að þyngjast mál. Þá kemur til sögu Þóroddur, kallaður skattkaupandi.⁴ Þóroddur kvænist Þuríði á Fróðá. Þá fer Björn Breiðvíkingakappi öðru sinni að

venja komur sínar að Fróðá og fíflingar verða með Þuríði og Birni. Þóroddur tekur því illa. Eyrbyggjar blandast inn í þær deilur. Synir Þorláks á Eyri veitast að Breiðvíkingum þegar tveir menn frá Þóroddi ætla að drepa Björn en falla sjálfir. Málaferli verða og standa Eyrbyggjar með Breiðvíkingum. Þá koma í ljós tengsl, einhver skyldleiki á milli sem ekki er skýrður í sögunni. Eyrbyggjar eru þó enn í aukahlutverki, því að deilan verður á milli Breiðvíkinga annars vegar og Þórodds og Snorra goða hins vegar, því að Snorri goði var hálfbróðir Þuríðar á Fróðá.

Næst kemur örlagaríkt deiluefni. Þorleifur kimbi í Álftafirði biður Helgu með stuðningi Þormóðs bróður síns sem var kvæntur Þorgerði Þorbrandsdóttur, systur Þorleifs kimba. Hann vill meiri tengsl milli Álftfirðinga og Eyrbyggja. Steinþór hikar og minnst fyrri deilna milli Þorleifs kimba og Arnbjörns, bróður Björns Breiðvíkingakappa í Noregi. Þorleifur var að matbúa fyrir félagá sína. Þá kom inn í búðina Arnbjörn, og vill fá lánaðan ketil. Deilum um ketilinn milli Þorleifs og Arnbjörns lauk með því að Arnbjörn sem hélt á þvöru/sleif laust Þorleif á hálsinn og brenndist Þorleifur.

Þorleifur hótar að hefna sín á Breiðvíkingum. Þetta er önnur orsök deilna og hin er þegar Þorleifur bað Helgu frá Eyri og Steinþór synjaði að ráði Þórðar blígs bróður síns sem búsettur var í Breiðuvíkinni. Þessi atvik eiga eftir að draga mikinn dilk á eftir sér en þegar menn lesa söguna taka þeir lítið eftir þessu. Steinþór hafnaði eftir að hafa ráðgast við Þórð blíg og sem segir: „Ég má hér verða skörungur og er þér að segja Þorleifur að fyrr skulu grónir grautardílarnir á hálsi þér, þeir er þú brant þá er þú varst barður fyrir þrem vetrum í Noregi að ég myni gifta þér systur mína. Þorleifur svarar: Eigi veit ég hver þar verður um „... en hvort þess verður hefnt eða eigi þá myndi, ég það vilja að eigi liðu þrír vetur áður þú verðir barður.“ Og Þórður svarar: „Óhræddur sit ég fyrir hótum þeim.“

Morguninn eftir höfðu þeir torfleik. Hann hefur verið líkur snjókast. Þar ganga þeir hjá Þorlákssynir. Þá „fló sandtorfa ein mikil og kom undir hnakka Þórði blíg. Var það högg svo mikið að fótunum kastaði fram yfir höfuðið en er hann stóð upp sá hann að Þorbrandssynir hlógu að honum mjög. Snéru Þorlákssynir þá þegar eftir og brugðu vopnum.“ Þeir börðust, „urðu nokkrir menn sárir en engir létust.“ (41. kafli.)

Steinþór hafði ekki við verið. Hafði hann talað við Snorra goða. En er þeir

voru skildir varð sætt að þeir Snorri og Steinþór skyldu gera um; var þá jafnað sárum manna og frumhlaupum. (Frumhlaup er árás gerð að óvörum.) Var bættur skaði sem á milli bar. „Vorur þá allir kallaðir sáttir er heim riðu.“

Ómerkilegur er fyrsti bardagi á milli Álftfirðinga og Eyrbyggja. Tilfnið er að kastað er sandtorfu í hnacka á Þórði blíg og þarna er gott dæmi um hvernig smámunir verða að deiluefni en atburðir á eftir miklu alvarlegri.

Glöggur lestur upplýsir mikla reiði Þorleifs. Í Íslendingasögunum gleymast ekki svona atriði. Menn eru langræknir.

Þessa þurftu því Þorbrandssynir að hefna.

Þorbrandur bóndi í Álftafirði átti þræl sem Egill hét. Hann var manna mestur og sterkastur og þótti ill ævi sín, er hann var ánauðugur. Hann bað oft Þorbrand og sonu hans að þeir gæfu honum frelsi og bauð þar til að vinna slíkt sem hann mætti.

Sá var siður Breiðfirðinga á haustum að hafa knattleika um vetrarnáttaskeið undir Öxlinni suður frá Knerri. Þar heita síðan Leikskálavellir. Þangað sóttu menn um alla sveit. Voru flestir yngri menn að leikum en Þórður blígur mátti ekki vera fyrir kapps sakir. Þeir bræður Björn og Arnbjörn þóttu ekki hæfir fyrir afls sakir nema þeir lékust við sjálfir. Þorbrandssynir ræddu við Egil þræl sinn að hann færi til leikanna og dræpi nokkurn af Breiðvíkingum, Björn, Þórð eða Arnbjörn. Geti hann það skuli hann hafa frelsi. Sumra sögn er að þetta hafi verið gert með ráðum Snorra goða. Hann sagði fyrir um hvernig Egill skyldi leynast inn í skálann og leita þaðan til áverka við menn.

Í skarði upp frá Leikskálum leyndist hann um daginn. Þórður blígur mælti: „Það veit ég eigi hvað þar ég sé uppi í skarði, hvort þar er fugl eða leynist þar maður og kemur upp stundum, kvikt er það og þykir mér ráð að forvitnast. En það varð eigi. Hlutu búðarvörð Björn Breiðvíkingakappi og Þórður blígur og skyldi Björn gera eld en Þórður taka vatn.“

Þegar eldurinn var kveiktur stefndi Egill til skálans. Hafði losnað skópvengur. Egill vildi stíga yfir þröskuldinn en steig á þvengjaskúfinn. Féll hann á gólfið og varð mikill dynkur. Þórður greip hann og vildi höggva. Björn bað hann ekki höggva strax manninn. „Viljum við áður hafa af honum sannar sögur.“ Hann var fjöttraður og sagði frá. Morguninn eftir var hann leiddur upp í skarðið og drepinn þar. Það heitir Egilsskarð.

Lög voru í þann tíma ef maður drap þræl „að sá skyldi færa heim þrælsgjöld

og hefja ferð sína fyrir hina þriðju sólu eftir víg þrælsins.“ Væru þrælsgjöld ekki færð var þetta sakamál.

Breiðvíkingar ákváðu að fara með þrælsgjöldin í Álftafjörð. Þeir riðu fyrst norður yfir og gistu þeir á Eyri hjá Steinþóri. Hann réðst til ferðar með þeim. Þá voru þeir orðnir sex tugir manna. Voru svo aðra nótt á Bakka að Þormóðar, bróður Steinþórs. Kvöddu þá Styr og Vermund frændur sína til ferðar og voru þá saman átta tugir manna.

Njósnamaður var sendur til Helgafells til þess að vita hvað Snorri tæki til ráða er hann spurði liðsafnaðinn. Er sendimaðurinn kom til baka sagði hann þar enga breytni á hýbýlum. „Steinþór svarar. Þess var von að Snorri myndi þola mönnum lög og ef hann fer ekki inn til Álftafjarðar þá sé ég ekki til hvers við þurfum liðsfjölda þennan, því að ég vil að menn fari spaklega, þó að við höldum málum vorum til laga; sýnist mér ráð Þórður frændi að þið Breiðvíkingar séuð hér eftir því að það mun minnst til þurfa að í komi með ykkur Þorbrandssonum. Þórður svarar: Það er víst að ég skal fara og skal Þorleifur kimbi ekki því eiga að spotta að ég þori ekki að færa þrælsgjöld. Þá mælti Steinþór til þeirra bræðra Bjarnar og Arnbjarnar. Það vil ég að þið séuð eftir með tuttugu menn.“

Björn segist ekki keppa til fylgdar en hann hafi aldrei verið gerður liðrækur „Hygg ég að yður verði Snorri goði djúpsær í ráðunum. En það er hugboð mitt að þar komi í þessi ferð að þér þyki þínir menn ekki ofmargir.“ Steinþór sagðist ætla að ráða. Og eftir stefndu þeir inn á Úlfarsfellsháls.

En þegar sendimaður var farinn frá Helgafelli brá Snorri við, fór með nær fimm tugi manna og kom fyrir á Kársstaði en þeir Steinþór. Þegar menn sjá ferð þeirra Steinþórs mæltu Þorbrandssynir að þeir skyldu fara í móti þeim og láta þá eigi komast í túnið. Þá sagði Snorri goði. „Eigi skal þeim verja bæinn og skal Steinþór ná lögum því hann mun viturlega og spaklega fara með sínu máli. Vil ég að allir menn séu inni og kastist engum orðum á svo að af því aukist vandræði.“ (44. kafli)

Þeir Steinþór riðu að dyrum. Steinþór festi á hurðarklofann sjóð sem í voru tólf aurar silfurs og nefndi votta að þrælsgjöld voru að lögum færð.

„Hurðin var opin en heimakona var ein í dyrunum og heyrði vottnefnuna.“ Hún segir: „Það er bæði að hann Steinþór af Eyri er drengilegur enda mæltist honum vel þegar hann færði þrælsgjöldin“. (44. kafli)

Er Þorleifur kimbi heyrði þetta hljóp hann fram og sá að Þórður blígur stóð fyrir dyrum, lagði til hans og varð af mikið axlarsár. Hófst þá bardagi. Steinþór var hinn ákafasti. Snorri goði vildi stöðva vandræði, bað Steinþór ríða brott af túninu og kvaðst eigi mundi eftir fara og fór Steinþór.

Þegar Snorri goði gekk heim stóð þar fyrir honum Þóroddur sonur hans og hafði mikið sár á öxlinni. Hann var tólf vetra. „Snorri spurði hver hann hefði særðan. Steinþór af Eyri sagði hann. Þorleifur kimbi svarar: Nú launaði hann þér maklega að þú vildir eigi láta eftir honum fara; er það nú mitt ráð að við skiljum eigi við þetta. Svo skal og nú vera segir Snorri og vér skulum við eigast fleira.“ Hinir voru komnir upp í skriðuna Geirvör sem er vestan megin í dalbotninum, mjög grýtt. Búast Steinþórs menn þar fyrir því að vígið var gott fyrir grjóts sakir.

„En er flokkurinn Snorra gekk neðan skriðuna þá skaut Steinþór spjóti að fornum sið til heilla sér yfir flokk Snorra en spjótið leitaði sér staðar og varð fyrir Már Hallvarðsson, frændi Snorra og varð hann þegar óvígur. Og er þetta var sagt Snorra goða þá svarar hann: „Gott er að það sannast að það er ekki jafnan best að ganga síðast.““

Steinþór var í öndverðum flokki. Styrr Þorgrímsson sótti hart fram með Steinþóri frænda sínum og drap mann úr flokki Snorra. „Er Snorri goði sá það mælti hann til Styrrs: „Svo hefnir þú Þórodds dóttursonar þíns er Steinþór hefur særðan til ólífis og ertu eigi meðalníðingur.“ Styrr svarar: „Þetta fæ ég skjótt bætt þér.“ Skipti hann þá um sínum skildi og gekk í lið með Snorra goða og drap annan mann úr liði Steinþórs.“ (44. kafli)

Feðgar úr Langadal, Áslákur og Illugi hinn rammi leituðu meðalgöngu og höfðu þrjá tugi manna. Gekk þá Vermundur hinn mjóvi í lið með þeim, bróðir Styrs. Þá stöðvast manndráp og Snorri bað Eyrbyggja ganga til griða. Steinþór bað Snorra rétta fram höndina. Svo gerði hann. Þá reiddi Steinþór upp sverðið og hjó á hönd Snorra goða. En Snorri særðist ekki. Varð við það brestur mikill. Kom höggið í stallahringinn. (Hringur er það sem við köllum nú armband. En hringur sem við köllum heitir fingurgull. Stallahringur var notaður við helgiathafnir.) Þá sagði Þóroddur Þorbrandsson sem seinna varð bóndi á Kársstöðum: „Engin grið vilja þeir halda og léttum nú eigi fyrr en drepnir eru allir Þorlákssynir.“ Þá svarar Snorri goði: „Agasamt mun þá verða í héraðinu ef allir Þorlákssynir eru drepnir og skulu haldast grið ef

Steinþór vill eftir því sem áður var mælt. Þá báðu allir Steinþór taka griðin. Fór þetta þá fram.“

Breiðvíkingar fréttu að Snorri goði hafi farið með fjölmenni til Álftafjarðar. Þá tóku þeir hesta sína og riðu á eftir Steinþóri og voru á Úlfarsfellshálsi þegar bardaginn var í skriðunum. Gott er að sjá fyrir sér hvað gerðist. Er Steinþór játaði griðum sneri hann baki í Björn Breiðvíkingakappa. „Er sumra manna sögn að Snorri sæi þá Björn á hálsbrúninni og væri því svo auðveldur í griðasölnunni við Steinþór.“

Þegar Björn kom vildi hann hefja bardaga að nýju, en Steinþór svarar: „Halda vil ég grið mín við Snorra goða hversu sem mál okkar Snorra skipast síðar.“ Eftir það riðu allir til sinna heimkynna en Þórður blígur lá eftir í sárum á Eyri. Í þessum bardaga í Álftafirði, féllu fimm menn af Steinþóri en tveir af Snorra goða. Og margir særðust. Þess vegna voru ýmsir í hefndarhug þó að grið hafi verið sett á.

Á þessum tíma gengu skip á milli Orkneyja og Suðureyja annars vegar og Dögurðarness í Dölum hins vegar. Steinþór á Eyri keypti teinæring góðan við skip. Hann hugðist fara með það heim en þá kom „vestanveður mikið og sveif þá inn um Þórsnesið og lentu í Þingskálanesi.“ Þar heitir Sauranes nú. Þeir Steinþór settu þar upp skipið í Gruflunaust, gengu þaðan út yfir ásana til Bakka en fóru þaðan á skipi heim.

Er Steinþór vildi sækja skipið var Hofstaðavogur ísilagður mjög svo að Staðarbakka. Gengu þeir inn eftir ísnum svo yfir eið til Vigrafjarðar. Honum er svo háttað að hann er um fjöru þurr og leggst ís á leirar. Sker á firðinum stóðu upp úr ísnum. Var brotinn mjög ísinn um skerið og jakar hallir út af skerinu. Eyrbyggjar drógu skipið úr nausti en tóku árar og þiljur og lögðu eftir og svo klæði og vopn. Drógu þeir skipið inn eftir firðinum, út yfir eiðið til Hofstaðarvogs og allt út að skörinni. Síðan gengu þeir aftur yfir til Hofstaðarvogs og inn á Vigrafjörð og ætluðu að sækja árarnar, föt sín og vopnin. Þá sáu þeir að sex menn gengu innan úr Þingskálanesi og fóru mikinn eftir ísnum og stefndu til Helgafells. Voru þetta Þorbrandssynir að heimsækja Snorra goða. Er Þorbrandssynir sáu menn koma hlaupandi héldu þeir að Eyrbyggjar hygðust ráðast á þá. Báðir hópar voru tortryggir og ætluðu hinum illt. Komust Þorbrandssynir í skerið. En er þeir Steinþór hlupu fram um skerið, skaut Þorleifur kimbí spjóti í flokk þeirra og kom á Bergþór Þorláksson. Varð hann óvígur,

gekk inn á ísinn og lagðist þar niður en þeir Steinþór sóttu að skerinu. Vopnaskiptum er nákvæmlega lýst en lok urðu að til jarðar féllu allir Þorbrandssynir, særðir en ekki dauðir.

Þá vildi Þórður blígur ganga á milli bols og höfuðs öllum Þorbrandssonum en Steinþór kvaðst ekki vilja vega að liggjandi mönnum. Þeir gengu þangað sem Bergþór lá. Hann var málhress og þeir fluttu hann með sér eftir ísnum til skipsins og réru síðan til Bakka um kvöldið.

Í Vigrarfjarðarbardaga börðust Þorleifur og Þórður blígur, aðalóvinirnir.

Þar kom fram hreysti Steinþórs og drengskapur. Einnig er lýst skynsemi Snorra goða. Sauðamaður sagði Snorra goða frá bardaganum. Snorri tók vopn sín og fór með mönnum sínum, níu saman. Þegar þeir komu var Steinþór í brottu. Snorri skoðaði sár manna. Þar voru engir menn látnir nema Freysteinn bófi. En allir voru sárir til ólífis sem þýðir að þeir deyi af sárum sínum ef ekki kemur til lækning.

Þorleifur kimbi bað Snorra goða að fara eftir þeim Steinþóri og láta engan þeirra undan komast. En Snorri gekk að blóðfleknum þar sem Bergþór hafði legið, tók blóðið og snjó, stakk í munn sér og spurði hverjum þar hefði blætt. Þorleifur sagði að Bergþóri hafi blætt. Snorri sagði þá að það væri holblóð, feigs manns blóð „og munum við ekki eftir fara“. Hann lét færa Þorbrandssyni heim til Helgafells.

Snorri sá að Þóroddur Þorbrandsson hafði mikið sár aftan á hálsinum og hélt eigi höfði. Hann var í leistabrókum. Þegar átti að draga þær af honum varð ekki brókunum af honum komið. Þá sagði sá er það reyndi: „Ekki er það logið af yður Þorbrandssonum, eruð þér sundurgerðarmenn miklir að þér hafið klæði svo þröng að eigi verði af yður komið.“ Þóroddur mælti: „Vantekið mun á vera.“ Eftir það spyrnti sá öðrum fæti í stokkinn og togaði af öllu afli og gekk ekki af brókin. Þá gekk til Snorri goði og þreifaði um fótinn, fann að spjót stóð í gegnum fótinn milli hásinarinnar og fótleggsins og hafði níst allt saman, fótinn og brókina.

Snorri Þorbrandsson var hressastur þeirra bræðra en gat ekki borðað. Snorri goði þreifaði um kverkar og fann að ör stóð um þverar kverkarnar. Hann tók spennitöng og kippti út örinni. Eftir það mataðist nafni hans. Er háls Þórodds tók að gróa stóð höfuðið skakkt á bolnum. Þá sagði Þóroddur að Snorri vildi græða hann að örkuclamanni. Snorri goði kvaðst ætla að hann myndi upp

hefja höfuðið þá er sinarnar knýttust. En Þóroddur vildi eigi annað en aftur væri rífið sárið og sett höfuðið rétt.

En rétt reyndist sem Snorri sagði. Þegar greri aftur seig höfuðið fram. Alla tíð síðan varð Þóroddur lútur að ganga en Þorleifur kimbi gekk síðan með tréfót. Læknar segja að frásögn þessi sé mjög raunsönn.

En af Eyrbyggjum segir að þeir bræður gengu til bæjar að Bakka. Tjaldað var yfir Bergþór. Ekki vildi Þorgerður húsfreyja fara í rekkju um kvöldið hjá Þormóði bónda sínum fyrr en kom maður neðan frá naustinu og sagði að Bergþór væri látinn. Er þetta spurðist fór húsfreyja í rekkju sína. Er þess eigi getið að þeim hjónum yrði þetta síðan að sundurþykkju.

Þá er komið að sættinni. Góðgjörnum mönnum þótti vont í efni komið að þeir menn skyldu missáttir vera og deilur við eigast er þar voru göfgastir í sveit. Völdust hinir bestu menn, vinir hvorra tveggju, að leita um sættir. Voru um síðir grið sett og mál öll sett í dóm Vermundar hins mjóva. Hést sú sátt er hann kvað upp vel á meðan þeir lifðu báðir Steinþór og Snorri goði.

Er nú frá sagt hinu helsta frá Eyrbyggjum í sögunni uns lýst er hvernig Snorri goði tryggði frið á Snæfellsnesi með mægðum milli valdaætta.

Er Snorri tók að eldast uxu vinsældir hans. Bætti um að hann batt tengdir við mestu stórmenni í Breiðafirði. Hann gifti Sigríði dóttur sína Brandi hinum örva Vermundarsyni. Þuríði hina spöku Snorradóttur átti Gunnlaugur sonur Steinþórs á Eyri.

Tilvísanir

¹ Þórolfur var frá eyju í Noregi sem heitir Mostur. Í sögunni er sagt að hann taki nafn af miklu skeggi sem hann bar, en ég held að viðurnefnið eigi að skýra með öðrum hætti. Menn frá eyjum eru kallaðir eyjaskeggjar. Þórolfur var frá Mostri og ég tel að hann sé kenndur við eyjuna sína.

² Margar Íslendingasögur eru vaxnar upp af skauti kirkjunnar og munkar hafa samið þær margar. Kirkjuleg áhrif eru miklu víðtækari en menn taka yfirleitt eftir. Í Njálu er fyrirgefningin rauður þráður. Hún hefst þegar Hrútur Herjólfsson fyrirgefur strákum sem skopast að honum. Í sögulok þegar Kári strandar við Ingólfshöfða og fer vopnlaus á fund Flosa verða heilar sættir. Þá er unnt að ljúka Brennunjalssögu. Fjögur klaustur eru aðallega tengd fornri ritmenningu: Þingeyrarklaustur, Þykkvabæjarklaustur, Viðeyjarklaustur og Helgafellsklaustur. Þar hefur líklega verið mest bókasafn á landinu á kaþólskum tíma og margar sögur samdar. Þessu fræga bókasafni var því

miður tortímt. Eftir siðaskipti kom lúterskur prestur að Helgafelli sem Sigurður hét Jónsson. Hann lét brenna bækurnar. Sr. Sigurður fór eitt sinn í róður út á vatnið ásamt tveim vinnukonum. Bátinum hvolfdi. Þær komust af en hann drukknaði.

³(Úð þýðir hugur og kemur fram í orðum eins og samúð, andúð, ástúð, harðýðgi, grimnýðgi. Grunnhygginn maður er grunnúðugur. Djúpúðugur tákna djúpvitur. En systir Auðar, Jórunn á Kirkjubæjarklausti, hefur þótt heimsk og þess vegna kölluð í háðsskyni mannvitsbrekka.)

⁴Það var óvenjulegt viðurnefni. Hann hafði verið hjá Sigurði Hlökkverssýni í Orkneyjum sem nefndur er í mörgum Íslendingasögum. Þegar Þóroddur var á siglingu við Írland komu þeir að eyju og þar höfðu kaupmenn strandað. Þeir hétu á Þórodd að hjálpa sér og buðu þeir honum fé til að hann flytti þá heim til Orkneyja. Þóroddur þóttist eigi mega gera það því að hann var búinn til Íslandsferðar en þeir borguðu honum fyrir að fara með þá til Orkneyja en tók féð af skatti sem þeir höfðu tekið við og var skattur sem Írar greiddu Orkneyjarfólki. Því er sagt að Þóroddur kaupi skattinn sem eru björgunarlaun.

Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur

Öndverðareyri

Öndverðareyri er talin hafa verið ein helsta jörð Eyrarsveitar að fornu, enda dregur sveitin nafn sitt af henni. Þar bjuggu Eyrbyggjar, sem ein Íslendinga-sagnanna, Eyrbyggja saga, segir frá. Sagan, sem er héraðs- og fjölskyldusaga, spannar á annað hundrað ár, allt frá landnámi til 11. aldar, og fjallar um átök Eyrbyggja, Þórsnesinga og Álftfirðinga um eignir, völd og ást.

Staðurinn er í daglegu tali kallaður Öndverðareyri, þó hann hafi ekki borið það nafn allt frá upphafi. Í fyrstunni bar bæjarstæðið nafnið Eyri, síðar Önd-



Öndverðareyri. Hluti gróðurkorts frá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.

verðareyri og loks Tóftir, eftir að bærinn var fluttur að Hallbjarnareyri. Í dag má greina hátt í 30 húsarústir og minjar um búskap til lands og sjávar á eyrinni, allt frá landnámi til 20. aldar. Reikna má með að margar af áþreifanlegum minjum Eyrarbæjarins séu nú sokknar í jörðu vegna þessa langa búsetutíma. Þær sem enn sjást þar á yfirborðinu eru flestar fallnar saman og breyta sífellt um lögun. Rústirnar voru friðlýstar árið 1927 af þáverandi þjóðminjaverði, Matthíasi Þórðarsyni.


Efnt hefur verið til mannamóta á Öndverðareyri, ekki síður nú í seinni tíð en fyrrum þegar byggð þar var í blóma. Áður fyrr þurfti eyrin engra skýringa við, byggingarnar og mannlífið í kringum þær sögðu það sem segja þurfti. Nú þegar þögnin ræður ríkjum á staðnum þótti rétt að rifja upp sögu hans í máli og myndum til handa þeim er sækja eyrina heim. Ákveðið var að gera bílastæði og setja upp skilti á staðnum þar sem hægt er að staldra við og kynna sér sögu eyrarinnar.

Skiltið er komið á sinn stað og þar er eftirfarandi texta að finna í stytta formi. Rústir svæðisins eru þar merktar inn sem tímatengd svæði, því óvíst er hvernig raunverulegt útlit þeirra var. Fornleifauppgröftur gæti skorið nákvæmar úr um hvernig umhorfs var á eyrinni á hverju tímaskeiði fyrir sig en að þessu sinni látum við hið ritaða mál, munnlega sagnageymd og augað ráða ferðinni. Hönnun skiltis og bílastæðis var í höndum Erlu B. Kristjánsdóttur, landslagsarkitekts á Teiknistofunni Eik í Grundarfirði og skiltagerðarinnar Merkingar í Reykjavík en höfundur þessarar greinar sá um gerð texta.

Víkingaaldarbyggð; byggðin á eyrinni á 9.–10. öld

Fyrst manna til að byggja Öndverðareyri, eyrina í öndverðum Kolgrafafirði, voru landnámsmaðurinn Vestarr og kona hans Svana Herraudsdóttir. Með honum kom til Íslands háaldraður faðir hans, Þórólfur blöðruskalli. Vestarr nefndi bæ sinn Eyri.¹ Afkomendur þeirra hjóna urðu margir. Þeir voru kenndir við þennan stað og nefndir Eyrbyggjar.

Íbúðarhús fólks á víkingaöld voru kallaðir skálar. Skálarnir voru aflangar byggingar, gerðar úr torfi og grjóti. Í skálunum var eldað, matast, unnið og sofíð. Venja var að búr væri í öðrum enda byggingarinnar sem ekki var hólfuð niður að öðru leyti. Á flestum bæjum voru smíðjur og geymslur í sérbygging-



Hugsanlegt útlit víkingaaldarskála á Öndverðareyri.

um auk útihúsa fyrir búfénað, eins og síðar var einnig. Byggingarnar voru hitaðar upp með opnu eldstæði, svokölluðum langeldi, fyrir miðju innandyra.

Greina má rústir þriggja skála auk fleiri bygginga frá tímum Vestarrs syðst á bæjarstæði eyrarinnar. Reikna má með að afkomendur hans hafi endurbyggt, bætt og hugsanlega stækkað byggingar bæjarins þegar þeir tóku við búinu. Rúst stærsta skálans mælist núna um 30 metrar að lengd en aðrar byggingar, sem enn má greina á yfirborði jarðar, eru minni.

Sagan segir að Vestarr hafi látið heygja sig, og föður sinn einnig, að heiðnum sið á Skallanesi² en líklega eru heiðnir afkomendur hans greftraðir einhvers staðar á eyrinni, nærri skálanum, samkvæmt venju þessa heiðna tíma. Grafir úr heiðnum sið kallast venjulega kuml. Þau láta yfirleitt lítið yfir sér á yfirborðinu og því erfitt að bera kennsl á þau. Nokkrum metrum austur af skálarústinni er lítill haugur sem í gæti hvílt einhver afkomenda Vestarrs og Svönu. Kuml annarra ábúenda á Öndverðareyri gætu verið horfin í jörðu, svo og trúlega einhverjar bygginga þeirra.

Steinþór Þorláksson er talinn vera þekktastur afkomenda Vestarrs og Svönu. Hann kvæntist Þuríði, dóttur Þorgils Arasonar.³ Steinþór var uppi á síðari hluta 10. aldar og fyrri hluta þeirrar 11. og hefur því lifað lögtöku kristinnar trúar á Alþingi árið 1000. Í Eyrbyggju er Steinþór sagður vera mikill maður og sterkur. Hann þótti vopnfimur mjög, hinn mesti atgervismaður og hógvær hversdagslega.

Í 45. kafla er Steinþóri lýst í verki þegar hann og bræður hans, Bergþór og Þórður, lenda í útistöðum við syni Þorbrands í Álftafirði: *Steinþór hljóp til ok brá skildi yfir Þórð, er Þorleifr vildi höggva hann, en annarri hendi hjó hann til Þorleifs kimba ok undan honum fótinn fyrir neðan hné. En er þetta var tíðenda, þá lagði Freysteinn bófi til Steinþórs ok stefndi á hann miðjan. En er hann sá þat, þá hljóp hann í lopt upp, ok kom lagið milli fóta honum; ok þessa þrjá hluti lék hann senn, sem nú váru talðir.*⁴

Sjálfsgagt hefur Steinþór Þorláksson verið sá síðasti af ætt Eyrbyggja sem bjó í víkingaaldarbyggð bæjarins því að á elleftu öld var Eyrarbærinn líkast til fluttur niður á fjörुकambinn og kirkja reist skammt frá honum. Greinilegt er að kaflaskipti verða þar með í sögu staðarins sem rekja má til nýrra áhersluþátta í íslensku mannlífi í kjölfar kristnitökunnar. Við flutninginn hefur nafni bæjarins verið breytt úr Eyri í Öndverðareyri.

Miðaldabyggð; byggðin á eyrinni á 11.–16. öld

Eyrbyggjar, niðjar landnámsmannsins Vestarrs og Svönu konu hans, bjuggu á Öndverðareyri allt til loka tólftu aldar, þó bæjarstæðið hafi verið flutt lítillaga um set. Gunnlaugur, sonur Steinþórs og Þuríðar, tók við búi af foreldrum sínum. Hann kvæntist Þuríði spöku, dóttur Snorra goða.⁵ Þuríður spaka fæddist árið 1028 og lést í hárrí elli árið 1112. Ari Þorgilsson fróði nefnir hana sem einn af helstu og traustustu heimildamönnum um landnám Ísland við ritun Landnámabókar. Ari segir hana vera bæði margspaka og óljúgróða.⁶ Gunnlaugur og Þuríður spaka eru talin hafa gengið í hjónaband um miðja 11. öld og bjuggu á Eyri.

Um það leyti sem 13. öldin gekk í garð flutti Þórður Sturluson, bróðir sagnaritarans Snorra Sturlusonar, búferlum að Öndverðareyri. Bærinn er þá sagður höfuðból og kirkjustaður. Þórður fæddist árið 1165 og lést árið 1237, 72 ára


gamall.⁷ Synir hans, ásamt fjölskyldum, tóku við búinu að honum látnum, fyrst sagnaritarinn Sturla Þórðarson og síðar Böðvar.

Í upphafi miðalda höfðu íveruhús Íslendinga breyst mikið frá því sem áður var, trúlega vegna þeirra þjóðfélagslegu umskipta sem áttu sér stað við kristnitökuna. Íbúðarhúsin voru byggð í hinum svokallaða gangabæjarstíl og kirkjur voru víða reistar við bæi frjálsra bænda. Gangabæir voru byggingar, hólfaðar niður í smærri einingar sem mynduðu þannig hálfgerða þyrpingu lítilla herbergja. Á milli herbergjanna lá gangur, sem tengdi húsið saman í eina heild, en húsagerðin dregur einmitt nafn sitt af honum. Íveruhúsin voru sem fyrr að mestu byggð úr torfi og grjóti.

Á sjávarbakknum, norðan við lækinn sem rennur eftir miðju bæjarstæði Öndverðareyrar, má einmitt greina rústir gangabæjar auk leifa af lítilli kirkju. Í kirknaskrá Skálholtsumdæmis, sem Páll biskup Jónsson lét gera um aldamótin 1200, er með talin kirkja á Öndverðareyri.⁸ Geta má sér til um að kirkjan hafi staðið á eyrinni lengi áður en skráin er gerð, líkast til allt frá því skömmu eftir kristnitöku árið 1000.

Í máldaga frá 1355 eru eignir kirkjunnar á Öndverðareyri taldar upp. Kirkjan er sögð vera Maríukirkja og eiga tvo hluta í Þórdísarstöðum, helming afrétta í Kolgrafafirði, hálf Selsker, hálfan Grafarsand og að auki hálfan reka á Þernusandi. Innandyra í kirkjunni eru meðal gripa taldar tvær klukkur, tvenn messuklæði, forn hökull, kaleikur, altarissteinn, tveir kertastjakar úr messing og altarisklæði. Að auki eru þar ýmiskonar rit, lesbækur, tvær söngbækur, forn messubók og handbók. Í máldaganum kemur jafnframt fram að Ingimundur bóndi hafi gefið kirkjunni maríukver og tvo krossa, annan með líkneskjum. Hinn hangir yfir altarinu er máldaginn er skráður.⁹ Í Vilchinsmáldaga frá 1397 eru þessir sömu gripir taldir innandyra í kirkjunni.¹⁰

Reikna má með að kirkjan hafi verið byggð úr torfi og grjóti, eins og bærinn sjálfur. Í fyrstu hefur kirkjan líklega einungis þjónað íbúum bæjarins og greftun jafnframt verið leyfð að henni. Kirkjan er talin hafa síðar meir þjónað sem sóknarkirkja. Í máldaganum frá 1355 segir að tveir prestar skuli vera á Öndverðareyri að öllu jöfnu.¹¹ Líklega hvíla flestir þeir, er þjuggu á Öndverðareyri á miðöldum í kirkjugarðinum sem umlykur kirkjurústina. Þórður Sturluson er til dæmis sagður hafa verið jarðaður fyrir dyrum kirkjunnar.¹²



Hugsanlegt útlit gangabæjar á Öndverðareyri.

Ritaðar heimildir geta einungis stuttlega um nokkra ábúendur á Öndverðareyri fram til loka 15. aldar.¹³ Í máldaga um kirkjuna á Öndverðareyri frá 1355 er nefndur, eins og áður sagði, Ingimundur bóndi á Öndverðareyri.¹⁴ Í sama máldaga, og auk þess í Vilchinsmáldaga frá 1397 og í bréfi um afsal á bænum Mávahlíð sem er ritað árið 1425, er getið um Svein nokkurn Marteinson bónda sem virðist hafa búið á Öndverðareyri og sinnt jafnframt um kirkjuna á staðnum. Sveinn þessi er látinn þegar afsalið er gert árið 1425 en var á lífi árið 1397 er Vilchinsmáldagi er gerður tæpum þremur áratugum fyrr.¹⁵


Við upphaf 16. aldar er býlið á Öndverðareyri flutt upp undir Eyrarhyrnuna og nefnt Hallbjarnareyri eftir Séra Hallbirni, sem þar var prestur frá 1505.¹⁶ Rekja má aðdraganda flutninganna til morðmáls sem átti sér stað á Öndverðareyri árið 1496. Þá var Páll nokkur Jónsson, sem var gestkomandi á bænum, veginn af syni ábótans á Helgafelli.¹⁷ Málið varð umsvifamikið og þótti óhugnanlegt. Ekki er vitað hverjir bjuggu á bænum er atburðirnir áttu sér stað en við

Þessi umskipti virðist ljómi Öndverðareyrarbæjarins dofna til muna. Hann var yfirgefinn skömmu síðar, vegna reimleika að því að talið er, og kirkjan lögð af árið 1563 eftir að hafa einnig verið flutt að Hallbjarnareyri.¹⁸ Eftir þetta drabbast húsin á eyrinni smám saman niður, byggingarnar breytast í tóftir og nafn bæjarins einnig.

Bændaaldarbyggð; byggðin á eyrinni á 17.–19. öld

Það mun hafa verið nokkuð rík venja fyrr á öldum að nota nafnið Tóftir eða Húsatóftir er aflagðir bær byggðust að nýju. Líklega hefur þetta gerst á Öndverðareyri, því frá lokum 17. aldar er bærinn nefndur Tóftir.¹⁹ Umsvið á Öndverðareyri höfðu á þessum tíma minnkað til muna eftir að býlið var flutt að Hallbjarnareyri þar sem rekinn var holdsveikraspítali samhliða búskap.²⁰

Árið 1703 er Tóftir ein margra hjáleigna frá Hallbjarnareyri. Á bænum búa þá Halldór Ólafsson, 50 ára, og Þuríður Þorsteinsdóttir, kona hans, 44 ára. Börn þeirra eru alls 7, það elsta 18 ára og yngsta 3ja ára.²¹ Bústofninn; tvær kýr, ein kvíga, sjö ær, fimm geldir sauðir og fjórir veturgamlir, tíu lömb og einn hestur. Bóndinn, Halldór, er sagður eiga bát og róa til fiskjar árið um kring.²² Framan



Torfbær. Teikning: Erla B. Kristjánsdóttir.

við bæjarstæði Öndverðareyrar er lítil dokk, að mestu mótuð af náttúrunnar hendi, en þar var hægt að lenda litlum báti.

Þegar hér er komið sögu stendur bærinn líklega enn á sama stað og á miðöldum, þó mikið endurbættur. Undir íbúðarhúsinu hefur í tímans rás myndast bæjarhóll úr leifum eldri bygginga. Á toppi hans stóð íbúðarhúsið en bæjarhóllar myndast einmitt þegar hús eru endurbætt og byggt er aftur og aftur á sama staðnum. Þeir hækkuðu við hverja endurgerð húsanna og jafnvel einnig á meðan í þeim var búið. Innandyra hækkuðu moldargólfín sífellt og utandyra hækkuðu hólarnir þegar móösku og gengnum góflögum var mokað út á hlaðið úr húsunum.

Byggingarefni íveruhúsa var venjulega torf, grjót og timbur en erfitt er að geta sér til um hvernig íbúðarhúsið á Öndverðareyri leit út á þessum tíma. Það getur hafa verið byggt í hinum þekktu burstabæjarstíl, þar sem öll bæjarhúsin voru byggð í einni röð með samhliða stöfnum úr timbri. Burstabæirnir voru þó trúlega nær eingöngu reistir á bæjum heldri manna frá lokum miðalda fram á 20. öld. Á bæjarstæðum hins almenna bónda stóðu trúlega íbúðarhús sem að mestu voru byggð úr torfi og grjóti, kannski með einn stafn úr timbri og aðeins sums staðar var baðstofan þiljuð að innan. Stafnar og innréttingar burstabæjanna kröfðust mikils timburs og þau þurftu aukreitis meiri kyndingar við en torfhúsin sem torfið sjálft einangraði svo vel gegn vatni og vindum.

Árið 1801 virðist hjáleigan Tóftir á Öndverðareyri komin í eyði en ekki er víst að byggð hafi þar með lagst af á eyrinni, því um miðja 19. öld er jörð Hallbjarnareyrar talin ein sú besta í allri Eyrarsveit.²³ Jörðinni tilheyra sjö hjáleigur, sem einhverjar gætu hafa verið á Öndverðareyri. Þó er ekki vitað til þess að aftur hafi verið byggt á bæjarstæði Tófta fyrr en árið 1920 er Magnús Jónsson bóndi frá Kolgröfum reisti þar íbúðarhús. Af endurreisn búskapar á Öndverðareyri varð samt ekki, því íbúðarhús þetta brann áður en flutt var inn í það. Loks má geta þess að við fjörukambinn, sunnan við bæjarlækinn, má greina rústir nausts og hjalla sem Gísli Jónsson bóndi frá Innri-Tröð lét gera í tengslum við eigin útgerð frá eyrinni í upphafi 20. aldar. Svæði þetta er í daglegu tali kallað Gíslahjallar.²⁴

Tilvísanir:

- 1 Landnámabók 1968:118-119.
- 2 Landnámabók 1968:119.
- 3 Landnámabók 1968:118.
- 4 Eyrbyggja saga 1935:127-128.
- 5 Landnámabók 1968:118.
- 6 Landnámabók 1968:4.
- 7 Lúðvík Ingvarsson 1986:302.
- 8 Sveinn Víkingur 1970:169.
- 9 Íslenskt fornbréfasafn 1896:107.
- 10 Íslenskt fornbréfasafn 1897:173.
- 11 Íslenskt fornbréfasafn 1896:107.
- 12 Jón Pétursson 1998:12.
- 13 Íslenskt fornbréfasafn 1896:861, 1897:927.
- 14 Íslenskt fornbréfasafn 1896:107.
- 15 Íslenskt fornbréfasafn 1896:108, Íslenskt fornbréfasafn 1897:174, 320.
- 16 Einar Haukur Kristjánsson 1986:44, 68.
- 17 Einar Arnórsson 1949:126-176.
- 18 Sýslu- og sóknarlýsingar 1970:170.
- 19 Guðbrandur Sigurðsson 1957:48.
- 20 Einar Haukur Kristjánsson 1986:68.
- 21 Manntal 1703:120.
- 22 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1931-1933:301.
- 23 Sýslu- og sóknalýsingar 1970:159, 167, 171.
- 24 Jón Pétursson 1998:12.

Heimildir:

Einar Arnórsson 1949: Víg Páls Jónssonar á Skarði. *Saga*. Tímarit sögufélagsins. Reykjavík.

Einar Haukur Kristjánsson 1986: Eyrarsveit. *Árbók Ferðafélags Íslands* 1986. *Snæfellsnes norðan fjalla*. Reykjavík.

Eyrbyggja saga 1935: Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Gróður og jarðakort. 1987. Kolgrafafjörður. Rannsóknastofnun Landbúnaðarins.

Guðbrandur Sigurðsson 1957: Eyðibýli í Helgafellssveit, nöfn þeirra, staðsetning og umhverfi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1955-1956*. Ritstjóri: Kristján Eldjárn. Reykjavík.

Íslenskt fornbréfasafn III 1896. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn.

- Íslenskt fornbréfasafn* IV 1897. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn.
- Landnámabók* 1968: Íslenskt fornbréfasafn. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Lúðvík Ingvarsson 1986: *Goðorð og goðorðsmenn*. Útgáfa höfundar. Egilsstöðum.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1931-33)*. Snæfellssýsla, skráð árið 1702. Kaupmannahöfn.
- Jón Pétursson 1998: Tvö sumarhús á höfuðbólinu Hallbjarnareyri. *Lesbók Morgunblaðsins*. 21. marz 1998. Reykjavík.
- Manntal Eyrarsveitar frá 1703.
- Sveinn Víkingur 1970: *Getið í eyður sögunnar*. Kvöldvökuútgáfan. Reykjavík.
- Sýslu- og sóknalýsingar* 1970: Snæfellsnes III. Setbergssóknarlýsing unnin af Einari Sæmundssyni árið 1839. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson tóku saman. Reykjavík.

Halldór Finnsson, fyrrv. oddviti

Samgöngur í Eyrarsveit á tuttugustu öldinni

Ef við rifjum upp samgöngumál í Eyrarsveit á þessari öld, var hér eins og annars staðar, hesturinn og bátar aðalhjálpin í ferðum um og upp úr síðustu aldamótum, þegar ekki var farið fótgangandi. Í Eyrarsveit hafa bátar verið tiltækir þar sem byggðin er nær öll meðfram sjó, og hafa trúlega litlir bátar verið til á mörgum bæjum, og því helstu aðdrættir farið þannig fram.

Ekki var greiðfært út úr sveitinni á hestum þar sem Búlandshöfði var snarbrattur í sjó fram að utanverðu, og Tröllaháls að innanverðu, og síðan var farið á hestum og gangandi um Arnardalsskarð yfir í Staðarsveit.

Veginn yfir Búlandshöfða og Tröllaháls varð að hreinsa á hverju vori og kannski oftár, því grjóthrun og vatnsgangur skemmdu svo að illfært eða ófært var með hesta. Ákveðnir menn höfðu það verk á hendi að hreinsa vegina, og var þeim eitthvað greitt frá sveitarfélögunum fyrir það. Þetta var vegaviðhald þess tíma, og hefur líklega verið svo um aldir.

Annar farartálmi voru mýrararnar, sem oft voru ansi blautar, eins og kemur fram í ævisögu sr. Jens á Setbergi. Að vísu eru víða melar og fjörur sem hægt var að fara eftir, en þegar hásjávað var, var mjög erfitt að komast sums staðar, og held ég að flóinn á jörðinni Mýrum hafi verið einna versti farartálminn, þegar hásjávað var en aftur á móti var mjög gott að fara Vaðlana þegar fallið var út. Því segi ég frá þessu, að ég heyrði að nokkur ágreiningur hefði verið innan-sveitar þegar sveitarstjórn ákvað að fara í þá framkvæmd að gera reiðveg yfir Mýrarflóann, og jafnaði niður á hvern bónda bæði dagsverkum og láni á hestum. Þetta mun hafa verið stuttu eftir aldamótin 1900.

Þetta var framkvæmt á nokkuð mörgum árum. Einhverjar lagfæringar voru gerðar annars staðar í sveitinni á næstu árum, og var svipaður háttur hafður á að ákveðin dagsverk voru lögð á bændur eða þá gjöld sem átti að greiða til hreppsins.

Fyrstu áratugi aldarinnar, var lítið fé lagt frá ríkissjóði til vegamála, enda Ísland nýkomið með sín eigin fjármál og allt kallaði á framkvæmdir hjá því opinbera.

Fyrsta vegabótin sem eitthvað kvað að var brúargerð, og var fyrsta brúin byggð 1890 á Ölfusá, og síðan brúuð mörg stærstu fljót landsins, þannig að 1920 var búið að byggja 59 brýr yfir mörg stærri fljótin, en svo á næstu tíu árum eru byggðar 63 brýr, þannig að 1930 eru komnar 122 brýr, 10 metrar og lengri, á íslensk stórflyót. Flestar eða allar þessar brýr hafa verið endurnýjaðar, enda byggðar með þess tíma tækni.

Á þessum tíma var einnig unnið nokkuð í vegalagningu í samstarfi við sveitarfélögin, eða væri kannski réttara að orða það þannig að sveitar- og sýslufélögin voru að leggja vegi, eftir efnum og ástæðum og fengu nokkurn styrk frá ríkissjóði, sem ákveðinn var hverju sinni af Alþingi. Framlag Alþingis var fyrst og fremst til lagfæringa á vegum næst Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum, en síðan var farið að setja framlag í vegi víða um land, sennilega mest eftir áhuga og fjárframlögum sveitar- og sýslufélaga á þeim stöðum. Þetta er á tímabilinu 1920 til 1930, sem hafist er handa víða um land að lagfæra og leggja vegi, enda voru bílar komnir nokkuð víða um land á þessum tíma, og var nauðsynlegt að laga vegi, svo þeir nýttust til almennra nota. Var því víða farið í að betrubæta þá vegi sem fyrir voru og hægt var að koma hestvagni eftir og var hægt að bæta þá sums staðar þannig að bílar komust þessa vegi að sumri til.

Það var á þessum árum sem byrjað var að lagfæra nokkuð vegi á Snæfellsnesi, þannig að 1928 kom fyrsti bíllinn til Stykkishólms þótt ekki væri búið að leggja veginn yfir Kerlingarskarð nema að nokkru leyti, og bíll komst yfir Fróðárheiði 1929, þó lítið væri búið að lagfæra veginn þar, enda var mönnum mikið kappsmál á þessum tíma að koma bílum á staði þar sem bíll hafði ekki komið áður, og varð það til þess að fjörkippur kom í lagningu vega, svo hægt væri að nota bílana.

Það var svo upp úr 1930 sem farið er að ræða um að leggja bílfæran veg inn í Kerlingarskarð frá Grundarfirði, en bíll hafði fyrst komið til Stykkishólms árið

1928, eins og fyrr segir og var þá hægt að komast á bíl frá Reykjavík um Kalda-
dal að sumri til, en auðvitað urðu þessir vegir ófærir í fyrstu snjóum.

Á þessum tíma voru vegaf framkvæmdir fyrst og fremst kostaðar af sveitar-
og sýslufélögnum, en ríkissjóður veitti einhverja styrki, og þar sem þetta voru
mjög erfið ár gengu framkvæmdir hægt, enda var farið í að safna gjafadags-
verkum til vegagerðarinnar.


Mér er minnisstætt að eftir messu að Setbergi var haldinn fundur úti við
kirkjuvegg, og þar rætt um vegagerðina og hversu miklir möguleikar væru á
framlögum í gjafadagsverkum og lánnum á vagnhestum til þess að hækka hlut
sveitarfélagsins, og kæmi þá meira frá ríkissjóði. Ég held að nær allir vinnufærir
menn í Eyrarsveit hafi lagt til einhver dagsverk og eða lán á hestum. Þá var og
ákveðið að Ásmundur Jóhannsson, Kverná, yrði vegaverkstjóri fyrir sveitarfé-
lagið.

Það mun hafa verið um 1934 eða 1935, sem hafist var handa um vegagerð
inn að Kerlingarskarði. Reynt var að fara malarholt eins og hægt var, svo og var
vegurinn lagður töluvert eftir fjörum, en það þýddi að víða varð að sæta sjáv-
arföllum svo sem við Hlöðuvog við Slýá í Kolgrafafirði og við Fjarðarhornsóna
í Hraunfirði og víðar.

Langerfiðasti kaflinn á þessari leið var auðvitað Berserkjahraunið, sem var
mjög erfitt að brjóta niður, svo úfið sem það er. Þetta var unnið af mönnum úr
Helgafellssveit og Stykkishólmi og var verkstjóri Hildimundur Björnsson.
Reynt var að fara eftir gömlu reiðgötunni eins og hægt var, en hún breikkuð og
kröppustu beygjurnar lagaðar. En þegar kom að Klifinu, Hraunsfjarðarmegin,
var ekki nokkur leið að vinna á þeim stóru björgum sem þar voru með haka og
skóflu, og varð að ráði að leggja veginn þó nokkuð niður eftir hrauninu og
brjóta kantinn þar sem skárri var.

Þó ekki sé hraun Eyrarsveitarmegin, voru margir þröskuldar sem erfitt var
að kljást við, svo sem klappir, skriður og ár, svo hægt væri að segja að bíll gæti
skrölt eftir veginum.

Það var svo 1937 að Kristlaugur Bjarnason kom á fyrsta bílnum til Eyrar-
sveitar, og var það lítil vörubíll, sem okkur þótti reyndar mjög stór, en var víst
með eins til tveggja tonna burðagetu. Það gekk nú á ýmsu að hann kæmist á
bílnum út í Grundarfjörð, því víða voru íhleypur og aðrir kaflar sem ekki báru
bílinn, þó hann væri ekki þyngri en um eitt og hálf tonn. En með seiglu



„Fyrsta skóflustungan í Búlandshöfða.“ Unnið við vegagerð í Búlandshöfða. Í fjarska má sjá fyrstu ýtuna sem fór yfir Þrælaskriðu í Búlandshöfða. Ljósni.: Halldór Finnsson.

hafðist það, og haldið var áfram að lagfæra veginn, og nú kom bíllinn í góðar þarfir við að flytja ofaníburið í vegina, þar sem hestvagnar voru notaðir áður. En auðvitað var mokað með handskóflum á pallinn á bílnum, og svo urðu 2 til 3 menn að ganga undir pallinn til þess að sturta mölinni af.

Svo kom „blessað stríðið“ og færði Ísland allt í einu inn í nútímann. Bretarnir komu með jarðýtur og ámokstursskóflur, og lögðu fljótlega vegi, þar sem þeir þurftu helst með, eins og í kring um Hvalfjörðinn og víðar. Þá eignast Vegagerðin og nokkrir einstaklingar jarðýtur og önnur vegagerðartæki, svo þarna verður gjörbreyting á vinnu við vegagerð, þó það sé ekkert í líkingu við það sem nú er, enda voru þessi verkfæri smá, miðað við þau sem nú eru notuð, og það tók líka sinn tíma fyrir menn að læra að nýta sér þau, eins og best var.

En upp úr stríði má segja að raunveruleg vegagerð hafi hafist á Íslandi. Svo er og hér í Eyrarsveit. Þá er farið að byggja brýr og byggja upp vegakafla, sérstaklega svo ekki þurfi að sæta sjávarföllum, svo og þar sem mýrarnar voru verstar.



Brúin á Mjósundin í byggingu og byrjað að fylla upp sundið að brúnni. Ljósma.: Halldór Finnsson.

Fyrsta brúin sem byggð er í Eyrarsveit er brúin yfir Kverná 1952 og því næst er Grundaráin brúuð. Svo eru brúaðar Hrafná, Kirkjufellsá og Slýá. Jafnframt er unnið nokkuð við að hækka upp vegi, þannig að þeir verði ekki ófærir í fyrstu snjóum.

Vegurinn fyrir Hraunsfjörð var ákaflega erfiður. Bæði var að sæta þurfti sjávarföllum við Fjarðarhorn, og svo rann svo úr víða á þessum kafla, að vegurinn varð oft ófær í rigningum. Svo þurfti ekki að spyrja um að þegar fór að snjóa, varð hann strax ófær, svo sem yfir Berserkjahraunið. Menn veltu því mikið fyrir sér hvort mögulegt væri að byggja brú á Mjósundin í Hraunfirði, og sýndist sitt hverjum. Þetta var þá fyrsti fjörðurinn á Íslandi, sem byggja skyldi brú yfir, og var það ekki lítið mál í sjálfu sér að fyrst skyldi brúa fjörð hér á ekki fjölfarnari leið en hingað til Grundarfjarðar.

Mér er það minnisstætt, að það var á miðjum vetri 1958, að hringt var í mig um kl. 10 að kveldi, en þá var símstöðin aðeins opin til kl. sex nema sérstaklega stæði á, t.d. ef ná þurfti í lækni. Ég átti nokkuð góðan jeppa á þessum tíma, og datt mér strax í hug, að nú þyrfti einhver að komast til læknis.



Vegagerð við Grundarfjörð fyrir 1960. Ljós.: Halldór Finnsson.

En í símanum var Sigurður Ágústsson alþingismaður og sagði hann: „Halldór minn, ég var að koma af fundi þingnefndar þar sem samþykkt var að veita fé í brú yfir Mjósund. Ég gat bara ekki beðið með það til morguns að láta þig vita af þessu.“

Á næsta ári er farið að undirbúa brúarbygginguna, og fyrst farið yfir hana um haustið 1960, en hún vígð í september 1961. Þetta var ákaflega mikil samgöngubót, þó Berserkjahraunið sjálft væri mjög erfitt þegar fór að snjóa, þar til vegurinn var færður niður á milli Kothraunskúlu og Rauðukúlu, sem er um eða fyrir 1970.

Á þessum árum er einnig unnið að vegagerð beggja megin Búlandshöfða, þ.e. að Eyrarsveitarmegin var lagður akfær vegur frá Skerðingsstöðum að Höfða, og Fróðárhreppsmegin er vegur kominn að Mávahlíð 1959.

Þá er samþykkt fjárframlag frá ríkissjóði, að leggja veg fyrir Búlandshöfða, og gekk það bara vel, miðað við þau tæki og þær aðstæður sem þá voru, enda höfðu jarðýtur og önnur vegagerðartæki stækkað töluvert og breyst, frá því fyrstu jarðýtturnar komu til landsins í stríðinu. Já, miðað við allar aðstæður



Vegagerð við Skerðingsstaði 1959. Ljósma.: Halldór Finnsson.

gekk tiltölulega vel að leggja veginn fyrir Búlandshöfða og er vegurinn opnaður til umferðar síðari hluta sumars 1962. Þar með var Eyrarsveit komin í vegasamband út á Nes, sem áður var ekki hægt að komast landleiðina nema fara inn á Kerlingarskarð, út Staðarsveit og yfir Fróðárheiði. Það var óskapleg breyting á samgöngum á landi í Eyrarsveit að brú á Mjósund og vegur fyrir Búlandshöfða skyldu verða að veruleika nærri samtímis.

Eftir 1970 hafa flestir vegir í Eyrarsveit verið byggðir upp, og nú er svo komið að varanlegt slitlag er komið á alla aðalvegina á norðanverðu Snæfellsnesi, nema Kolgrafafjörðinn. Nýr vegur fyrir Búlandshöfða, sem verið var að ljúka við núna í nóvember 1999, gjörbreytir samgöngum á Nesinu og vonum við bara að næstu stórfamkvæmdir, þ.e. brú yfir Kolgrafafjörð og vegur yfir Vatnaheiði, komi næstu árin.

En nú er ég eiginlega komin fram úr sjálfum mér, þar sem ég ætlaði að segja frá framkvæmdum á tuttugustu öldinni, en ekki skrifa um þær framkvæmdir sem verða eftir aldamót, sem maður sér ábyggilega ekki fyrir.

Ég minntist á að varanlegt slitlag væri nú komið á mikinn hluta af aðalveg-



Vegagerð við Höfða 1959. Ljós.: Halldór Finnsson.

unum, og er því rétt að rifja nokkuð upp hvenær var farið að setja varanlegt slitlag á vegi hér á Snæfellsnesi.

Það mun hafa verið upp úr 1970 að vegspottar nálægt höfnunum í Stykkishólmi og Ólafsvík eru steyptir, enda var þá viss tortryggni gagnvart olúmöl, að hún dygði á vegi í þéttbýli. Þetta breyttist fljótlega upp úr þessu, og nokkru eftir 1970 er farið að undirbúa að leggja olúmöl hér á Grundargötuna í Grundarfirði. En allt tók sinn tíma því skipta þurfti um jarðveg í öllum vegum sem lögð var olúmöl á, og mun það hafa verið 1975 sem lögð er olúmöl á Grundargötuna, en síðan er haldið áfram, bæði með Grundargötuna og aðrar götur í þéttbýlinu, svo og við höfnina, þannig að nú er varanlegt slitlag komið á allar götur hér í Grundarfirði.

Síðan var það á tímabilinu 1984 til 1990 að Vegagerðin gengur frá veginum frá Gröf og fram að Hömrum, og byggir nýja brú á Kverná og Grundará, og setur jafnframt varanlegt slitlag á en sveitarfélagið hafði gengið frá veginum um Gilós og inn fyrir hafnargarð, og var olúmöl lögð á þann hluta leiðarinnar. Að utanverðu er byggð ný brú á Kirkjufellsá, eða réttara sagt, er brúin færð

niður á Kirkjufellsvaðal, og gerður vegur yfir Styttingsnesið, en Búðárnar brú-
aðar, og þá er sett varanlegt slitlag á veginn út að Mýrum. Síðan var það 1993
að ný brú er byggð yfir Hraunsfjörðinn, þó nokkuð framar en Mjósundin, eða
af Kallholtinu, og er þá vegurinn lagður um Seljadalinn, og varanlegt slitlag
lagt á veginn frá Berserkjahrauni og að Berserkseyri.

Ég hefi lítið rætt um aðra vegi í Eyrarsveit, eins og veginn fram að Hallbjarn-
areyri og út í Krossnes. Það má segja að þessir vegir hafi setið á hakanum,
nema að ræsi hafa verið sett þar sem þurfti. En vegirnir eru alls ekki nógu
sterkir fyrir vaxandi umferð, og þyngri bíla. Svo er það vegurinn austanvert
við Eyrarfjall og Klakkinn, fyrir þann veg hefur ekkert verið gert.

Ég mun nú ljúka þessum upprifjunum, en að lokum vil ég segja að ánægju-
legt er að nú á síðasta ári aldarinnar, skuli hafa verið lokið við það stórvirki að
leggja nýjan veg fyrir Búlandshöfða, og fer þá svipaður tími í að keyra frá
Grundarfirði til Ólafsvíkur og úr Breiðholtinu í Reykjavík og niður í bæ.

Að lokum vil ég svo óska þess að íbúar Eyrarsveitar njóti þess sem best, að
samgöngurnar hafa batnað mikið, og vonandi er ekki langt í enn betri sam-
göngur á landi.

Skrifað í desember 1999

Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur

Grundarfjarðarkaupstaður hinn forni

Grundarkampur á sér merka sögu og flókna. Ólíkt mörgum öðrum sögufrægum stöðum á Íslandi fléttast saga hans fremur sögu verslunar og útgerðar en landbúnaðar. Frakkar voru þar með útgerð til skamms tíma og á Grundarkampi stóð einn af elstu kaupstöðum landsins. Hann fékk tvívegis kaupstaðaréttindi, áður en hann var fluttur í Grafarnes, þar sem Grundarfjarðarkaupstaður stendur nú. Grundarkampur hefur því gjarnan verið nefndur Grundarfjarðarkaupstaður hinn forni. Að frumkvæði FAG¹ í Grundarfirði hefur verið sett upp skilti á Grundarkampi þar sem saga staðarins er rakin í máli og myndum. Styttu útgáfu af eftirfarandi texta er þar að finna.


Saga verslunar og viðskipta á Grundarkampi

Menn höfðu löngum augastað á Grundarkampi sem verslunarstað er þjóna átti stórum hluta Vesturlands. Grundarkampur er lítt gróið malarrif sem varla getur talist ákjósanlegt til búskapar en lending þar, nánar tiltekið við Grundarós, er talin ágæt, þó svo ekki sé hægt að lenda þar hafskipum að vetrarlagi.²

Þegar einokunarversluninni var komið á 20. apríl 1602 var mælt svo fyrir að siglt skyldi á yfir 20 íslenskar hafnir víðs vegar um landið. Ein þessara hafna var Grundarfjörður og líklega er hér átt við Grundarkamp.³ Einnig má telja sennilegt að norskir, enskir, þýskir og danskir sjó- og kaupmenn hafi lent við Grundarós í Grundarfirði löngu áður en einokunarversluninni var komið á, sumar þjóðir hugsanlega allt frá landnámi.

Einokunarverslun er það verslunar- og viðskiptaform nefnt sem Kristján IV. Danakonungur stofnaði til á Íslandi árið 1602. Með henni var dönskum kaupmönnum gefið einkaleyfi til verslunar á Íslandi. Einokuninni fylgdu versnandi verslunarkjör, þó að launverslun hafi verið stunduð hérlandis að einhverju marki á sama tíma. Verð á innfluttri vöru var hátt og gæði slök. Verði á innlendri útflutningsvöru var að sama skapi haldið niðri. Einokunartímabilið er af mörgum talið vera hið versta í sögu landsins hvað snertir efnahag og afkomu Íslendinga.

Þegar ákveðið var árið 1786 að afnema einokunarverslun á Íslandi kom Grundarfjörður til sögunnar fyrir alvöru sem ákjósanlegur staður fyrir verslun



Grundarfjörður. Þeir staðir sem nefndir eru í greininni eru merktir inn á kortið. Teikning: Erla B. Kristjánsdóttir.


og viðskipti á Vesturlandi.⁴ Röskum tveimur áratugum áður hafði Hans lögmaður Becker bent á Grundarfjörð í þessu samhengi í bæklingnum *Beretning og Forslag om tienlige Midler til Islands Opkomst*, þar sem hann títundar þá erfiðleika sem Ísland á við að etja vegna einokunarverslunarinnar. Hans Becker taldi að lausnin lægi í stofnun nýrra kaupstaða í landinu, samhliða því sem þeir kaupstaðir sem þegar væru til í einhverri mynd yrðu lagðir niður.⁵

Fríverslun er heiti á því verslunarformi er tók við af einokunarversluninni. Hún tók gildi í upphafi árs 1787 og stóð til ársins 1855. Fríverslun er nokkuð villandi heiti því að með gildistöku hennar varð verslunarfrelsi ekki algert á Íslandi, heldur bundið við þegna Danakonungs, sem voru á þessum tíma, auk Dana og Íslendinga sjálfra, Norðmenn til 1814 og íbúar nyrsta hluta Þýskalands. Þessir aðilar einir máttu reka verslun og fiskveiðar við Ísland og Íslendingar máttu eingöngu skipta við Dani.

Í upphafi árs 1788 varð fríverslunin svokallaða að veruleika, lögum samkvæmt, og Íslendingar þar með lausir undan einokunarverslun Dana. Við þessi tímamót var ákveðið að stofna sex kaupstaði víðs vegar um landið, er þjóna áttu sem miðstöðvar verslunar, viðskipta, útgerðar og iðnaðar, auk stjórnýslu í viðkomandi landshlutum. Hverjum kaupstað fylgdi ákveðið umdæmi og samkvæmt tilskipun þar að lútandi skyldi Grundarfjörður verða kaupstaður Snæfellsness og Breiðafjarðar og átti amtmaður Vesturamts ennfremur að sitja í Grundarfirði.⁶ Fólki var heitið ýmsum hlunnindum, s.s. ókeypis borgararétti, lóð, byggingarstyrk og tímabundinni undanþágu frá greiðslu opinberra gjalda, með það fyrir augum að gera kaupstaðina eftirsóknarverða til búsetu.⁷

Undirbúningur að fríverslun á Íslandi stóð yfir í nokkur ár. Konungsúrskurður um hina sex kaupstaði á landinu var gefinn út þann 18. ágúst 1786 og auglýstur samdægurs. Grundarfjörður hlaut þar með sín fyrri kaupstaðarréttindi.


Fríverslunin hefur af mörgum verið talin liður í viðreisn landsins eftir erfiða tíma einokunarverslunarinnar. Efla átti kaupstaði landsins og ennfremur rjúfa einangrun þess með tilliti til verslunar. Minna varð þó úr viðreisn landsins en áætlað var og ástæður þess margþættar, t.d. gerðu náttúruhamfarir og erfiðleikar í Danmörku sökum styrjalda í Evrópu, landsmönnum erfitt fyrir. Áhrifa frá einokunarversluninni gætti enn þó búið væri að afnema hana. Hún hafði leitt til stöðunar í framleiðslu og verslun á Íslandi til langs tíma, og hamlaði



Skipulagsuppdráttur af Grundarfirði, gerður af Sæmundi Hólm árið 1792. Á uppdrættinum hefur tínum og engjum Grundar verið skipt niður í litla skika, sem ætlaðir voru væntanlegum kaupstaðarbiúum. Fiskpurksvæðum er auk þess skipt í skákir beggja vegna kaupstaðarlóðarinnar á malarkampinum. Þetta mun vera elsti skipulagsuppdráttur sem gerður hefur verið af íslenskum kaupstað. Í eigu Þjóðskjalasafn Íslands.

þar með uppvexti kaupstaðanna. Árið 1807 voru kaupstaðarréttindi Grundarfjarðar afturkölluð, m.a. af þessum sökum. Staðnum voru veitt réttindin aftur tæpum áratug síðar. Svo fór að lokum að réttindin voru endanlega afturkölluð árið 1836.⁸

Árið 1855 var verslun gefin frjáls á Íslandi. Allar þjóðir heims máttu nú sigla til hinna sex útnefndu hafna landsins, í Grundarfirði, á Ísafirði, í Eyjafirði, á Eskifirði, í Vestmannaeyjum og Reykjavík, og sækja þangað það sem þurfti. Aftur á móti var erlendum aðilum bannað að setjast að á viðkomandi stöðum eða flytja inn vörur þangað, nema með gjaldskyldu leyfi stjórnvalda.



Kristján IX. Danakonungur. Frumvarp til laga um löggildingu verslunarstaðar í Grafarnesi, í stað Grundarkamps, var flutt á Alþingi og samþykkt af Kristjáni IX. Danakonungi árið 1897.

Á Grundarkampi stóðu, þrátt fyrir afturköllun kaupstaðarréttindanna, hús þau og mannvirki er reist höfðu verið vegna kaupstaðarins sem þarna átti að rísa. Franskir sjómenn færðu sér þau í nyt er lögum um verslun á Íslandi var breytt og hún heimiluð öllum þjóðum. Frakkar starfræktu á Grundarkampi saltfiskverkun og útgerð í um aldarfjórðung eftir það en áttu fáir fasta búsetu þar, enda þeim það óheimilt lögum samkvæmt.⁹

Íslendingar óttuðust veiðar erlendu skútanna á miðum litlu ís-


lensku róðrabátanna og allt var því gert til að stöðva frönsku útgerðina. Það tókst eftir nokkurt þóf. Árið 1872 höfðu Frakkar yfirgefið Grundarfjörð.¹⁰ Hugmyndin um stofnun kaupstaðar á Grundarkampi varð að engu þegar frumvarp til laga um löggildingu verslunarstaðar í Grafarnesi, í stað Grundarkamps, var flutt á Alþingi árið 1897. Frumvarpið var samþykkt af Kristjáni IX. Danakonungi og tók löggilding núverandi Grundarfjarðarkaupstaðar þar með gildi.¹¹

Minjar á Grundarkampi

Rústir húsa og annarra mannvirkja á Grundarkampi eru að mestu horfnar í jörðu. Á yfirborðinu má þó óljóst greina umrót og ummerki mikilla umsvifa á staðnum í margar aldir. Rétt er að benda á að áþreifanlegar minjar eftir umsvif einokunarverslunarinnar (1601–1787) hafa sennilega verið litlar sem engar.

Sjaldan var um varanlegar byggingar að ræða á þessum stöðum þar sem verslun þessa tímabils fór fram. Verslað var að mestu í tjöldum og með matvöru.¹²

Franskir hval- og þorskveiðimenn stunduðu veiðar við Grundarfjörð, sem og víða annars staðar við strendur Íslands, á tímum einokunarverslunarinnar.¹³ Þeir skildu fáar áþreifanlegar minjar eftir sig í landi, nema þegar um skipbrot var að ræða. Sem dæmi má nefna franska hvalveiðiskipið sem strandaði við Melrakkaey árið 1720 og var dregið á land við Kirkjufell þar sem það grotnaði að mestu niður.¹⁴ Tvær fallbyssur úr því fundust í Kirkjufellsfjöru sumarið 1995. Þær voru gerðar upp og önnur þeirra afhjúpuð í miðbæ Grundarfjarðarkaupstaðar, þegar þess var minnst að 100 ár voru liðin frá flutningi kaupstaðarins frá Grundarkampi í Grafarnes.¹⁵ Danskir kaupmenn máttu heldur ekki setjast að á Íslandi í tengslum við viðskipti sín og áttu í hæsta lagi sumarsetu í landinu. Samkvæmt skráningu Árna Magnússonar og Páls Vídalíns á íbúum Setbergssóknar í Eyrarsveit árið 1702 eru til dæmis engir fastir ábúendur á Grundarkampi.¹⁶



Kirkjufellið og húsín á Grundarkampi. Teikninguna gerði Sæmundur Hólm árið 1792. Í eigu Þjóðskjalasafn Íslands.

Þegar tími fríverslunarinnar (1788–1855) fór í hönd breyttist þetta til muna, því að hið nýja fyrirkomulag miðaði að því að byggja upp kaupstaði með iðandi mannlífi, eins og þá er til voru í nágrannalöndum Íslands. Árið 1801 bjuggu í Grundarfjarðarkaupstað á Grundarkampi, samkvæmt manntali, tvær fjölskyldur.¹⁷ Fjörtán árum síðar bjó einungis önnur þessara fjölskyldna í kaupstaðnum, samtals níu manns.¹⁸ Í sýslu- og sóknarlýsingu sem gerð var í Setbergssókn árið 1839 voru íbúar Grundarfjarðarkaupstaðar taldir 20. Verslunarmenn voru tveir, einn smiður og tómthúsmaður.¹⁹ Samkvæmt manntali frá 1845 hafði íbúum kaupstaðarins á Grundarkampi enn fjölgað og bjuggu þar þá samtals 26 manns, þar á meðal einn smiður og tveir kaupmenn ásamt fjölskyldum.²⁰

Árið 1839 stóðu þrjú timburhús í kaupstaðnum á Grundarkampi. Aðrar byggingar voru torfhús. Timburhúsin voru ætluð til íveru en torfhúsin voru skemmur, hlaða, fjós og hesthús. Hvorugur þeirra tveggja verslunarmanna, er þar bjuggu á þessum tíma, áttu skip og verslunarmáti þeirra var ekki talinn þeim til framdráttar. Þar versluðu eingöngu þeir er ekki höfðu burði til að sækja aðra kaupstaði.²¹ Þegar Frakkar hófu fiskverkun á Grundarkampi á 6. áratug 19. aldar voru 2-3 timburhús þar, auk einhverra verslunar- og vöruhúsa. Þeir hafa væntanlega getað fært sér einhverjar þessara bygginga í nyt en reistu jafnframt á staðnum kirkju, sjúkraskýli og fleiri hús vegna eigin umsvifa.²²

Í dag má berlega greina á Grundarkampi rústir býlisins Fornu-Grundar, sem reist var þar á fyrri hluta 20. aldar, og auk þess nokkra hálfsockna grunna bygginga úr tíð franskra fiskverkenda á staðnum. Síðarnefndu minjarnar eru þó ekki miklar, enda var vera Frakka á Grundarkampi ekki langvinn. Þegar Frakkar höfðu verið fengnir til að yfirgefa svæðið árið 1872 voru flestar byggingar þeirra seldar burt og varningur þeirra boðinn upp.²³ Annað lauslegt tóku þeir með sér, jafnvel lík þeirra sem dóu á meðan þeir dvöldu á Grundarkampi.²⁴ Þá er vert að velta því fyrir sér hvort minjar eftir veru frönsku sjómannanna á Grundarkampi séu ekki meiri en augað nær að greina.

Af öðrum greinanlegum minjum staðarins má nefna tvær dysjar²⁵, aðra á Grundarkampi en hina hjá Grundarfossi. Sagt er að í dysjunum tveimur hvíli erlendir sjómenn sem komu hingað til lands í því skyni að hefna andláts kaupmannssonar nokkurs er hafði átt viðskipti við Grundfirðinga á Grundarkampi. Ekki er ljóst hvenær atburðurinn átti sér stað en sagt er að Oddur læknir Hjalta-lín (1782–1840) hafi grafið í aðra dysina og fundið í henni fót og hnappa.²⁶

Önnur saga hermir að þarna séu dysjaðir Fransmenn sem hafi reynt að ræna sauðfé en að Grundfirðingar hafi veitt þeim eftirför og drepið þá. Hinir meintu sauðarþjófar eiga síðan að hafa verið dysjaðir þarna.²⁷

Lífið í Grundarfjarðarkaupstað hinum forna

Oft skilja viðburðir mannlífs engar áþreifanlegar minjar eftir sig, margt fellur í gleysku en sumt varðveitist í munnlegri geymd. Margt hefur verið um manninn í kaupstaðnum við Grundarkamp á stundum, þótt fáir hafi haft fasta búsetu þar. Í þá tíð er Frakkar tóku að sækja til Íslands, lágu oft á milli 20 og 30 franskar skútur á firðinum. Um borð voru fjölmennar áhafnir sem skiptust á vörum við Eysrveitunga, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Kex var selt fyrir sjóvettlinga eða kjötmeti.²⁸



Frönsk skúta á Fáskrúðsfirði. Í þá tíð er Frakkar tóku að sækja til Íslands lágu oft á milli 20 og 30 franskar skútur á firðinum. Eigandi myndar: Sögunefnd Fáskrúðsfjarðar.

Ekki er vitað með vissu hvers konar samskipti Frakkar áttu við Eyrsveitunga né hvenær þau hófust fyrir alvöru. Voru frönsku sjómennirnir hér einir á ferð eða með fjölskyldum sínum, konum og börnum? Hversu margir voru þeir? Hvar bjuggu þeir þá; um borð í skútunum eða á malarkampinum við Grundarfjörð?

Vissulega hafa frönsku sjómennirnir þurft að fara í land af skipum sínum til að sækja sér vatn og vitað er til þess að Eyrsveitungar hafi einnig farið um borð í skip þeirra, jafnvel með fjölskyldum sínum. Stefán Jónsson, kaupmaður á Grundarkampi, ku jafnframt hafa kvartað undan því við sýslumann að óðara og frönsku fiskiskipin legðu að höfn væri manngrúi mikill af þeim þotinn á land.²⁹

Til eru varðveitt þó nokkuð mörg skjöl sem staðfesta að Grundfirðingar áttu margháttuð samskipti við Frakka, sérstaklega eftir að þeir stofnuðu fiskverkun sína á Grundarkampi og reistu byggingar í tengslum við hana á 6. áratug 19. aldar. Gallinn við slík skjöl er hversu hlutdræg þau eru. Flest þeirra endurvarpa hinum neikvæðu hliðum á samskiptum þeirra frekar en þeim jákvæðu. Mörg skjalanna vitna um kærur á hendur Frökkum fyrir skemmdir á æðarvarpi, seladráp og sitthvað fleira í þeim dúr. Verslun við Frakka var einnig mjög illa séð af yfirvöldum.³⁰ Árið 1865 var Stefáni Jónssyni, kaupmanni á Grundarkampi, til dæmis gert að greiða sekt til fátækra sjóðs Eyrarsveitar vegna slíkra viðskipta. Hann átti að hafa selt Frökkum mjólkurvörur ýmiskonar, búkhárvettlinga, pönnukökur og rakka.³¹

Þrátt fyrir kærur af þessu tagi, má telja líklegt að viðskiptin sjálf hafi oft á tíðum farið fram með jákvæðum hætti. Frakkar þóttu glaðværir og kurteisir, enda sannt trúaðir kaþólikkar. Framkoma þeirra þótti bera af í samanburði við aðra erlenda sjómenn. Þmsar sögusagnir spruttu upp um Frakkana, sögur sem sumar hverjar geta vel átt sér stoð í raunveruleikanum. Sagt var til dæmis að Frakkar hafi oft borðað hráan skelfisk úr fjörunni, kryddað hann með grasjurtum og drukkið vín með.³² Ennfremur var sagt að Frakkar hafi sótt sér vatn í Grundarfoss reglulega og þvegið föt sín þar. Geta má sér til um að oft hafi verið glatt á hjalla í fjörunni við Grundarkamp og við Grundarfoss í dagsins önn.

Jón Stefánsson, sonur Stefáns Jónssonar hreppstjóra, og sonarsonur Jóns Daníelssonar kaupmanns, fæddist árið 1862 og ólst upp í hinum forna kaupstað. Í minni barnsins var hin kaþólska kirkja Frakka afar sérstök. *Hún var blá að innan*

með stjörnum á hvelfingunni – eins og himinninn á heiðríku kvöldi ...³³ Kirkjan var rifin skömmu eftir að Frakkar höfðu yfirgefið Grundarfjörð. Timbrið úr henni notaði faðir Jóns sem greiðslu til handa prestinum á Setbergi fyrir að kenna syni sínum latínu. Það má með sanni segja að timburfjölunum hafi verið vel varið, því að Jón var fáum árum síðar sendur til Reykjavíkur til frekara latínunáms.³⁴

Föðursystir Jóns Stefánssonar, og dóttir Jóns Daníelssonar, frú Anna Thorlacius, ólst einnig upp í Grundarfjarðarkaupstað hinum forna. Hún fæddist árið 1839. Þegar hún man fyrst eftir sér voru einungis þrjú hús í kaupstaðnum. Það var svokallað Hjaltalínshús, íbúðarhús foreldra hennar og verslunarhús sem faðir hennar átti. Hjaltalínshús byggði Oddur læknir Hjaltalín en seldi það kaupmanni nokkrum, Helga Jónssyni að nafni. Í húsinu var, auk verslunar, svefnkleri, stofa, eldhús og búr. Í húsinu bjó Helgi með konu sinni, tveimur börnum og vinnufólki. Verslunarhús Jóns Daníelssonar var tvískipt, vöruhús í öðrum enda þess en verslun í hinum.³⁵

Annars virðast húsakynni íbúa kaupstaðarins ekki hafa verið beysin. Seint á 19. öld keypti sr. Jón Oddur Hjaltalín, prestur á Setbergi, hús eitt á Grundarkampi af Frökkum. Húsið fékk hann fyrir slíkk. Hann lýsir því þannig: ... *1 stofa þvert yfir hálfan suðurenda hússins, eitt lítið svefniherbergi til hliðar, vestanmegin, en gangur eftir húsinu miðju, suður til stofudyra. Austanverðu var eldhúsið, en útgangur úr húsinu um norðurgöflinn.*³⁶ Þetta var allt og sumt.

Margir flökkumenn vöndu komu sínar til hinna nýstofnuðu kaupstaða landsins í leit að samastað. Meðal þeirra má nefna Jón Rytju og Friðrik Plum. Hinn þekkti flökku maður Sölvi Helgason átti þar einnig viðkomu, reyndar sem fangi Jóns

Frú Anna Thorlacius. Anna fæddist árið 1839 og ólst upp í Grundarfjarðarkaupstað hinum forna. Hún var dóttir Jóns Daníelssonar kaupmanns og bónda á Grund. (Úr ljósmyndasafni Jóhanns Rafnssonar, Stykkishólmi.)



Daniélssonar sem fór með lögregluvald í Grundarkaupstað samhliða því að reka verslun.³⁷ Sölvi hafði orð á sér fyrir að vera snyrtilegur og góðhjartaður en fólki var samt ekki mikið um hann gefið frekar en aðra flökkumenn. Anna Thorlacius minnst þess að hafa forðast hann. En eitt sinn náði Sölvi Önnu og setti á kné sér. Hún reyndi að komast kjökrandi undan. Þá sleppti hann henni og sagði dapur í bragði: *Allir forðast mig, og þú blessað barnið líka, blessuð farðu.*³⁸

Stiklað á stóru í sögu Grundarfjarðarkaupstaðar á Grundarkampi

– 1601: Norskir, þýskir og danskir sjó- og kaupmenn lenda skipum sínum við Grundarós í Grundarfirði.

1602–1787: Tími einokunarverslunar á Íslandi. Danir hafa viðkomu í Grundarfirði í verslunarferðum sínum til landsins.

1720: Franskt hvalveiðiskip strandar við Melrakkaey í Grundarfirði.

1784: Skipstjóri nokkur gerir uppdrátt af Grundarkampi í Grundarfirði.

1786: Grundarfjörður hlýtur kaupstaðarréttindi.

1787: Uppdrátturinn frá 1784 notaður við mælingu á kaupstaðarlóð í Grundarfirði.

1788: Lög um fríverslun á Íslandi taka gildi.

1788–1790: Tveir íslenskir, danskmenntaðir iðnaðarmenn, smiður og hattari, setjast að í hinum nýstofnaða kaupstað í Grundarfirði. Annar þeirra hrökklast burt og fer aftur til Danmerkur árið 1790. Sama ár lést hinn.

1788–1795: Fyrirtækið Heindrich van der Smissen rekur útibú verslunar í Grundarfirði. Verslunin hættir eftir sjö erfið ár í rekstri.

1792: Jörðin Grund, að Grundarkampi meðtöldum, seld konungi undir kaupstaðinn.

1792: Sæmundur Hólm gerir skipulagsuppdrátt af Grundarfjarðarkaupstað á Grundarkampi. Uppdrátturinn er talinn vera elsti uppdráttur af skipulagi kaupstaðar á Íslandi.

1794: Hollenska skipið De Joanne Maria lendir við Grundarós með 72 menn innanborðs, eftir að hafa lent í klóm sjóræningjaskipa á hafi úti.

1795–1800: Norðmaðurinn Ernst Matthias Heidemann stofnar og rekur verslun í kaupstaðnum í fimm ár. Ernst ferst með skipi sínu árið 1800.

1800–1804: Ekkja Ernst Matthias Heidemann heldur áfram rekstri verslunarinnar í nokkur ár en flytur síðan frá Grundarfirði.

1807: Kaupstaðarréttindi Grundarfjarðar afturkölluð.

1816: Grundarfirði veitt kaupstaðarréttindi að nýju.

1830: Jón Daníelsson opnar verslun í Grundarfjarðarkaupstað á Grundarkampi.

1836: Kaupstaðarréttindi Grundarfjarðar endanlega afturkölluð. Grundarfjörður verður í þess stað löggiltur verslunarstaður.

1843: Jörðin Grund seld einstaklingi. Kaupandi er Jón Daníelsson, bóndi og kaupmaður. Stefán, sonur hans, tók síðar við versluninni og vann við hana samhliða því að sinna störfum hreppstjóra Eyrarsveitar.

1854: Íslendingum heimilað að versla við hvaða þjóð sem er.

1858–1872: Frönsk saltfiskverkun starfrækt á Grundarkampi.

1859: Frakkar vígja kaþólska kirkju á Grundarkampi.

1870: Verslun á Grundarkampi liðin undir lok.

1897: Horfið með öllu frá hugmyndum um kaupstaðarmyndun, útgerð, iðnað og verslun á Grundarkampi. Grafarnesi, þar sem Grundarfjarðarkaupstaður stendur nú, er gefinn þessi réttur.

1920–1942: Býlið Forna-Grund reist á Grundarkampi og þar búið í röska tvo áratugi.

Tilvísanir:

- ¹ Félag atvinnulífsins í Grundarfirði.
- ² Sigfús Haukur Andrésson 1978, s. 58; Einar Haukur Kristjánsson 1986, s. 56–57.
- ³ Páll Línadal 1982, s. 14, 371.
- ⁴ Sigfús Haukur Andrésson 1978, s. 58; Páll Línadal 1982, s. 23, 61.
- ⁵ Páll Línadal 1982, s. 17.
- ⁶ Páll Línadal 1982, s. 372.
- ⁷ Páll Línadal 1982, s. 23.
- ⁸ Sigfús Haukur Andrésson 1978, s. 60; Páll Línadal 1982, s. 373–373; Einar Haukur Kristjánsson 1986, s. 57–58.
- ⁹ Handrit að sögu Eyrarsveitar, s. 5–6.
- ¹⁰ Elín Pálmadóttir 1989, s. 97.
- ¹¹ Halldór Finnsson 1977, s. 187; Páll Línadal 1982, s. 373.
- ¹² Páll Línadal 1982, s. 14.

- 13 Frakkar stunduðu veiðar við Ísland óslitið frá 1716 til 1792 er hlé varð á þeim vegna styrjalda Napóleons. Þeir hófu veiðar á ný við Ísland árið 1820.
- 14 Handrit að sögu Eyrarsveitar, s. 1–2.
- 15 Handrit að sögu Eyrarsveitar, s. 3.
- 16 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1930–1931, s. 279.
- 17 Manntal 1801, Vesturamt, 1979, s. 115.
- 18 Manntal Setbergssóknar 1816, s. 574.
- 19 Sýslu- og sóknalýsingar 1970, s. 171.
- 20 Manntal 1845, s. 114–115.
- 21 Sýslu- og sóknalýsingar 1970, s. 171.
- 22 Elín Pálmadóttir 1989, s. 96–97.
- 23 Elín Pálmadóttir 1989, s. 97.
- 24 Handrit að sögu Eyrarsveitar, s. 30.
- 25 Dys er gröf tekin utan kirkjugarðs.
- 26 Einar Haukur Kristjánsson 1986, s. 54.
- 27 Elín Pálmadóttir 1989, s. 94.
- 28 Jón Stefánsson 1949, s. 21.
- 29 Handrit að sögu Eyrarsveitar, s. 18.
- 30 Handrit að sögu Eyrarsveitar, s. 17–20.
- 31 Handrit að sögu Eyrarsveitar, s. 19.
- 32 Jón Stefánsson 1949, s. 21.
- 33 Jón Stefánsson 1949, s. 27.
- 34 Jón Stefánsson 1949, s. 28.
- 35 Sögur og sagnir af Snæfellsnesi 1968, s. 172.
- 36 Ævisaga Sr. Jens Hjaltalíns, s. 75.
- 37 Jón Stefánsson 1949, s. 16.
- 38 Sögur og sagnir af Snæfellsnesi 1968, s. 225.

Heimildir:

- Sögur og sagnir af Snæfellsnesi* II 1968: Anna Thorlacius segir frá. Oscar Clausen safnaði. Reykjavík.
- Einar Haukur Kristjánsson 1986: Eyrarsveit. *Árbók Ferðafélags Íslands* 1986. *Snæfellsnes norðan fjalla*. Reykjavík.
- Elín Pálmadóttir 1989: *Fransí biskví*. Frönsku Íslandssjómennirnir. Reykjavík.
- Halldór Finnsson 1977: Grundarfjörður. *Byggðir Snæfellsness*. Ritnefnd: Þórður Kárason, Kristján Guðbjartsson og Leifur Kr. Jóhannesson. Búnaðarsamband Snæfellinga.
- Handrit að sögu Eyrarsveitar. Ásgeir Guðmundsson tók saman. Eyrarsveit.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1931–33*: Snæfellsýsla, skráð árið 1702. Kaupmannahöfn.
- Jón Stefánsson 1949: *Úti í heimi*. *Endurminningar*. Reykjavík.

- Manntal Eyrarsveitar frá 1703. Handrit. Bókasafn Eyrarsveitar.
- Manntal Vesturamts frá 1801. Handrit. Bókasafn Eyrarsveitar.
- Manntal Setbergssóknar 1815, útg. 1816. Handrit. Bókasafn Eyrarsveitar.
- Manntal Setbergssóknar frá 1845. Handrit. Bókasafn Eyrarsveitar.
- Manntal Eyrarsveitar frá 1910. Handrit. Bókasafn Eyrarsveitar.
- Páll Líndal 1982: *Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík.
- Sigfús Haukur Andrésson 1978: Grundarfjarðarkaupstaður hinn forni. *Sveitarstjórnarmál 2*. Reykjavík.
- Sýslu- og sóknalýsingar* 1970: Setbergssóknarlýsing unnin af Einari Sæmundssyni árið 1839. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson tóku saman. Reykjavík.
- Þorleifur Jóhannesson 1927: Nokkrar fornleifar í Helgafellssveit og Eyrarsveit. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1927*. Reykjavík.
- Ævisaga Sr. Jens Hjaltalíns. Handrit. Bókasafn Eyrarsveitar.

Sigríður Pálsdóttir frá Hömrum, kennari

Þinghúsið í Grundarfirði

Þinghúsið stóð við Grundarána á Þinghúsflötinni. Um tveim metrum fyrir norðan húsið var Þinghúsústin, en rétt norðan við rústina rann Þinghúslækurinn og upp af honum Þinghúsbrekkan. Brekkan sú reyndi oft til hins ýtrasta á krafta dráttarhestanna þegar þeir drógu þinghlaðnar kerrur þar upp áður en bílar komu til sögunnar.



Þinghúsið Grund um 1935. Ljós.: Gunnar Kristjánsson.

Þinghúsið var farskólahús, funda- og samkomuhús og þingstaður hreppsins fram undir lok síðustu heimsstyrjaldar.

Nú sér þess engin merki! Jarðýtan stóra ýtti gömlu rústinni, húsgrunninum og öllum jarðvegi upp í veginn, sem liggur þar fast hjá, líklega sumarið 1966 eða 1967. Þá var ekki farið að tala um umhverfismat eða umhverfisvernd, því fór sem fór.

Engan hefi ég fundið, sem veit eitthvað um Þinghúsrústina, og ekki heldur neinn, sem veit með vissu um byggingarár Þinghússins. Móðir mín, Ólöf Þorleifsdóttir, var á Hömrum sumartíma þegar hún var tíu ára, en hún var fædd 1903. Hún segir í viðtali við Halldór Finnsson (segulbandsupptaka frá 1974) að hún hafi síðar verið þar unglingur tvö sumur og Þinghúsið hafi þá verið komið. Ég giska því á að byggingarárið hafi verið um 1913. Halldór Finnsson hefur heimildir um að kennt var þar 1915–1916.

Þinghúsið var á að giska 45–50 fermetrar, sjálft húsið. Það sneri í norður-suður með lágu risi, þrjár gluggar voru á vesturhlið.

Eftir 1919 var bygður skúr meðfram allri austurhliðinni – við suðurenda skúrsins var kamar.

Viðbyggingin, sem trúlega hefur verið um 20 fermetrar, skiptist í forstofu í norð-austurhorni, útidyrnar sneru í norður, þá kom kaffistofa um miðbikið og örlítið eldhúskrili þar inn af. Gengið var úr forstofu inn í salinn, einnig voru dyr úr forstofu inn í kaffistofuna, en sjaldan notaðar vegna þrengsla. Úr salnum voru dyr inn í kaffistofu þar sem 6–8 manns gátu setið á baklausum trébekkjum við tréborð. Í eldhúskriflinu var vinkilborð, þar gátu tvær konur athafnað sig með lagni, en sú þriðja afgangreit veitingar. Þarna var kaffi og súkkulaði hitað á prímus og eða olíuvélum og vatn til að þvo upp leirinn í vaskafati, en vatn var sótt í Þinghúslækinn.

Hér fara á eftir nokkur brot úr dagbók, sem ég hélt sumarið 1943, þar sem Þinghúsið kemur við sögu.

9. júlí 1943, föstudagur

... Það á að verða hlutavelta hjá kvenfélaginu *Gleym mér ei* á sunnudaginn. Mamma var að baka fyrir veitingarnar.

10. júlí, laugardagur

Ég fór upp í Þinghús kl. 15:00, varð samferða Ásu á Setbergi og Freyju á

Spjör. Það voru margar konur og stúlkur þarna að undirbúa hlutaveltuna, sem á að verða á morgun. Við Ása skrifuðum á 1000 miða, en 900 voru notaðir. Ég kom ekki heim fyrr en kl. 22:00 ...

Sunnudagur 11. júlí.

Þegar ég var lögð af stað upp í Þinghús í morgun kom íshúsbíllinn og með honum pabbi og Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi til að líta á hjá okkur, segja okkur álit sitt á fyrirhugaðri samkomuhúss- og skólabyggingu, sem nú er verið að safna fyrir. Guðmundur Runólfsson var líka með í bílnum, hann og Sigurjón bílstjóri komu líka með heim. Ég gaf þeim mjólk, brauð og kökur og flýtti mér eins og ég gat – og þúaði íþróttafulltrúann – mér er illa við þeringar í flestöllum tilfellum. Bíllinn fór svo með þá alla fram að Setbergi.

Ég varð 10 mínútum á eftir áætlun upp í Þinghús, afgreiddi á hlutaveltunni eins og ég var búin að lofa. Þegar dansinn átti að byrja fór ég með Guðmundi og Þorkeli Gunnars (stjórnin í UMF) fram að Setbergi. Við (stjórnin í UMF) fórum til að tala við íþróttafulltrúann og heyra álit hans. Hann ráðlagði okkur eindregið að byggja hús sem væri samkomuhús og heimavistarskóli, þannig að í öðrum enda hússins væri leikfimisalur / samkomusalur og í hinum endanum heimavistin og kennslustofur. Á milli heimavistar (og kennslustofa) og salarins væri svo veggur, aðeins dyr, sem loka mætti þegar samkomur væru, inn á leiksviðið. Sérinnangur væri fyrir heimavist, en annar fyrir leikfimisal. Okkur leist vel á þetta þegar hann hafði útskýrt málið og sýnt okkur fram á að okkar hag yrði þarna vel borgið og skólaspursmálið líka leyst.

Við þrjú, Þorkell, Guðmundur og ég, gengum upp að Þinghúsi, því bíllinn sem við fórum með fram eftir, átti að flytja íþróttafulltrúann fram í Eyrarpláss, en þaðan fékk hann far með báti yfir fjörðinn, hann ætlaði að gista í Bjarnarhöfn, en þar hafði hann verið smali sjö sumur ...

Mánudagur 12. júlí

Það var veitt heima á Grund í gær. Í morgun fór ég upp eftir til að þrifa gólf-in – þau voru alveg ógurlega skítug ...

Laugardagur 17. júlí

Á morgun verður 10 ára afmæli Ungmennafélagsins haldið hátíðlegt. Ég er að baka í dag fyrir félagið. Tertur ...

Sunnudagur 18. júlí

Ég fór upp í Þinghús kl. 14:00, vissi ekki almennilega hvenær afmælið átti að

byrja. Imba í Hellnafelli kom ekki fyrr en kl 17:00, við fórum þá strax að undirbúa. Ég var búin að tína lyng til að skreyta með og svo gaf mamma mér blóm í vasa til að láta á borðin. Við lánuðum mikið af leir upp eftir, ég fór heim að sækja viðbót, okkur vantaði svo mikið bolla. Guðný í Hellnafelli kom með mér, en þegar við komum niður túnið komu fjórir gestir, sem ég þurfti að gefa kaffi, en Guðný fór með það sem hægt var að lána. Mamma kom heim frá Grund og leysti mig af hólmi.

Það sátu fjörutíu ungmennafélagar undir borðum. Sex burtfluttir ungmennafélagar gáfu félaginu fagran silfurskjöld til að keppa um í frjálsum íþróttum. Skjöldurinn heitir Steinþórsskjöldur. Ég dansaði lítið því ég var með allan hugann við að koma leirnum okkar frá og svo fengum við mikið lánað frá Grund og ég kom öllu til skila.

Það fengu víst allir nóg af kökum og svo gáfum við fólki, sem kom á eftir, kaffi og eins og það vildi með af kökum.

Heim kom ég milli kl. 02:00 og 03:00. Hörður og Mundi báru fyrir mig leirinn. *Sunnudagur 29. ágúst*

Steinþórsmót Ungmennafélagsins var í dag. Varð Fjóla fyrst í 80 m hlaupi á 11.2 ... Ég nenni ekki að skrifa meira um mótið, ég var þreytt eftir það, því við stelpurnar sáum alveg um veitingarnar. Ein kona hjálpaði okkur þó mjög vel, en það var voðalegt at og erfiði því húsið er svo andstyggilegt, ef hús skyldi kalla!

Mig langar til að bæta hér við nokkrum fleiri minningabrotum um Þinghúsið.

Farskóli sveitarinnar var í Þinghúsinu meðan ég gekk í skóla, en þótt Þinghúsið væri notað til kennslu, voru þar engar innréttingar til hagræðis fyrir skólastarfið, hvorki skápur né hilla, aðeins nokkrir snagar í forstofu. En lúga var í lofti, þar voru landakort geymd.

Skólaborð voru úr tré með láréttri fjöl efst, þar var hola fyrir blekbyttu og gróp fyrir pennastöng eða blýant. Borðum var raðað meðfram gluggaveggnum, þau voru líklega fimm til sex og sátu 3–5 börn við hvert borð á baklausum trébekkjum. Í frostum var hrím ekki alltaf farið af gluggum, þegar skóli byrjaði, en ullarfatnaður hélt á okkur hita. Við vorum í ull yst sem innst, undantekningalítið. Stúlkur gengu þá í pilsnum, en blessaðar þrjónaklukkurnar héldu á okkur yl. Hettuúlpur þekktust þá ekki. Drengir voru í jökkum, stúlkur í káp-

um. Oftast voru þessar flíkur heimasumaðar. Algengust höfuðföt voru ullarhúfur og eða ullartreflar.

Allir höfðu með sér nesti í skólann. Í mjólkurleysi á haustin var vatnskakó eða þunnt, sætt kaffi á flöskunum og rúgbrauðið var með bræðingi ofan á. Flöskurnar voru settar upp á ofninn til að innihald volgnaði, en það kom fyrir að flöskurnar sprungu með hveli og þótti hið versta mál. Eftir að kýr báru á bæjunum var mjólk á flöskunum og smjör á brauðinu, sem að sjálf sögðu var allt heimabakað.

Í frímínútum vorum við í útileikjum ef veður var sæmilegt. Við fórum í slagbolta, fríbolta, yfir, hlaup í skarðið, eitt par fram fyrir ekkjumann, sto. En ég held að stórfiskaleikur hafi verið vinsælastur. Ef ekki gaf út, ýttum við borðum til og fórum í skollaleik inni. Þá var mest spennandi ef kennarinn var skollinn.

Á haustin vorum við öll vigtuð á reislunni, þótti þá ekki lakara að vera í þyngri kantinum.

En skollinn var á fleiri stöðum í sveitinni eins og kemur fram í skólaskýrslu frá vetrinum 1937–1938. Læt ég hana fylgja hér með, lesendum til glöggvunar. Þau börn, sem áttu að taka fullnaðarpróf að vori, fengu að fylgja kennaranum þann vetur og var þá komið fyrir á næstu bæjum við þann stað, sem kennt var á. Börnum sem ekki fylgdu kennara, var sett fyrir visst námsefni, sem þau áttu að standa skil á þegar kennari kom aftur.

Kennarinn var nær alltaf til húsa á Hömrum, þegar kennt var í Þinghúsinu. Alltaf voru tekin einhver börn inn á heimilið meðan kennt var, stundum fjögur, sagði móðir mín. Þetta voru dýrðardagar fyrir okkur heimabörnin. Við kepptumst við að læra, síðan var farið út í stórfiskaleik, yfir, fallin spýta eða í feluleik, og ef ekki gaf út, mátti notast við innileiki svo sem skip mitt er komið að landi, gefa í horn, síðast þegar ég sá hann o.s.frv.

Mig langar að minnast á Unni Hermannsdóttur sem kenndi tvo síðustu vetur mína í skóla 1936–1938. Hún var afbragðskennari, elskuð og virt af okkur nemendum. Hún skrifaðist á við mörg af okkur árum saman og fylgdist með okkur meðan henni entist aldur. Ég held að agavandamál hafi varla verið til, því allt vildum við gera henni til geðs. Minnisstætt er þó að eitt sinn datt tveimur af elstu piltunum í skólanum í hug að sýna okkur yngri börnunum, og Unni auðvitað líka, dirfsku sína og fimi og stukku út á jaka í háflæddri Grundaránni fyrir framan Þinghúsið. Þeir ýttu sér frá landi með prikum, sem brátt náðu ekki

til botns, ósyndir báðir. Hvernig okkur Unni og krökkunum leið meðan þeir sveimuðu þarna á jökunum verður lesandinn að geta sér til um, en lífs komust þeir í land.

Það var nokkru seinna að sunnan afsþyrnurok gerði með úrhellisrigningu – Stóra-sunnan. Faðir minn var heima þennan dag. Hann aftók með öllu að við börnin færum í skólann – en Unnur vildi fara, hún vildi ekki láta börn koma að tómu Þinghúsinu ef einhverjum dytti í hug að leggja í veðrið og yfir árnar, sem voru í hroðavexti. Þá ákvað faðir minn að fylgja henni. Þau gölluðu sig upp og fóru strax niður í fjöru til að njóta skjóls af bökkunum og börðust svo á móti veðrinu upp að Þinghúsi. Og viti menn! Eftir stutta stund birtust hetjurnar tvær frá jakahlaupinu. Aðspurðir hvernig þeir hefðu komist yfir Grundarána, sögðust þeir hafa stokkið milli steina uppi undir Grundarfossi og fylgt svo hlíðum að Þinghúsi. Unnur þekkti sitt fólk og ekki féll hún í álitu okkar við þetta

Víst má telja að fjölskyldur á Grund eða Fornu-Grund hafi séð um upphitun og þrif á Þinghúsinu, þegar skóli var þar. Ásdís Ásgeirsdóttir frá Fornu-Grund man að móðir hennar, Þórdís Þorleifsdóttir, sá um þetta einn vetur. Þurfti hún stundum að fara tvisvar sama morguninn áður en skóli hófst ef hætta var á að slægi niður í ofninn. Kennari sá um upphitun eftir að kennsla hófst. Ásdís segir að Þórdís hafi oft nefnt að hún fékk 2 krónur í kaup, en hvort það var fyrir daginn eða tímabilið vitum við ekki nú. Lesendur geti sér til! Við vitum ekki hvaða ár þetta var en fjölskylda Þórdísar fluttist að Fornu-Grund 1929.

Það var trúlega veturinn 1939–1940, sem Soffía dóttir Þórdísar þreif Þinghúsið um skólatímamann. Hún bar snarpheitt vatn í fötu heiman frá sér í Þinghúsið og „það var orðið mátulegt til að nota, þegar þangað kom“ Svo sópaði hún molana kringum ofninn með fuglsvæng og skúraði svo gólfið á hnjúnum.

Það kom oftast í hlut okkar stúlkanna í Ungmennafélaginu að þrifa Þinghúsið eftir böllin. Ég tók oft þátt í þrifunum upp úr 1940. Margar urðu oft föt-urnar af köldu vatni áður en gólfið varð hreint – tækin voru strigatuska og gólfskrúbbur með skafti. Tími fuglsvængsins var liðinn.

Jólaböll – barnaböll

Þétur Sigurðsson kom á jólaball í Þinghúsinu 1919, hann heldur að Þorvaldur Þorleifsson hafi haft forgöngu um ballið. Ekki man hann eftir jólatré, en fólk

var glatt og fjörugt. Jarþrúður Ásmundsdóttir er fædd 1915, hún man eftir fyrsta barnaballinu í Þinghúsinu þar sem jólatré með lyngi og allskyns skrauti og heimagerðum sælgætispokum varð henni minnisstætt. Hjónin Guðrún Jónsdóttir og Kristján Hjaltason stóðu fyrir þessu balli og lögðu til allt sem þurfti, þetta getur hafa verið 1926–1927. Síðan tóku nokkrar konur sig til og héldu barnaböll þar til Kvenfélagið var stofnað 1932. Það hefur séð um barnaböll allar götur síðan.

Halldór Finnsson minnst þess ennþá hvað honum fannst „mikill viðburður“, þegar hann sá Þinghúsið fyrst skreytt á barnaballi, með aðkeyptum harmonikulaga litfögnum pappírslengjum. Öll þau barnaböll, sem ég man í Þinghúsinu, lánuðum við jólatré sem faðir minn smíðaði. Það var næstum mannhæð með englaspili í toppinn, sem snerist við hitann frá kertunum. Okkur börnunum fannst hátíðlegast að horfa upp til englanna og hlusta á kliðmjúkar bjöllurnar blandast við sönginn þegar gengið var í kring um „lyngberjarunn“. Það var ekkert kynslóðabil á þessum barnaböllum. Elsta fólkið kom líka og sat á bekkjunum í kring. Það fékk líka sinn fléttaða sælgætispoka af jólatrénu eins og



Fólk á palli við Þinghúsið.

litlu börnin. En úti í horni stóð full vatnsfata með strigapoka ofan í, þeirra tíma slökkvitækni. Sem betur fór þurfti aldrei að grípa til hennar, það ég man.

Á mynd frá árinu 1933 sést hópur af ungu fólki, sem dansaði vikivaka á palli fyrir sunnan Þinghúsið. Enginn var þá bíllinn í Eyrarsveit. Ég er viss um að mótorbátur hefur flutt efnið í pallinn að Grundará eða upp hana á háflæði og síðan hefur það verið flutt með árabát að Þinghúsinu. Það kom í minn hlut að biðja föður minn um slíkt viðvik seinna, „hann gerir það fyrir þig,“ sögðu félagarnir í Ungmennafélaginu – og það gerði hann. Pallurinn náði meðfram allri vesturhlið Þinghússins. Veðrið var gott ballkvöldið og við unga fólkið nutum þess að hafa gott loft og dansrými. En Svanur SH 111 og árabáturinn Heppinn hafa eflaust séð um flutning á pallefni aftur, þó það sé horfið úr minni mínu.

Frænka mín, Soffía Ásgeirsdóttir, sem fluttist að Fornu-Grund 1929, hefur sagt mér að þau systkinin hafi alltaf farið snemma að Þinghúsinu daginn eftir að skemmtanir voru þar. Tilgangurinn var að leita að Commonder-sígarettuþökkum, en innan í þeim var silfurpappír, sem þau plokkuðu varlega úr, straujuðu og geymdu svo til næstu jóla og notuðu í skraut á lyngskreytt spýtuþólatréð.

Í áðurnefndu viðtali Halldórs Finnssonar við móður mína, spyr hann hana hvort Þinghúsið hafi verið komið, þegar hún var unglingur á Hömrum sumrin 1913–1916.

Svar hennar er: „Já, já. Við fórum upp í Þinghús á sunnudagskvöldum. Við vorum svo mörg. Þá var sr. Ólafur Stephensen á Grund og allir hans mörgu, kátu unglingar, bræðurnir frá Hömrum og Þórdís og svo komu Hellnafellsbræður, Guðjón með harmonikuna á bakinu og svo var dansað.“ Eflaust hefur komið fleira ungt fólk af bæjunum þó hún nefni það ekki í viðtalinu.

Guðrún Sveinbjörnsdóttir frá Hellnafelli man eftir að einn sumardaginn tók Ingibjörg systir hennar sig til ásamt Áslaugu á Grund og þær gengu á Kirkjufell! Árið man hún ekki, en sr. Ólafur flutti frá Grund árið 1919. Ég nefni þetta hér vegna þess að ólíklegt er að margar konur hafi gengið á Kirkjufell fyrir þann tíma.

En víkjum nú aftur að dansmenntinni í Þinghúsinu.

Á hverju balli var marsérað, var þá reynt að fá sem flesta með. Síðan var marsinn „dansaður út“ með allskonar tilbrigðum, sem vöktu kátinu og spenning.

Ekkert var leiksviðið í Þinghúsinu, en skemmtiatriði fyrir utan dans voru upplestur, ræður, söngur og einu sinni var leikinn stuttur þáttur úr Skuggasveini.

Eftir að ungmennafélagið var stofnað, komu einu sinni margir ungmennafélagar úr Helgafellssveit í hópreið í heimsókn. Í Þinghúsinu biðu gestanna dúkuð langborð með kræsingum, sem ungu stúlkurnar höfðu framreitt. Gestirnir héldu ræður og heimapiltar svöruðu. Jarþrúður Ásmundsdóttir var ein þeirra, sem stóð fyrir veitingum og man enn hvað þær voru hreyknar ungu stúlkurnar, þegar ræðumaður frá gestunum haldi þeim fyrir myndarskapinn.

Hellnafells- og Suður-Bárar-systur sungu oft á samkomum, og sjálf man ég þar fyrsta konsert ævinnar. Þá stóðu systkinin frá Hellnafelli uppi á palli, við suðurhlið Þinghússins, þar sungu þau ættjarðarlög í sumardýrðinni. Ég held þetta hafi verið um 1935, Þorkell Sigurðsson man þennan atburð líka. Meðan ég man átti enginn í sveitinni góða harmoniku, en oft þandi Helgi Andrésson einföldu harmonikuna sína á innansveitarböllum. Seinna spilaði Ingjaldur Sigurðsson stundum á sína tvöföldu harmoniku á móti litlu orgeli, sem flutt var frá Hömrum eftir að bílar komu til sögu. Elísabet Helgadóttir spilaði oftast á orgelið. Gunnar Kristjánsson á Grund átti góða harmoniku en flutti snemma suður. Því þurfti að fá menn lengra að, þegar meira stóð til.

Trausti Jónsson frá Stapa telur að hann hafi verið 16 ára – hann er fæddur 1922 – þegar hann kom einn yfir Bláfeldarskarð með tvo til reiðar, með þriggja kóra hnappaharmoniku á klakk til að spila í Þinghúsinu. Harmonikuna átti Ungmennafélagið í Breiðuvík. Á heimleiðinni lenti hann í þoku. „Ég rataði ekkert, hafði aldrei farið þetta áður, en ég gaf hestinum lausan tauminn og lét hann alveg ráða ferðinni og hann fetaði rólegur götuna yfir fjallið og niður að Bláfeldi.“

Jarþrúður Ásmundsdóttir, sem er fædd 1915, man vel eftir þegar Kristján frá Lágafelli kom við annan mann yfir fjallgarðinn með harmonikuna á bakinu og spilaði svo fram undir morgun eins og síður var. Þessar hetjur gærdagsins gistu svo í Grundarfirði áður en þeir lögðu aftur á fjallið.

Þegar bílaöld hófst varð auðveldara að ná í harmonikuleikara. Svavar Benediktsson kom nokkrum sinnum frá Stykkishólmi með sína fimmföldu harmoniku. Ég man hann enn, þar sem hann sat með lokuð augu við austurvegginn í Þinghúsinu og spilaði af innlifun sína indælu valsa og áreiðanlega samdi hann þarna oft af fingrum fram. En þegar við þekktum lögin var tekið svikalaust undir og sungið um „sólarlagsins glóð“ og fleira sem ýtti við ungunum og hrifnæmum hjörtum.

Framboðsfundir voru haldnir í Þinghúsinu, þar greindi menn á um stjórn-mál. Frambjóðendur í reiðfötum með silfurbúna svipu, sem stungið var niður í stígvélið, sæmdu hver annan sterkustu lýsingarorðum tungunnar. Á haustin vorum við krakkarnir oft upptendruð af þessum framboðsfundum og heyrðust hávarar ræðurnar yfir ána hjá krakkahópum sem komu utan að og framan að. En fljótt gleymdist þetta orðaskak og í frímínútum réð leikgleðin ein.

Pálína Gísladóttir sótti skóla í Þinghúsinu frá Vindási veturinn 1941–1942, og telur það vera síðasta veturinn sem kennt var í Þinghúsinu. Þinghúsið var síðan rífið vorið eða sumarið 1944. Elberg Guðmundsson reif það og ef til vill fleiri með honum. Jón Elbergsson man það ekki, en hann man „að Guðmundur Runólfsson notaði okkur smáguttana til að þurrka torfið sem var einangrun“. Það var síðan notað í nýja skólahúsið. En Guðmundur man að rista þurfti torf til viðbótar á Grund. Árni Hallgrímsson sagði mér að grindin úr Þinghúsinu hafi verið notuð við uppslátt á grunninum að nýja skóla- og samkomuhúsinu, en hurðirnar þrjár fóru í Elbergshús. Synir Elbergs sögðu mér að þær væru nú horfnar, skipt var um hurðir, þegar byggt var við húsið. En enn leynist panill úr Þinghúsinu í gamla hluta Elbergshúss.

Til þess að yngra fólk skilji hvers vegna mest allt timbur var notað úr Þinghúsinu, sem var þó orðið um 40 ára, þegar þess sögu lauk, set ég hér kafla úr tveimur bréfum, sem faðir minn skrifaði mér til Blönduóss veturinn 1944–1945, en bréfin gefa innsýn í byggingarmál nýja skóla- og samkomuhússins, arftaka Þinghússins:

Skólahúsið var komið undir þak áður en ég fór að heiman. Það vantaði kjöl-inn og nokkuð af saumnum í þakið, enda fuku tíu plötur af þakinu í síðasta sunnanroki. Ég gat fengið þær aftur hér og er búinn að senda þær heim og sömuleiðis kjölinn og sauminn sem vantaði. Það er nú verið að innrétta skóla-stofuna, sennilega verður hægt að fara að kenna þar í lok þessa mánaðar.

Ég er hræddur um að salurinn verði ekki innréttaður í vetur. Þorsteinn Einarsson var búinn að fá efni í gólfið, en lét það til annarra án þess að tala við mig, svo efni í það kemur ekki aftur fyrr en seint í vetur.

Ég veit enn ekki hvað þetta sem komið er, kostar, sennilega í dag um 100 þúsund.

Bárður í Gröf hefur verið hér með mér og við tókum á móti 30 þús. frá

ríkissjóði til byggingarinnar og borguðum svo allar kröfur hér fyrir efni o.fl. Eyrarsveit er búin að leggja fram um 35 þús. en ég held að ekki sé komið nema 10–15 þús. frá Ungmennafélaginu, óborgað er því mikið af vinnulaunum o.fl. Ég veit ekki hvernig þið ætlið að redda því. Tíðarfar hefur verið voðalega vont í haust heima.

Ég veit ekki enn hver verður ráðskona í bragganum í vetur. Það er engin matreiðsla þar nú, en krökkunum er kennt þar, þangað til skólinn er tilbúinn.

Reykjavík 8. nóvember 1944

Barnakennsla gengur nú yfirleitt vel. Þessi nýi kennari reynist vel, hann kennir í tveimur deildum, eldri og yngri til skiptis í nýja skólahúsinu. Petrína kennir á Hópi og Eiði. Það er nú erfitt fyrir Dúddu okkar að ganga að Eiði í þessari ótíð.

Hömrum 25. febrúar 1945

Engar prentaðar heimildir hefi ég haft til að styðjast við, en ég hefi talað við marga gamla Eyrarsveitunga, sem enn muna Þinghúsið, og hefi reynt að geta þeirra flestra.


Eflaust finnst sumum, sem ég hefi ekki náð til, sitthvað vanta í þessi skrif. Það væri fagnaðarefni ef þeir vildu þá koma því á framfæri við mig, því auðvelt er að bæta við. Öðrum getur fundist að ég tíni of margt smálegt til, en mín hugsun var sú að bjarga sem flestum sprekum úr minningafjörinni áður en aðfall tímans „svo undurhægt að enginn sér“ hylur þau sandi gleymskunnar.

Kópavogi á útmánuðum 2000

Sigríður Pálsdóttir frá Hömrum, kennari

Brunnhúsið á Hömrum

Á árunum 1908–1910 var byggður nýr torfbær á Hömrum, á hólnum sem íbúðarhúsið stendur nú á. „Þetta þótti alveg höll á Hömrum, 14 álna langur bær og 6 álna breiður,“ sagði Páll faðir minn haustið 1950, þegar ég spurði hann um gamla bæinn. Á þeim tíma rann bæjarlækurinn fyrir sunnan bæinn. Móðir mín var sumartíma á Hömrum 1913 og hafði hún oft orð á hvað henni þótti notalegt að sofna við lækjarniðinn á kvöldin. Á árunum 1917–1918 er byggt timburhús á Hömrum, það stóð þar sem fjárhús standa nú. Grunn lægð var fyrir austan gamla bæinn og sveigir til sjávar milli gamla bæjarhólsins og barðsins, sem timburhúsið stóð á. Lægð þessi var mýrlend frá farvegi gamla bæjarlækjarins og nú grófu bændur honum nýjan farveg þar til hann sameinadist tveimur lækjarsytrum sem áður runnu um lægðina til sjávar. Við þennan nýja bæjarlæk hefur þá verið reist brunnhús, líftill skúr með hurð fyrir, inni var hlaðinn brunnur, grunnur. Jarprúður Ásmundsdóttir, sem fædd er 1915 og flutti með móður sinni að Hömrum 1919, man vel eftir þessum brunni. Hún man að franskar fiskiskútur lágu fyrir framan bæinn og sjómennirnir komu í land og fengu að sækja vatn í brunnin, komu þeir þá stundum með biskví til að launa fyrir sig. Einn veturinn voru snjóalög svo mikil að Brunnhúsið fór alveg á kaf og voru margar tröppur niður að því. Ég fæddist 1925 og frá því ég man fyrst stóð Brunnhúsið á þeim eða nálægt þeim stað þar sem gamli skúrinn hefur staðið, en eftir honum man ég alls ekkert. Ég hef leitað í öllum tiltækum gömlum myndum frá Hömrum að mynd af Brunnhúsinu, en það sést hvergi, bara næsta nágrenni. Því hefi ég reynt að teikna Brunnhúsið, bæði ytra útlit og grunnflöt, en fyrirkomulag tel ég mig muna rétt.



Teikning af Brunnhúsinu.

Brunnhúsið var sem sagt á að giska rúmlega 2 faðmar á breidd og rúmlega 3 faðmar á lengd með lágu risi, gaflar snéru norður-suður. Því var skipt um þvert, ég held að suðurendi hafi verið aðeins lengri. Í norðurenda var hjallur. Þar voru þvottasnúrur. Líka voru þvottasnúrur uppi á hjallhólnum, sem Brunnhúsið stóð undir. Þar hafði áður verið þurrkhjallur og „kómanta“ innan við. Meðfram öllum norðurgafli nýja hjallsins var vírnetspallur. Undir honum var fiskur hertur á rámm og geymdur síðan uppi á pallinum. (Eitthvað fleira var geymt þar sem nú er gleymt hvað var.) Í syðri hluta var þvottahúsið, mógeymsla og brunnur undir hlera í þvottahúsgólfinu, sem var fjalagólf. Í þvottahúsinu var góð vinnuaðstaða, veggfast borð undir glugga á vesturvegg og á það var hakkavél skrúfuð þegar lifrarpylsa var búin til. Í norðausturhorni var eldavél,

þar sem vatn var hitað, þvottur soðinn á og slátur soðið á haustin. Undir austurvegg var fastur mókassi, hólfaður í tvennt. Lausar fjalir lágu þversum á kassanum svo auðvelt var að ná í móflogu til að bæta á eldinn, líklega voru kol líka notuð. Á mókassanum höfðu konur þvottabala þegar þvegið var, og sláturgerðarbala á haustin. Mókassinn var það langur að pláss var fyrir utan balann til að leggja á það sem þurfti. Við endann á mókassanum í suðausturhorni þvottahúss var hurð inn í mógeymsluna, en í horninu fyrir framan hurðina var hleri í gólfinu og þar niðri var brunnurinn, sem var eikarstampur sagaður í tvennt, en hlerinn var á hjörum og hallaðist upp að vegg til hægri.

Lítill skurður hafði verið grafinn frá bæjarlæknum að brunninum, og vatnið að lokum leitt í gegnum járnror, u.þ.b. þverhandarþykkt, og bunaði síðan stöðugt niður í stampinn. Niðri við brunninn var fjöl aðeins hærrí en stampurinn, þar var staðið á þegar vatn var sótt eða þvottur skolaður og síðan rann vatnið undir fjölinu og áfram undir suðvesturhorn hússins og út í bæjarlækinn aftur. Þar fór lækurinn undir brú á veginum sem lá milli fjóss og íbúðarhúss. Stórir steinar voru í hleðslunni undir brúnni, Var steinaröð lögð í lækinn rétt fyrir neðan brúna svo þar myndaðist grunn uppistaða þar sem sokkar voru oft þvegnir og þeim slegið við steinana undir brúnni. Þar var líka ágæt aðstaða til að skola kaffipokann!

Fjarlægð frá íbúðarhúsi að Brunnhúsinu var um 50 metrar.

Enginn veit nú byggingarár Brunnhússins, en ég giska á árin 1922–1923. Foreldrar mínir gengu í hjónaband haustið 1924 og settust að á Hömrum. Þá voru fjölskyldurnar þar orðnar fjórar, foreldrar föður míns og tvær systur hans með sínar fjölskyldur. Árið 1927 eru börnin á Hömrum orðin tíu, á aldrinum 0–12 ára og fullorðna fólkið er frá níu til tíu manns.

Ekki þarf mikið ímyndunarafl til að sjá hve mikill léttir og hagræði var af byggingu Brunnhússins fyrir konurnar, sem áður þurftu að þvo alla þvotta í litla eldhúsinu á Hömrum. Trúlegt er að Brunnhúsið hafi vakið einhverja athygli í sveitinni, því margir bændur komu að skoða, sagði móðir mín, en ég þekki ekki til að annars staðar hafi verið byggt álíka hús. Líklegast hefur jarðvegur víðast verið grýttur svo óframkvæmanlegt var að breyta farvegi lækja eins og gert var á Hömrum og engin voru verkfærin utan skófla, járnkarl og haki. En þótt hjallurinn væri þarna með sínar þvottasnúror þá gaf ekki alltaf þurrkinn. Sumarið 1927 var mjög óþurrkasamt. Það sumar voru tvö kornabörn

á Hömrum. Móðir mín sagðist oft hafa gripið til þess ráðs að vefja naflabindunum utan um sig innanklæða til þess að þurrka þau! Nú er notkun naflabinda löngu aflögð, en þá þóttu þau ómissandi.

Tíminn leið og fólkinu á Hömrum fækkaði. Föðursystur mínar fluttu burt með sínar fjölskyldur, en Brunnhúsið þjónaði mínu fólki þar til við fluttum um haustið 1938 í steinhúsið, sem enn stendur á gamla bæjarhólnum. Þar var þvottahús með rennandi vatni úr bæjarlæknum, en nú var það leitt í járnörum hátt ofan úr hlíð. Nú dugði ekki skurður því bílvegur var kominn fyrir ofan túnið. Öll merki um Brunnhúsið eru nú horfin. Það er bara til í minningu okkar, sem enn erum lífs af frændsystkininum sem áður léku sér þar um kring og sóttu vatn í Brunnhúsið og báru heim tvær fötur í vatnsgrind, þegar aldur og þroski leyfði. Í huga mínum hefur þetta blessaða Brunnhús sérstaka töfra. Tónlist vatnsins var svo seiðandi, hlýjan frá eldavélinni svo notaleg, gufan úr sláturpottinum á haustin svo dulúðug í mildu lampaljósinu og glóðin í eldhólfinu sýndi allskonar undramyndir og svo var öryggið að mamma eða föðursystir var þarna alltaf eitthvað að sýsla. Og ekki var amalegt að fá að smakka heitan bita, þegar lifrarpylsulangarnir voru soðnir. En nú er söngur brunnsins löngu hljóðnaður, en bæjarlækurinn rennur enn til sjávar á sama stað.

Hólmfríður Gísladóttir, ættfræðingur

Stúlkan af Nesinu og strákarnir fyrir vestan

Þitt nafn er sandkorn í hafsins hyl
og heimtist aldrei að landi.
Þú vissir ekki að ég yrði til
úr ættanna kynlega blandi.

Jón Helgason prófessor

Þegar við veltum fyrir okkur lífi fólks í landinu fyrr á tímum, þá verður fyrst fyrir okkur að huga að fólki í okkar æskubyggð. Svo fór fyrir mér er ég fór að leita að ættum mínum. Þá fann ég formóður mína, Guðríði Hannesdóttur, sem fékk þann vitnisburð að vera stórlýnd, gáfuð og vel að sér; gott veganesti fyrir niðja hennar. Guðríður var fædd í Hrólfsskálakoti á Seltjarnarnesi 13. febr. 1783, foreldrar hennar voru Hannes Bjarnason sjómaður á Seltjarnarnesi og k.h. Guðrún Grímsdóttir. Hún ólst upp í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi hjá foreldrum sínum, en fór 12 ára að Húsafelli í Borgarfirði til móðursystur sinnar, Rannveigar Grímsdóttur. Þaðan fór hún vestur á Skógarströnd og var í Rifgirðingum 1801. Svo fór hún út á Snæfellsnes, ekki er vitað nákvæmlega hvenær, en 1814 eignast hún þar son, Hermann, með Jóni Jónssyni, sennilega kvæntum manni. Hann var sonur Jóns Jónssonar á Þórðísarstöðum í Eyrarsveit og k.h. Margrétar Þórðardóttur.

Guðríður hittir Guðmund Geirmundsson á Rifi, mikinn ævintýramann, var sagður gáfaður en brellinn. Hann var fæddur á Rifi um 1777, sonur Geirmundar Bjarnasonar og k.h. Halldísar Jónsdóttur. Guðmundur Geirmundsson var í Húnavatnssýslu og kvæntist þar og átti börn, einnig með öðrum konum, en mér telst til að hann hafi átt börn með alls 7 konum.

Ég hef velt fyrir mér hvernig maður Guðmundur Geirmundsson hafi verið. Ég geri mér í hugarlund að hann hafi verið nokkuð myndarlegur maður og líklega skemmtilegur. Þegar ég fór að segja fólki mínu frá þessum manni, þá sagði Snorri frændi minn á Vatnabúðum að Guðmundur hefði komið vestur í Eyrarsveit í kynnisferð að norðan, á hvítum hesti og riðið fjöll og komið niður milli Stráka, sem eru klettadrangar sem standa út úr Eyrarfjallinu fyrir utan Vatnabúðir. Ég held að hann hefði ekki komist þar niður, þótt hann væri á hvítum hesti. En svona gerir fjarlægðin fjöllin blá og mennina mikla.

Guðríður og Guðmundur eignuðust tvo syni, Guðmund fæddan um 1823 á Öndverðarnesi, seinna bóndi á Naustum og Lýð fæddan um 1824. Þau flytja inn í Eyrarsveit 1829 að Króki og þangað kemur Kristín Þorleifsdóttir norðan úr Vatnsdal í Húnavatnssýslu 1831. Hún hafði átt tvö börn með Guðmundi þegar hann var þar. Guðmundur og Kristín giftast í ágúst 1831 og fara að búa í Naustál, fara þá norður í Húnavatnssýslu fyrir 1840 og búa á Mástöðum í Vatnsdal. En Guðríður fer með syni sína að Nýjubúð og býr þar með Hermanni syni sínum og er hjá honum til dauðadags, 12. júní 1862.

Þá kemur að því að athuga hvaða fólk, sérstaklega í Eyrarsveit, tengist niðjum Guðríðar Hannesdóttur. Árið 1843 kemur stúlka að Nýjubúð, ættuð sunnan af Mýrum, Anna Benjamínsdóttir. Henni kvæntist Hermann Jónsson og áttu þau börn en aðeins ein dóttir þeirra lifði. Eftir að Anna lést, bjó hann með Björgu Sigurðardóttur, ekkju eftir Þorstein í Móabúð og áttu þau einn son. Þorsteinn Jónsson í Móabúð var tvíkvæntur og átti 20 börn, 10 með hvorri konu og átti dóttur áður en hann kvæntist, með Hólmfríði Marteinsdóttur. Hún hét Margrét Þorsteinsdóttir og varð kona Guðmundar sonar Guðríðar í Nýjubúð, þau bjuggu á Naustum og áttu margt barna.



Af þeim eru komnir flestir niðjar Þorsteins í Móabúð. Hann druknaði 23. apríl 1861. Þess skal getið að Jón, barnsfaðir Guðríðar og faðir Hermanns, var bróðir Þorsteins í Móabúð. Árið 1845 kemur inn í Eyrarsveit maður sem hét Indriði Halldórsson, úr Dölum, um Helgafellssveit. Hann var Norðlendingur.

Indriði kvæntist ungri stúlku úr Eyrarsveit, Guðrínu Einarsdóttur og bjuggu þau á Búðum. Indriði og Guðrún eignuðust 18 börn, þau lifðu ekki öll, en barnafjöldi þeirra sýnir hvað fólk er frjósamt sem lifir mikið af sjávarfangi. Niðjar þeirra tengdust Guðríðarættinni aðeins lítillega.

Fyrir 1870 kemur inn í Eyrarsveit unglingspiltur sunnan úr Hreppum með móðursystur sinni, Hallberu Finnsdóttur. Hann hét Sveinbjörn Finnsson og kvæntist stúlku úr Eyrarsveit, Guðnýju Árnadóttur. Bjuggu þau lengst í Hellnafelli og áttu mörg börn. Engir tengjast eins oft niðjum Guðríðar Hannesdóttur og niðjar Sveinbjörns og Guðnýjar.

Mér hefur orðið tíðrætt um Guðríði Hannesdóttur og hvernig niðjar hennar tengjast fólki í Eyrarsveit, en það kemur til af því að ég hef tekið saman niðjatal frá Guðríði og kemur það sennilega út á þessu ári. Auðvitað tengjast niðjar hennar mörgum öðrum úr Eyrarsveit og víðar, þegar nær dregur í tímanum. En við skulum bíða og sjá hvernig niðjatalið birtir okkur fólkið sem tengist því og hefur búið í Eyrarsveit á síðustu tveimur öldum.

Grundarfjörður 1943



Grundarfjörður 1943.
Ljósni.: Helga Gróa
Lárusdóttir.

Gamlar ljósmyndir frá Grundarfirði

Myndirnar sem hér eru birtar voru teknar árið 1907 af Hans Christen Hansen frá Marstal sem er bær á eyjunni Ærø sunnan Fjóns í Danmörku. Hann var liðþjálfari á dönsku varðskipi sem hér sinnti landhelgigæslu en hann mun einnig hafa aðstoðað við landmælingar fyrir danska herforingjaráðið. Myndir þessar




Ádráttur við Kvíabryggjuós 1907. Ljós.: Hans Christen Hansen.



Kverná 1907. Á myndinni eru talið frá vinstri: Halla Jónatansdóttir, Dagfríður Jóhannsdóttir með Helgu Halldórsdóttur, Halla Halldórsdóttir, Halldóra Jóhannsdóttir með Guðrínu Halldórsdóttur, Aðalheiður Jóhannsdóttir og Jóhann Dagsson. Ljósni.: Hans Christen Hansen.

komust síðan í eigu Hermanns J. Hermansen og síðar eignaðist Hans nokkur Svane myndirnar. Hans Svane hét fullu nafni Hans Albert Hermansen Svane og var frá Marstal eins og fyrri eigendur myndanna. Hann var apótekari í Stykkishólmi 1925–1944 og á Ísafirði 1944–1965. Góður vinskapur var á milli hans og Sigurðar Ágústssonar alþingismanns. Hans Svane átti tvö börn. Hans Albert Svane lækni og Gudug Svane Nissen. Þau voru vinafólk Ágústis Sigurðssonar og gáfu honum myndaalbúm þar sem fyrrgreindar myndir er að finna. Rakel Olsen lánaði svo myndirnar til eftirtöku og prentunar.



Nesið árið 1907. Ljós.: Hans Christen Hansen.

Halldór Páll Halldórsson, framhaldsskólakennari

„Skruggu-Blesi“ í Nesi

Frásögn af komu fyrsta bílsins til Grundarfjarðar

Saga bifreiðarinnar hefst af fullri alvöru á síðustu áratugum 19. aldar, þó í raun sé löng forsaga þá að baki. Vélin, og í framhaldi af því bifreiðin, eða bíllinn eins og mönnum er tamt að kalla hana, er hluti iðnbyltingarinnar og mikilvægur þáttur þeirrar þróunar og þeirra breytinga sem urðu með tilkomu hennar. Þó 19. öldin sé liðin og sú tuttugasta að líða undir lok, þá sér ekki fyrir endann á breytingum byggðum á síbreytilegri tækni, sem eru svo örur að vart hönd, eða í það minnsta hug, á festir. Framsýnar þjóðir hafa þó haft það vit að innleiða tæknina og þar með breytingarnar í tímans rás. Áður fyrr réð þar um mestu kjarkur og dugur frumkvöðla í grunnatvinnuvegum þeirra þó tækni dagsins í dag byggi meir á menntun og menntunarstigi þjóðar og opnum alþjóðaviðskiptum. Íslendingar hafa verið fljótir að nýta sér tækni við sína frum- eða grunnatvinnuvegi og er því saga bílsins á Íslandi nokkuð samhljóma sögu hans í öðrum löndum. Munurinn er þó einna helst fólgin í seinþróuðum samgöngum héraendis samanborið við þróun samgangna hjá fjölmennari og í þá daga ríkari þjóðum. Ekki er ætlunin í þessum greinarstúf að rekja sögu bílsins á Íslandi heldur er litið til þess atburðar er fyrsti bíllinn kom til Grundarfjarðar – Eyrarsveitar – sem lýsandi dæmis um þær breytingar sem smærri byggðalög í landinu gengu í gegnum á þeim árum.

Fyrsti bíllinn kom til landsins 20. júní 1904 frá Danmörku og var hann af tegundinni Cudell, franskættaður, smíðaður í Þýskalandi, þriggja vetra gamall. Ekki reyndist hann vel enda liðu nokkur ár þar til mönnum hugnaðist að endurtaka leikinn. En örur en hugði í upphafi varð bíllinn nauðsynlegt atvinnu-

tæki og samgöngutæki. Mikið vatn rennur til sjávar, samgöngur batna, atvinnuvegir þróast og mannfólkið fær nýja sýn á möguleika sína og þjóðarinnar.

Kristlaugur Bjarnason hét athafnamaður í Grafarnesi. Hann keypti fisk af bátum þar, meðal annars af Svaninum, verkaði og þurrkaði saltfisk, pakkaði og seldi til Spánar. Hann var með fjölda manns í vinnu og hafði, sem ekki hefur verið algengt úti á landi í þá tíð, Samvinnuskólagenginn skrifstofumann, Gunnar Kristjánsson, Kristjáns á Grund, í vinnu tímabundið. Kristlaugur stóð fyrir ýmsum framkvæmdum vegna verkunar sinnar. Flutti hann teina og vagna að sunnan til að keyra fiskinn út á reitinn til þurrkunar. Eftir þurrkun var keyrt með fiskinn á vögnunum inn í Svartaskála þar sem hann var pakkaður og gengið frá honum til útflutnings. Einnig var Kristlaugur ötull baráttumaður fyrir bættri hafnaraðstöðu og vegagerð. Þá var hann með skipaafgreiðslu fyrir Ríkisskip sem og önnur skip og rak einnig verslun á tímabili.

Það er svo árið 1936 sem Kristlaugur flytur Chevrolet-vöruflutningabifreið til Eyrarsveitar. Samkvæmt skráðum heimildum frá Þjóðskjalasafni virðist Kristlaugur hafa keypt hann árið áður og látið skrá hann 7. júní 1935 og hafði hann þá fengið skrásetningarnúmerið SH 35. Óljóst er hvað veldur, en ekki kemur bíllinn til Eyrarsveitar fyrr en árið eftir eða 1936, en skrásetningardag vantar í frumgögnum. Er hann þá skráður að nýju og fær skrásetningarnúmerið SH 36. Skráð er:

Skrásetningardagur: (ekki tilgreint), Umdæmistala: 36, Tegund: Chevrolet, Fólks eða vörubifreið: vörufl.b., Verksmiðjunúmer: 1287387, Hestorkutala vélar: 26,3, Þyngd bifreiðar kg.: 1450, Breidd bifreiðar Mtr.: 1,75, Tala farþega: (ekki tilgreint), Nafn eiganda, staða og heimili: Kristlaugur Bjarnason, Grafarnesi, Eyrarsveit, Nafn bílstjóra og merki ökuskírteinis: (ekki tilgreint en þar er athugasemdin: Er nú P.7.), Hvenær skoðað: (ekki tilgreint).

Mörgum eldri Eyrarsveitungum er það í fersku minni er Chevrolettinn hans Kristlaugs kom í sveitina árið 1936. Halldór Ásgeirsson, – „hans Geira á Kampinum“, var fjórtán ára er þetta var og segist svo frá:

Kristlaugur fór til Reykjavíkur og svo kom hann bara þarna á bílnum. Það vissi enginn að hann ætlaði að kaupa bíl fyrr en hann birtist bara allt í

einu. Nú það fyrsta sem ég kemst í kynni við bílinn, og á það reyndar við um fleiri sko, er að við fórum inn í Hrafnkelsstaðabotn því að Kristlaugur festi bílinn þar þegar hann kom með hann fyrst. Hann hefur eflaust komið labbandi út í ver. Daginn eftir þá safnar hann liði af strákum, það er farið með talíur, járnkarla og eitthvað fleira þarna inn eftir og bílinn er dreginn upp úr festunni þarna. Bílinn átti lítið eftir upp úr fjörunni í vegslóða sem var alveg fast upp við Hrafnkelsstaði. Enga aðra leið var að fara en inn Kolgrafamúlann og svo við Hrafnkelsstaði þar sem hann festir hann svo í leirpyttum í fjörunni. Nú, við drögum hann upp úr og fórum svo náttúrulega með þessir strákar á pallinum með allt draslið þarna út eftir. Kristlaugur keyrði og svo þegar við komum að bæjarlæknum að Hömrum varar hann sig ekki á því að lækurinn hafði grafið sig svolítið niður svo hann pompar oní hann og brýtur þar aðra framfjöðrina á bílnum. Nú, það voru settir einhverjir kubbar og drasl undir bílinn og Kristlaugur komst með hann að Þinghúsflötinni þar sem hann var skilinn eftir. Kristlaugur pantaði fjöður að sunnan og setti undir bílinn og þá komst hann náttúrulega í lag.

Þó heimkoma bílsins hafi verið með þessum hætti má segja að fall sé fararheill. Bílinn reyndist Kristlaugi og byggðarlaginu vel. Chevrolettinn hans Kristlaugs vakti að vonum mikla athygli hjá mannfólkinu en að sama skapi vakti það ótta hjá skepnum að heyra þau torkennilegu hljóð sem fylgdu þessum nýmóðins vagni. Einn eldri Eysrsveitunga sagði svo frá:

Er Kristlaugur kom á Skruggu-Blesa, þá fældust hestar og aðrar skepnur mjög enda höfðu þau aldrei séð þvílíkt tæki eða heyrt svona hávaða sem frá bílnum kom. Þá var til dæmis töluvert af hestum á Eyrarbotni, sumir úr Helgafellssveit, aðrir frá næstu bæjum úr sveitinni, og var sagt að allt stóðið hefði fælst svo að það hafi hlaupið upp á efstu fjöll. Sama sagan endurtók sig þegar Laugi kom fyrst á bílnum fram í sveit, að hestar fældust svo þeir fundust ekki í nokkra daga. Haft var eftir gömlum manni að blessaðar skepnurnar hefðu orðið svo hræddar við þetta skrímsli að óvíst væri að þær næðu sér nokkurn tímann.

Chevrolettinn hans Lauga bar sem sagt gælunafn. „Já, Skruggu-Blesi var bíllinn alltaf kallaður. Það kæmi mér ekki á óvart þó Kristlaugur sjálfur hafi fundið upp á því“, sagði Halldór Ásgeirsson.

Chevrolettinn var notaður í margt. Hann var mikið notaður þegar var verið að skipa út. Vagnarnir á reitunum voru notaðir til að koma fisknum inn í hús og aftur út á reitina. Skruggu-Blesi var notaður til að keyra fiskpakkana niður í skip eða réttara sagt í stóra árabáta. Þá var eingöngu bryggjan sem var forveri þeirrar bryggju sem nú er kölluð litla bryggja og þar voru árabátarnir. Skipin lágu við ankeri utar og bátarnir lögðust að suðurbryggjunni eins og litla bryggjan var kölluð eftir að norðurbryggjan kom til, þökkunum var raðað í bátana og svo róið út að skipinu og híft upp. Bíllinn var keyrður upp að Svartaskála, þökkunum raðað á hann og keyrt niður að bryggju. Svona endurtók þetta sig.

En Skruggu-Blesi nýttist til fleiri verka en flutnings á þurrkuðum saltfiski til



Skruggu-Blesi gegndi ýmsum hlutverkum. Hann var meðal annars notaður til flutninga á heysátum.

útflutnings til Spánar. Fólk í sveitinni fékk Kristlaug til að keyra fyrir sig sátur. Halldór mundi vel eftir því að hann flutti hey af Kampinum heim í hlöðu.

„Síðar var smíðað boddí á bílinn. Við smíðuðum það, ég, Kristlaugur og fleiri. Það var allt úr timbri og bara boltað í gegnum pallinn. Það voru einnig smíðaðir þrír bekkir í hann sem einnig voru boltaðir fastir. Svo var farið í ferðalög á honum.“ sagði Halldór.

Ferðalög með Skruggu-Blesa á samkomur í nærsveitum voru kærkomin ævintýr og minnst margir þeirra ferða. Halldór rifjar upp:

Við ætluðum inn að Selvallavatni einu sinni, nánar tiltekið að Selvöllum. Kaupfélagið átti þar lítið hús og þar átti að halda skemmtun, svona útskemmtun. Ungmennafélagið var með íþróttakeppni og fleira til skemmtunar. En við komumst aldrei nema inn á Kolgrafahlíðina í þeirri ferð. Þá bilaði kúplingslegan í bílnum. Það var ekki kúlulega eins og nú er heldur kolhringur. Kolhringurinn var alveg búinn og það var ekki hægt að kúpla frá. Það var ekki hægt að skipta um gír. Þar var hann því skilinn eftir. Þá varð hann Kristlaugur náttúrulega að panta sér nýtt. Hann hefur þurft að fara þarna inn eftir, tekið gírkassann frá og skipt um þennan kolhring. Kristlaugur gerði þetta allt sjálfur, hann var þúsundþjalasmiður. Hann var fínn múrari, fínn trésmiður, söðlasmiður lærður og góður eldsmiður. Það var alveg sama hvað hann tók sér fyrir hendur, þetta lék allt í höndunum á honum.

Með tilkomu aukinna þæginda á baki Skruggu-Blesa jókst notkun á honum til fólksflutninga og var hann á stundum notaður til að flytja fólk á skemmtanir og til kirkju. Einhverju sinni í slíkri ferð á það að hafa gerst að er Kristlaugur var að koma á bílnum upp úr Grjótagjánni þá rennur boddíið aftur af pallinum, með fólkinu innanborðs. Fallið var sem betur fór ekki hátt og meiddi sig enginn. Einhverjir ku hafa blotnað í fætur og jafnvel víðar. Telja margir eldri Eyrsveitungar þetta byrjunarævintýri tæknialdar í Grundarfirði. Víst er að mörgum eru minnisstæðar uppákomur og óhöpp þau sem tengjast vöruflutningabifreiðinni Chevrolet SH 36. Minnst er þess að þegar farið var í útreiðartúra þótti sjálfsgagt að æja við Eiðisstapana, enda var þar þurrt og gott skjól hvorum megin sem stoppað var. Einhverju sinni hafði eitthvað af ungu fólki í útreiðar-

túr lagst fyrir í grasinu við Stapana. Kemur þá Laugi á bílnum, sem hafði hátt eins og venjulega, svo hestar fældust. Við fréttir af því kvað Sigurður Daðason:

Við Eiðisstapana áð var í yndi
og ástin í skjólinu vex – ?
En þá brunaði bíll þar í skyndi
bíllinn, SH-36.

Skruggu-Blesi gaf fleiri tilefni til vísnaverðar enda viðfangsefnið nýstárlegt í þá daga. Sigurjón Guðlaugsson keyrði nokkuð hjá Kristlaugi og í einni ferð hans í miklu roki brotnuðu fjaðrir undan bílnum eins og oft vildi gerast á bílum þessa tíma við þær aðstæður sem þá voru. Ekki er þó fullyrt í frásögn þessari að þetta hafi verið á Skruggu-Blesa, allt eins getur það hafa gerst á einhverjum þeirra bíla sem Kristlaugur eignaðist síðar. Sigurður Daðason var farþegi í þeirri ferð og hann kvað um atburðinn:

Mikið rok um miðdagsbil,
miklu olli tjóni.
Fjaðrir allar fjandans til
fuku af Sigurjóni.

Gefum Halldóri Ásgeirssyni nú orðið:

*Stúlkan sem hér
situr undir stýri á
Skruggu-Blesa árið
1939 er Helga Gróa
Lárusdóttir, þá 15
ára gömul. Þegar
hún lánaði myndina
vegna greinarinnar
vonaðist hún til þess
að sök hennar að aka
bifreið svo ung væri
fyrnd og því í góðu
lagi að birta
myndina.*



Einu sinni var farið að Skildi á skemmtun, þetta hefur verið í ágúst, það var orðið dimmt á kvöldin. Nú, þegar skemmtunin var búin þarna inn frá, búið að dansa og eitthvað fleira, þá var lagt af stað heim náttúrulega og í hrauninu, þá var vegurinn kominn þarna yfir hraunið þar sem hann var lengi, að þá fóru ljósin á bílnum. Það klikkaði eitthvað þannig að það voru engin ljós. En það vildi okkur til happs að það var tungsljós og Kristlaugur keyrði bara í tungsljósinu út eftir. Nú, þetta eru einu ferðirnar sem ég man eftir að ég fór. Nei, það er nú ekki alveg rétt því hann lánaði mér nú bílinn, hann var búinn að leyfa mér að keyra og lánaði mér bílinn og ég og Leifur Pálsson á Hömrum fórum á bílnum. Kristlaugur var á leið út á sjó. Það þurfti að ná í mó inn að Hjarðarbóli og hann sagði allt í einu: „Þú bara ferð á bílnum, Dóri minn, og nærð í móinn.“ Og við vorum heilan dag við Leifur að keyra mó á bílnum. Manni hefur nú orðið hugsað um það eftir á að það var mikið traust sem hann sýndi mér 15 eða 16 ára drengnum að vera að keyra bílinn þar sem ég var bara búinn að fá að keyra í nokkur skipti. Árið eftir keyrði ég bílinn aftur. Kristlaugur lét mig keyra á flötunum á Eiðisstöpum. Það var erfitt að keyra bílinn. Vont að skipta honum niður, það varð alltaf að tvíkúpla til að koma honum í lægri gír. Mér fannst hann þó ekki þungur í stýri. Þetta var svo mikið ævintýri að maður var ekkert að finna fyrir því. Svo hafði maður engan samiburð heldur, manni fannst þetta bara gaman. Nei, nei, rattatið var stórt á þessu og það gerði það auðveldara.

Að líkindum hefur Skruggu-Blesi endrum og sinnum verið notaður til malar-, grjót- og moldarflutninga þegar það átti við. En ljóst er að Chevrolettinn hans Kristlaugs Bjarnasonar hefur lítið verið notaður á veturna. Færð var fljót að spillast vegna snjóá og leysingar fóru illa með þá vegi sem voru. Skruggu-Blesi létti Eysrveitungum lífið, gerði það þó með sínum látum sem hljómuðu sem hin ljúfasta tónlist í eyrum nýjungagjarnra og framfarasinnaðra Eysrveitunga en sem hið argasta óhljóð í eyrum saklausra skepna á grundunum við fjörðinn. Tækniöld var hafin í Grundarfirði.

Njáll Gunnarsson, fyrrv. bóndi frá Bár

Að lyfta lofti

Mesta verkfræðilega afrek sem unnið hefir verið í Grundarfirði

Árið 1952 þegar ég og fjölskylda mín flytjum af Ströndum til Grundarfjarðar eru hér tvær aðalverslanir í þorpinu. Aðalverslanirnar voru Verslun Sigurðar Ágústssonar, útibú í eigu Sigurðar Ágústssonar kaupmanns og útgerðarmanns í Stykkishólmi, og útibú frá Kaupfélagi Stykkishólms í Stykkishólmi. Þessar verslanir höfðu margar vörutegundir til sölu svo sem matvöru, álnavöru, bú-áhöld og fleira. Þá voru þessar verslanir með sameiginlegt sláturhús á haustin og var slátrað í Langaskúr, fiskmóttökuhúsi Hraðfrystihúss Grundarfjarðar og á meðan á slátrun stóð, sem var um tvær til þrjár vikur, var engin fiskmóttaka í frystihúsinu og lá vinna niðri við fisk. Verslanirnar voru með olíuverslun og óku olíu í hús og báta. Einnig rak Sveinbjörn Hjartarson frá Mýrum sjoppu í mörg ár.

Í verslunarmálum var Eyrarsveit nýlenda frá Stykkishólmi. Ekki líkaði öllum þessi verslunarháttur vel og var þá þegar vart sjálfstæðishreyfingar í þá átt að losna frá Stykkishólmi og stofna verslanir í eigu Grundfirðinga, sem og varð síðar. Verslun Sigurðar Ágústssonar var í því húsi sem nú er Verslunin Hamrar. Mun hafa verið byrjað að versla í því húsi 1947 en þar áður verslað í minna húsnæði svo sem í Svansskála. Þetta verslunarhúsnæði var rúmgott á þeirra tíma mælikvarða.

Það mun svo hafa verið um 1954 að stofnað var félag af nokkrum Grundfirðingum og keypti það félag Verslun Sigurðar Ágústssonar í Grundarfirði og hóf verslunarrekstur. Fyrir 1940 byrjaði Kaupfélag Stykkishólms verslun í smáum

stíl í skúrum og gömlum húsum. 1940–1941 byggir Kaupfélagið verslunarhús sem nú er lagerhús Verslunarinnar Tanga og er það hús undir risi. Búðin var lítil og rúmaði illa vaxandi fjölda viðskiptavina. Ég held að viðskiptamenn hafi skipst nokkurn veginn til helminga á þessar verslanir.

Ráðamenn Kaupfélags Stykkishólms höfðu haft það í huga að byggja nýtt verslunarhús í Grundarfirði og 1954 var hafin bygging húss og var því valinn staður við austurenda gamla hússins. Þetta var steinsteypt hús 202 m² og í suðurenda þess voru skrifstofur. Burðarsúlur voru sverar, burðarbitar sterklegir, gluggar stórir, hátt til lofts og vítt til veggja og þegar búið var að fjarlægja timburuppláttinn sást best hvað þetta yrði stórt og glæsilegt verslunarhús. Byggingarmeistari og yfirmiður var Guðmundur Lárusson, aðkomumaður. Hann var yfirmiður við byggingu hafnarinnar í Grundarfirði á þeim tíma og neðri hæðar verbúðarbyggingarinnar. Vel látinn og vinsæll maður. Seinna settist hann að á Skagaströnd og sneri sér að smíði báta.

Þegar farið var að huga að frekari framkvæmdum við bygginguna kom í ljós að hún var fimmtíu sentimetrum lægri en hún átti að vera. Ekki veit ég hverjum um var að kenna og enginn mér vitanlega var sakaður um handvömm eða látinn svara til saka vegna þessara mistaka. Voru teikningar ekki réttar eða var um mistök byggingarmeistara að kenna? Þess skal getið að hæð burðarbita var fimmtíu sentimetrar. Getgátur voru um að mæling hefði ekki verið rétt. Ekki var sama hvort mælt var frá gólfi og upp í loft eða upp í bita en þar munaði fimmtíu sentimetrum.

Í tvö til þrjú ár stóð byggingin óhreyfð en síðla árs 1957 býður Kaupfélag Stykkishólms út verk og auglýsir eftir tilboðum í að hækka loftið í Kaupfélagsbyggingunni í Grundarfirði um fimmtíu sentimetra, og þá einnig að setja þak á bygginguna. Í verkið buðu tveir aðilar. Þorkell Guðbjartsson byggingarmeistari frá Hjarðarfelli bauð kr. 450.000. Í verkið en ætlun hans var að brjóta bita og loftplötu og fjarlægja en steypa síðan aðra bita og plötu fimmtíu sentimetrum hærra. Þessu tilboði var hafnað. Hinn aðilinn var Hákon Kristófersson járnsmiður þá búsettur í Stykkishólmi og rak bifreiðaverkstæði á staðnum. Hann bauð í verkið kr. 130.000. og var því tilboði tekið. Ætlun hans var að losa plötu og burðarbita frá veggjum og súlum og lyfta plötunni með bitum um 50 sentimetra með tjökkum, steypa svo í fimmtíu sentimetra bilið og smíða síðan þakið á bygginguna. Ég heyrði talað um að of lága upphæð hafi hann boðið miðað

við það verk sem framundan var. Ekki veit ég hvort hann tapaði eða græddi á verkinu. Heyrst hafði að reynt hefði verið að lyfta steiptum plötum upp en ekki tekist og þá notaðir glussatjakkar, plöturnar þá viljað springa og eyðileggjast.

Hákon Kristófersson var um margt merkilegur maður. Hann var ættaður frá Haga á Barðaströnd, lærði iðn sína hjá Guðmundi á Þingeyri, kunnum hagleiksmanni. Hann var meðalmaður á hæð, ljóshærður og skarpleitur í andliti, laglegur, geðþekkur og ákveðinn. Hann var mikill gleðimaður. Ég hafði kynnst Hákon norður á Ingólfssfirði 1948 þar sem við unnum við síldarverksmiðjuna. Hann vann við járnsmíði og ég var aðstoðarmaður hans meginpart sumarsins, þá 18 ára. Líkaði mér vel við Hákon og gott var að vinna hjá honum. Hann var athugull og laginn verkmaður og átti það til utan vinnutíma að standa einn sér og hugsa. Sagt var að þá væri hann að hugsa út vinnutilhögun við verk sem gera ætti. Mér er minnisstæður einn góður veðurdagur þegar ég, Hákon og Ólafur Gíslason (Óli Lalli), frændi minn, gengum frá Ingólfssfirði og á Kálfatind sem er hæsta fjall við Norðurfjörð, hömrum girt að mestu. Við Óli Lalli gengum upp þar sem auðveldast var að fara en Hákon fór upp þar sem beinast lá við og að því sem manni sýndist ófært, hátt klettabelti og kom á tindinn á sama tíma og við. Hákon var í hvíttri skyrtu og sást vel frá bæjunum í Norðurfirði og fólkið undraðist klifur mannsins í klettum sem aldrei höfðu verið klifnir áður. Eftir að tilboði Hákonar var tekið réðist hann með atorku að verkefninu á svipaðan hátt og hann klifraði hamravegginn forðum á Ströndum. Upp skyldi loftið.

Í ársbyrjun 1958 réð hann til sín tvo laghenta menn, þá Erling Viggósson og Bjarka Árnason, búsetta í Stykkishólmi. Þeir smíðuðu undir leiðsögn Hákonar þrjátíu og tvo tjakka. Þeir voru skrúfaðir upp þegar lyfta átti og gátu lyft í það minnsta fimmtíu sentimetra hæð. Hver tjakkur var um einn metri á hæð, rör um þrjár tommur í þvermál. Á neðri enda tjakksins var járnplata soðin sem stóð á gólfinu, upp úr tjakknum kom skrúfaður öxull um tvær tommur í þvermál. Ofan í öxulinn að ofan var hvilft um tvo sentimetra að dýpt og nokkuð við. Efst á öxlunum var sveif sem öxlinum var snúið með þegar lyfta átti. Þá var smíðuð súla úr röri fyrir hvern tjakk úr þriggja eða fjögurra tommu rorum og soðin stétt fyrir báða enda. Annar endi rörsins með breiða stétt kom upp undir loftið, neðri endi rörsins með þykka plötu náði niður að öxlinum á tjakknum. Upp í þessa þykku plötu var grópuð hvilft um tvo sentimetra að



Einn af tjökkunum sem notaðir voru til að lyfta efri hæð kaupfélagsins.

dýpt og víð. Stálkúla um tvær til þrjár tommur í þvermál féll í hvilftirnar þar sem mættust tjakkur og rör. Þegar öxlinum í tjakknum var snúið og hann gekk upp, snerist kúlan og virkaði sem lager milli tjakks og rörs.

Um eða eftir mitt sumar 1958 komu Hákon, Erlingur og Bjarki til Grundarfjarðar með allt sitt hafurtask. Þeir voru í mat og húsnæði hjá Veigu og Sigurjóni Guðlaugssyni, kunnnum hjónum á þeim tíma. Hákon réð þrjá menn héðan sem voru fastir menn allan tímann, þá Valdimar Jóhannsson frá Kljá, Óskar Sæmundsson á Staðarhóli og mig, Njál Gunnarsson, en ég endurnýjaði kunningsskapinn við Hákon þegar hann kom í Hólminn og á þessum árum vann ég mikið utan heimilis í Bár. Eftir að byrjað var á þakinu var fjölgað mönnum. Það var byrjað á að setja tjakkana og súlurnar milli gólfs og lofts og hert að. Þá var byrjað að brjóta með loftpressu rás í vegg og súlur brotnar sundur um það bil fimmtíu sentimetra frá lofti. Allir steypustyrktarbitar voru brenndir í sundur. Jafnframt þessu verki voru settar svokallaðar stýringar utan á veggina. Boruð voru gegnum veggina göt fyrir svera bolta. Að utan var I - járn reist upp á endann og náði efri endinn upp fyrir væntanlega lofthæð. Járnbolti með ró gekk í gegnum I - járnid að utan og var það skrúfað fast að innan. Þessi útbúnaður var á nokkrum stöðum allt í kringum á húsinu og átti að stýra loftplötunni og

varna því að hún færi út á hlið. Og svo stóð þetta hundrað og áttatíu tonna flykki á tjökkunum þrjátíu og tveimur og komið að því að lyfta. Ég man eftir að ég fann til kvíða og tilhlökkunar. Hvernig færi þetta? Mundi allt ganga eins og til var ætlast? Ekkert fordæmi var fyrir þess háttar verki eftir því sem við vissum. Fengnir voru menn til viðbótar til að vera á tjökkunum. Svo komu menn að, einkum frá Stykkishólmi og fólk héðan, til að horfa á. Hákon taldi slögin sem færa átti samtímis á tjökkunum og stjórnaði okkur eins og herforingi og upp fór loftið eins og til var ætlast og í þá hæð sem fyrirhuguð var, og allir voru himinlifandi glaðir. Það eina sem ekki var fyrirséð var að þegar loftplatan fór að lyftast upp gekk þakið á eldra húsinu upp. Það lá að hluta út á loftplötuna. Fljótlegt var að rífa þakið af plötunni og litlar tafir að. Hákon þakkaði öllum þeim sem hann fékk á tjakkana fyrir vel unnið verk, sagðist ekki vita nöfn manna en bað menn að koma með reikning til sín fyrir verkið. Ég held að enginn hafi framvísað reikningi. Og ennþá eftir öll þessi ár hittir maður marga menn hér í sveit sem muna eftir að hafa verið á tjakk þegar loftinu var lyft.

Ekki var allt búið og mikið eftir. Soðnir voru saman steypustyrktarteinar og slegið upp steypumótum á veggi og súlur. Steypa hrærð og hellt í mótin gegnum þar til gerðar trektar sem voru víða á mótunum og það með fötum. Þá var byrjað á smíði þaksins og því lokið eins og það lítur út í dag.

Ég man eftir að það komu sérfræðingar að sunnan til að taka út verkið. Þeir luku lofsyrðum á það sem gert hafði verið og undruðust stórlega. Haldið var áfram við að gera húsið klárt og síðan var hafin verslun í byggingunni. 1961 var Kaupfélag Grundfirðinga stofnað og eignaðist hús Kaupfélags Stykkishólms í Grundarfirði. Þar með var verslunarrekstri Hólmara lokið í Grundarfirði.

Þegar Kaupfélag Grundfirðinga varð gjaldþrota var Verslunin Ásakjör sett upp í húsnæðinu og seinna meir Verslunin Tangi.

Af þeim 6 mönnum sem unnu að staðaldri við bygginguna og ég hefi nafngreint í þessari grein erum við Óskar Sæmundsson og Erlingur Viggósson eftirlifandi. Þakka ég Erlingi gott minni og upplýsingar sem hann lét mér í té. Hann er nú búsettur á Eyrarbakka. Einnig þakka ég öllum sem veittu mér hjálp við fræðagrúsk þetta. Allt það sem missagt er í greinarkorni þessu ber að taka með fyrirvara og hafa það sem sannara reynist.

Sigurður Hallgrímsson, forstöðumaður

Rætt við Þorkel og Pétur Sigurðssyni frá Suður-Bár

Fjölskyldan

Foreldrar okkar voru Ingibjörg Pétursdóttir og Sigurður Eggertsson.

Faðir okkar var fæddur 21. september 1876 að Lambavatni í Rauðasands-hreppi í Barðastrandarsýslu. Hann var eina barn móður sinnar en faðir hans, Eggert Eggertsson, kvæntist síðar Halldóru Gísladóttur og eignuðust þau 5 börn. Frá þriggja ára aldri ólst hann upp hjá föður sínum og stjúpmóður að Hvallátrum í Rauðasandshreppi. Tvítugur fer hann til Ólafs Torlaciusar á Bæ, Rauðasandi og er þá til sjós á sumrin, en við skepnuhirðingu á vetrum. Vorið 1900 ræðst hann á „Flateyjar-Guðrúnu“ og fer með henni til Kaupmannahafnar. Næstu 3 árin er hann í siglingum á dönskum skipum, en kom heim vorið 1903 og hóf nám í Stýrimannaskólanum í Reykjavík þá um haustið. Eftir að hann lauk prófi, vorið 1904, var hann fyrst stýrimaður, en lengst af skipstjóri á skútum og stærri skipum, enda með góða reynslu af siglingum með Dönum.

Móðir okkar var fædd 6. janúar 1887 á hjáleigu á Brimisvöllum sem hét Dallur og var yngst 3 alsystkina. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum, Þorkötu Jóhannsdóttur, sem var fædd á Brimisvöllum og Pétri Guðmundssyni, sem ættaður var úr Húnavatnssýslu. Fyrri maður Þorkötu var Sigurður Bjarnason, sem fæddur var á Akurtröðum, með honum eignaðist hún 6 börn. Móðir okkar var sín bernskuár í Fróðárhreppi, en 14 ára gömul fer hún sem vinnukona til hjóna í Flatey á Breiðafirði, sem hétu Stefán og Guðríður. Var hún þar í 5–6 ár í mjög góðu yfirlæti. Á þessum árum var Flatey mikill menningar- og athafna-

staður og töluverður fjöldi fólks bjó þar við góðan kost. Sem dæmi um hlýjan hug móður okkar til Flateyjar og verunnar þar er að dóttur sína, Guðríði Stefaníu, skírði hún í höfuðið á þeim góðu hjónum, sem hún dvaldi þar hjá, og Þórarinn er skírður í höfuðið á dóttur þeirra, Þórunni, sem lést ung, um það leyti sem Þórarinn fæddist.

Í Flatey var á þessum tíma algengt að hjú væru send til vinnu upp á land yfir sumarmánuðina, oftast til bænda í nærliggjandi sveitum, sem móðir okkar gerði, að undanskildu seinasta árinu hennar, þá fór hún í fiskvinnslu á Patreksfirði en það varð til þess að foreldrar okkar kynntust. Í framhaldi af því fer hún um veturinn 1907 til Reykjavíkur þar sem hún lærði karlmannafatasaum. Að því námi loknu kom hún vestur til Ólafsvíkur, þar sem þau giftu sig um sumarið og bjuggu þar fyrsta árið. Þar er Þorkell fæddur 1908. Síðan flytja þau inn í Fróðárhrepp, þar sem þau búa á ýmsum bæjum. Á þeim árum var algengt að ungar konur færu í kaupavinnu yfir sumarmánuðina og hefðu börn sín með sér. Enda eiginmaðurinn á sjónum. Þannig mun það hafa verið hjá foreldrum okkar meðan þau voru að koma undir sig fótunum. Tvíburarnir Pétur og Guðríður eru fædd í Tungu 1910, en fjölskyldan flytur að Hjallabúð þá um haustið. Vorið 1914 kaupa þau jörðina Haukabrekku og eru þar næstu fimm árin. Þar fæddust þau Halldór 1915 og Margrét 1917.

Flutt í Suður-Bár

Árið 1919 kaupa foreldrar okkar jörðina Suður-Bár í Eyrarsveit og flytja þangað á fardögum þá um vorið. Faðir okkar var þá skipstjóri á skútunni „Ísland“, sem var 70 brl. skip í eigu Proppe-bræðra á Þingeyri, en þeir voru einnig með verslun í Ólafsvík og á Sandi.

Við flutninginn að Suður-Bár, kom faðir okkar á skipi sínu og lagðist við akkeri undan Haukabrekku, en þar var þekkt útræði. Fjölskyldan, húsbúnaður og aðrar eigur voru flutt um borð í skipsbátinn ásamt nýfæddum kálfi, en 2 kýr og 3 hestar send landleiðina fyrir Búlandshöfða. Maður er Sýrus hét og átti heima á Sandi, annaðist um flutning á skepnunum. Hann þótti aðgætinn og góður við skepnur og því oft fenginn til að annast slíka flutninga. Þær kindur sem við áttum komu svo eftir réttir um haustið.

Við flutninginn að Suður-Bár fylgdum við börnin sem fædd voru, það eru;

Guðmundur, f. 20. ágúst 1899, sonur Sigurðar, stjúpsonur Ingibjargar,
Þorkell Jóhann, f. 18. sept. 1908,
Guðríður Stefanía, f. 17. júlí 1910,
Pétur Kristþór, f. 17. júlí 1910,
Halldór Eggert, f. 9. sept. 1915,
Margrét, f. 5. júlí 1917.

Guðmundur hálfbróðir okkar kom til foreldra okkar þegar þau hófu búskap í Ólafsvík, en auk þess fylgdu okkur tvær vinnukonur, Ásta Árnadóttir og Valdís Jóhannesdóttir, en hún var systurdóttir móður okkar. Þá var einnig frændi okkar, Pétur Elinbjörn, sem kom til okkar 1910, þá 12 ára, og var eftir það með sitt heimili hjá okkur þar til hann stofnaði sína fjölskyldu um 1925. Móðir okkar og Pétur Elinbjörn voru bræðrabörn.

Eftir að fólk og búnaður var komið á skip var akkeri létt og lagt af stað inn í Grundarfjörð. Enda þótt leiðin væri ekki löng sóttist ferðin seint þar sem svo líttill vindur var að lítið sem ekkert tók í seglin. Því var áhöfnin látin róa á léttbátnum, með taug í skipið, til að létta undir, því engin vél var í skipinu. En til Grundarfjarðar var komið morguninn eftir og þá tekið til við að ferja í land fólk og farangur.

Að sögn Þorkels var það á laugardegi fyrir hvítasunnu sem komið var að Suður-Bár. Það var hefð að skútusjómenn sem voru við veiðar á Breiðafirði eða við Snæfellsnes, tækju sér frí frá veiðum yfir hátíðarnar og algengt að þeir færu inn á Grundarfjörð. Því gafst föður okkar dálítt til tími til að kynnast aðstæðum, og aðstoða fjölskylduna við að koma sér fyrir á nýja heimilinu áður en aftur var farið til fiskjar. Að sjálfsögðu þótti tilhlýðilegt að fara til messu að Setbergi á hvítasunnudag. En að þessu sinni stóð þannig á að sóknarpresturinn, sr. Jens V. Hjaltalín, var að kveðja söfnuðinn, en nýr prestur, sr. Jósep Jónsson, tók síðan við.

Í endurminningum sínum segir bróðir okkar, Halldór E. Sigurðsson, svo um flutninginn og húsakynni í Suður-Bár: „Ég man líka þegar við Margrét systir mín gengum með móður okkar sjávargötuna heim að húsinu í Suður-Bár. Sjávargatan var nokkuð löng. Íbúðarhúsið í Suður-Bár var járnvarið timburhús með steiptum suðurgafli. Stærð þess hefur líklega verið 60-70 ferm. ein hæð. Þar var baðstofa sem sofið var í og einnig matreitt, en líka gestastofa og lítið svefnherbergi inn af henni. Kjallari var undir öllu húsinu, og var hluti hans

notaður sem fjós á vetrum, en hinn hlutinn sem eldhús að sumrinu þangað til fjós var byggt, eftir það var eldhúsið í kjallaranum allt árið og geymslurými aukið þar. Geymsla var einnig í risi hússins.

Við fjósið var léleg hlaða með veggjum úr torfi og grjóti, en járn á þaki. Taðan geymdist þar vel. Fjárhús voru nær miðja vegu milli íbúðarhúss og sjávar við sjávargötuna. Þar var líka lítil hlaða. Niðri á sjávarbakkanum stóð Bakka-bær, gömul hjáleiga sem ekki var lengur í ábúð.“

Afkoma fjölskyldunnar í Suður-Bár

Á árinu 1920 tekur faðir okkar við skipstjórn á ms. Svani (Breiðafjarðarsvani), sem var flutningaskip og var í pósthæð milli Reykjavíkur og allra hafna á Breiðafirði. Svanur þótti glæsilegt skip, 68 brl. og með 60 hestafla vél. Hinsvegar entist föður okkar ekki langur aldur til þess starfa, aðeins rúm tvö ár. Í ársbyrjun 1922 kenndi hann sér meins og fór til lækningar í Stykkishólmi og síðan á Landakotsspítalann í Reykjavík, þar sem hann lést 6. júní 1922, aðeins 45 ára. Yngsta barn foreldra okkar, Þórarinn Stefán, fæddist í Suður-Bár, 31. janúar 1922, hann var því aðeins nokkurra mánaða gamall er faðir okkar lést. Um haustið 1919 kom föðuramma okkar, Jóhanna Guðmundsdóttir, til okkar í Suður-Bár. Hún eignaðist ekki önnur börn og var því orðin einstæðingur á Rauðasandi, þar sem hún hafði búið allan sinn aldur. Er hún kom til okkar var hún nokkuð heilsuhraust en orðin alveg blind. Henni entist ekki langur lífdagi í Eyrarsveit, því hún lést í ágúst 1921.

Fráfall föður okkar var mikið áfall fyrir fjölskylduna. Á þessum árum voru engar almannatryggingar, það var því ekki létt verk fyrir unga konu eins og móður okkar, aðeins 35 ára, með 6 ung börn á sínu framfæri, að sjá fjölskyldu sinni farborða. En forsjálni föður okkar var þar fyrir að þakka, hann hafði er hann var í siglingunum erlendis keypt sér líftryggingu hjá dönsku tryggingafélagi. Þessari tryggingu hélt hann eftir að heim kom og naut því fjölskyldan góðs af þessari fyrirhyggju.

Hinsvegar þurfti töluvert fyrir því að hafa að ná út þessum peningum. Þetta danska tryggingafélag var ekki með marga umboðsmenn hér á landi. Því þurfti að ná sambandi við rétta aðila. Dönskukunnátta, samgöngur og samskipti almennt ekki á hvers manns færi. En það hafðist. Greiðsla sem kom frá þessari

tryggingu dugði fyrir eftirstöðvum af því láni sem hvíldi á jörðinni Suður-Bár og einnig til að kosta lækningu yngsta bróður okkar, Þórarins. En við fæðingu var hann með bæklaðan fót. Því varð móðir okkar að fara með hann tveggja ára til lækninga í Reykjavík.

Þessir peningar voru mikil hjálp fyrir fjölskylduna. Með þeim, ásamt því að Guðmundur, hálfbróðir okkar, reyndist stjúpmóður sinni og okkur systkinum mikil og góð hjálparhella, tókst að halda jörðinni og fjölskyldunni saman, og bróðir okkar fékk góða lækningu. En það sem mest var um vert, móðir okkar gat haldið reisu sinni og komist þökkalega af með sín börn.

Pétur telur að Suður-Bár hafi kostað kr. 6 þúsund og útborgun hafi verið kr. 1.200. Skuldin sem hvíldi á jörðinni þegar faðir okkar lést var kr. 3.800, og var greidd með líftryggingu föður okkar, en hún hljóðaði upp á kr. 5 þúsund. Kostnaður við að ná út tryggingunni var einar 5 til 600 krónur.

Nám og skólaganga

Unglingafræðsla á þessum árum var ekki mikil, samanborið við það sem við þekkjum í dag. Jens Hermannsson var lengi við kennslu í Eyrarsveit, en flytur þaðan vorið 1919 til Flateyjar, sama árið og við komum í Suður-Bár. Fyrstu þrjú árin okkar í Eyrarsveit er Petrína Sæmundsdóttir, frá Seljum, kennari. Þá var farskóli, þ.e. kennt var á heimilum þar sem aðstæður leyfðu, í Þinghúsinu á Grund og barnaskólahúsinu á Kvíabryggju. Yfirleitt var verið tvær vikur á hverjum stað og síðan færði kennarinn sig til næsta bæjar eða kennslustaðar. Þannig var kennt á einum 4 eða 5 stöðum í sveitinni, en börn frá nærliggjandi bæjum sóttu skólann eftir því sem hentaði.

Einn af þeim bæjum, þar sem kennsla fór fram, var hjá okkur í Suður-Bár. Fjórða veturinn okkar í Suður-Bár var, einhverra hluta vegna, engin kennsla í Eyrarsveit. Þá var Þorkell fermdur, en Guðríður og Pétur fóru því út í Fróðárhrepp til móðurbróður okkar, Sigþórs Péturssonar í Klettakoti, og fengu þar sína fræðslu þann veturinn. En síðasta ár tvíburanna í barnaskóla var Guðjón Sveinbjörnsson, frá Hellnafelli, kennari.

Pétur telur að ríkið hafi greitt laun kennarans, en hreppurinn hafi greitt fyrir fæði og kennsluhúsnaði. Langskólanám hjá unglingum var ekki algengt, en verknám var meira í sókn. Því var það haustið 1924 að Guðmundur bróðir

okkar fór til Stykkishólms, á námskeið í stjórnun og rekstri véla. Á þessum árum voru vélar í fiskibátana helstu tækniframfarirnar. Því var vélstjóranámið mjög hagkvæmt og fáir sem höfðu menntun eða reynslu til að sinna þessari nýju tækni. Að námi loknu var Guðmundur vélstjóri á bátum, t.d. um tíma með Páli Þorleifssyni á Hömrum á mb. Svani.

Brugðið á leik

Þrátt fyrir almennt mikla vinnu gafst inn á milli tækifæri til að líta upp úr amstri dagsins. Þannig minnst Þorkell þess að hann og Guðríður systir hans hafi verið nokkuð dugleg við að fara á skemmtanir, sem voru þó ekki margar, helst voru það dansleikir. Í Eyrarsveit voru skemmtanir haldnar í Þinghúsinu á Grund. Einstaka skemmtanir sóttu þau til nágrennabyggðanna, s.s. út í Fróðárhrepp eða Ólafsvík, inn á Skjöld og jafnvel suður fyrir fjall, í Staðarsveit. Einu samgöngu-tækin voru hestar. Þessar ferðir tóku því margar klukkustundir, t.d. út í Fróðárhrepp var 4 til 5 klst. reið hvora leið. Ungu fólkið lét sig ekki muna um að fara þetta á hestum, sem segja má að hafi verið aðaltilbreytingin frá daglegu amstri.

Afkoma og líf skjör íbúa Eyrarsveitar um 1920

Á þessum árum var afkoma íbúa í Eyrarsveit, einkum þó í framsveitinni, þokkalega góð, miðað við það sem þá gerðist. Yfirleitt var á hverju heimili reynt að hafa eitthvað af skepnum, eina til tvær kýr, nokkrar kindur og hest. Voru afurðir búfjárins svo til eingöngu notaðar fyrir heimilið. Hinsvegar voru nokkrir bændur sem lifðu eingöngu á búskapnum, en þar voru fremstir Magnús á Kolgröfum og Jóhannes á Hallbjarnareyri. Annars voru öll hlunnindi nýtt, svo sem fuglinn og þá bæði egg, kjöt og dúnn.

En uppistaðan í tekjuöfluninni var fiskurinn. Á þessum árum var aflí á grunnslóð þokkalega góður. Þá var útræði frá Bár, Vatnabúðaplássinu, Eyrarplássi, Kvíabryggju og fleiri stöðum. Róið var bæði vor og haust, með línu og færi. Þá var þorskurinn fluttur og saltaður og síðan seldur til kaupmannanna í Stykkishólmi, Tang & Riis eða Sæmundar Halldórssonar.

Þegar mótorbátarnir komu, fyrst Hegri og síðan Svanur, Ægir o.fl., þá gátu þeir sótt lengra og verið lengur að. Og í þeim var aflinn saltaður um borð og

farið með hann beint til Stykkishólms þar sem hann var seldur. Segja má að þá hafi allur afli farið á markað, sem var markaður kaupendanna, sem réðu verðinu.

Pétur segir að á þessum árum hafi vetrarvertíð yfirleitt staðið frá áramótum og fram að páskaum. Þá var algengt að hafa verbúðir út undir Jökli og róa þaðan, aðallega frá Sandi og þá mest úr Keflavík. Oftast var farið gangandi út eftir þótt fyrir kæmi að farið væri á róðrabátum. Þá var mikið um að formenn bátanna, sem réru undir Jökli, kæmu innan úr eyjum.

Eftir páska hófst vor- eða sumarvertíð. Meðan við áttum heima á Hauka-brekku fór faðir okkar alltaf vestur á Þingeyri yfir sumarvertíðina, þar sem hann var skipstjóri á skútum hjá Proppe-bræðrum, eins og áður hefur komið fram. Var þá komið á skútu og þeir sjómenn af Snæfellsnesi, sem ætluðu að stunda sjóróðra frá Vestfjörðum, voru sóttir. Stóð úthaldið á skútunum yfirleitt frá páskaum og fram í september. Þá voru menn fluttir aftur heim, en skúturnar dregnar upp á kambinn á Þingeyri, þar sem þær voru hafðar um veturinn, til geymslu og viðhalds.

Meðan húsbændurnir og oft vinnumenn voru á sumarvertíð, varð húsmóðirin að annast um bú og börn. Þurfti hún meðal annars að sjá um að afla fóðurs fyrir skepnur til vetrarforða og annað er búið varðaði. Haustróðrar voru svo stundaðir frá september og fram að jólum, eftir því sem gæftir leyfðu. Svipaður háttur var hjá bændum í Eyrarsveit á þessum árum. Pétur minnst þess að hann hafi fyrst farið 15 ára á vertíð vestur á firði og þá meðal annars komist allt norður til Bolungarvíkur.

Að sjálfsögðu var afkoma fólks á þessum árum töluvert misjöfn, eins og er enn í dag. Skipti þá miklu hvort menn voru eigendur jarða eða leiguliðar. En samt urðu allir að vinna mikið til að komast áfram, allt varð að gera með höndunum þar sem tæki til hjálpar voru af skornum skammti. Fyrstu bátavélarnar voru að koma og á landi var hesturinn ennþá eina flutningatækið.

Skipið „Sunnlendingur“ ferst 1919

Orsakir þess að Suður-Bár losnaði úr ábúð 1919 var að þá um veturinn varð það hörmulega slys að skipið „Sunnlendingur“ fórst 31. janúar með fimm mönnum, en tveimur var bjargað. Eftir því sem fram kemur hjá Jens Hermannssyni, í ritinu *Breiðfirskir sjómenn*, fórust eftirtaldir:

Ásmundur Sigurðsson, hreppsnefndaroddviti, Suður-Bár, skipstjóri og eigandi bátsins, 50 ára. Jón Elísson, bóndi, Norður-Bár, 44 ára. Guðmundur Magnússon, leiguliði, Jaðri, 62 ára. Samúel Stefánsson, stjúpsonur Jóns, 18 ára. Páll Leó Kjartansson, Þórdísarstöðum, 18 ára, en hann fór þennan róður í forföllum Kristjáns Bjarnasonar á Arnarhóli.

Þeir sem björguðust voru: Einar Ásmundsson, sonur Ásmundar skipstjóra, og Kristján Stefánsson en þeim var bjargað af Páli Þorleifssyni og hans áhöfn á bátnum „Hegra“ sem þarna var stutt undan.

Ásmundur, sem var ættaður af Kjalarnesi, flyst að Fróðá í Fróðárhreppi 1898. Þar var móðir okkar einhvern tíma vinnukona hjá honum og fyrri konu hans Katrínu og þekkti því fjölskylduna. Frá Fróðá mun hann hafa flust að Grund í Eyrarsveit 1904 en kaupir svo Suður-Bár 1914.

Þetta hörmulega slys, þar sem 3 konur, er höfðu ung börn á framfæri, misstu sína fyrirvinnu og hrökkluðust frá heimilum sínum. Þetta er hin dæmigerða saga um baráttu fólksins í gegnum aldirnar, við þau erfiðu skilyrði, þar sem sækja þurfti sjóinn á opnum og illa búnum bátum til að geta framfleytt sér og sínum. En sem betur fer er þetta eitt af mörgum viðfangsefnum sem landsmenn hafa náð að lagfæra og koma til mun betri vegar á þessari miklu framfaraöld sem senn er á enda.

Þær konur, sem þarna misstu sína fyrirvinnu, voru:

Kristín Þorleifsdóttir, ekkja Ásmundar, sem fluttist með 4 börn sín og eitt ófætt til foreldra sinna og bróður síns, Páls Þorleifssonar á Hömrum. Í manntalinu 1930 er Kristín enn á Hömrum með þrjú af börnum sínum. En Ásmundur, yngsti sonur hennar, er fæddur í júlí 1919. Það er nokkrum mánuðum eftir að faðir hans ferst.

Hjálmrós Ólafsdóttir (Rósa), ekkja Jóns Elíssonar, seldi Norður-Bár og fluttist með börn sín að Skallabúðum. Hún eignaðist 18 börn og voru mörg þeirra komin til fullorðinsára er þetta slys varð. Rósa missti ekki aðeins sinn mann, heldur einnig einn af sonum sínum. En Kristján, sonur hennar, var annar þeirra sem bjargaðist.

Sesselja Gísladóttir, ekkja Guðmundar Magnússonar, fluttist fyrst að Spjör til Runólfs Jónatanssonar og hans konu, Pálínu, sem var ekki heilsuhraust. Synir Sesselju, Geirmundur fer að Ósi, til föðursystur sinnar Elínborgar Magnúsdóttur, en Móses að Hellnafelli.

Strandið í Sandvík

Atvík sem Þorkatli er minnisstætt frá vertíðinni 1928, en þá var hann með Páli á mb. Svani. Aðrir í áhöfn voru: Páll skipstjóri, Guðmundur vélstjóri, Ásgeir Kristjánsson og Skarphéðinn Sigurðsson.

Það var einhverju sinni snemma á vertíðinni er verið var að koma úr róðri í suðaustanroki, svo slæmu að báturinn hafði ekki á móti veðrinu fyrir Krossnesbjargið. Var því tekið til þess ráðs að fara inn á Sandvík og leggjast þar við akkeri í skjóli við Krossnesbjargið. Þrátt fyrir að reglulega væri lóðað dýpið og reynt að fylgjast með, eftir því sem hægt var, þá skipti það engum togum að allt í einu var báturinn strandaður. Og þegar fjarði var báturinn kominn á þurr. Var þá gengið í það að bera fiskinn úr bátnum upp á Krossnesbjargið, bæði til að létta bátinn og forða aflanum frá skemmdum. Ekki man Þorkell hvort það var einn eða fleiri dagar, sem þeir voru fastir í Sandvíkinni, en það endaði með því að hann var sendur inn að Kverná til að fá Ásmund til að koma á mb. Ægi til að hjálpa við að draga Svaninn á flot. Áhöfn Ægis í þeirri ferð voru auk Ásmundar og Þorkels, sem var þar um borð við aðstoðina; Bárður Þorsteinson, Gröf, Árni Sveinbjörnsson, Hellnafelli og Kristján Jónsson, Eiði. Það hafði ist að ná Svaninum á flot á næsta flóði, en ekki tókst betur til en svo að stýrið brotnaði af. Þurfti því Ægir að draga Svaninn, en þar sem veðrið var enn svo slæmt var tekið til þess ráðs að leggjast við akkeri grunnt undan Vatnabúðum, en ferðinni var heitið til Stykkishólms. Meðan veðrið var sem verst óttuðust menn mjög að dráttartaugin slitnaði, en þá gat orðið erfitt að ná aftur sambandi við Svaninn. Sem betur fór kom ekki til þess, bæði dráttartaug og akkeri héldu og þegar vindur gekk í vestrið var akkeri létt og ferðin til Stykkishólms gekk greiðlega.

Hafnarfirði í mars 2000

Fellsbrotið (vestara)

Stagfellið við Höfðabrun og eftir vesturjöðrum á Felli og Stöð: (Lúðumið): Lagt laust Stagfellið og í landið eftir vesturjöðrum yfir Stagfellið.

Elís Guðjónsson, fyrrv. verkstjóri og Guðjón Elísson, sjómaður

Gömul fiskimið og siglingaleiðir

Sagan af því hvernig skráning okkar á gömlu miðunum hófst

Flest okkar sem horfum út á hafið sjáum fyrir okkur stóran, jafnan og tilbreytingarlausan flöt, sem allsstaðar virðist vera eins. Eins var með mig, þegar ég tólf ára gamall fór að róa með þeim afa mínum, Pétri Konn og bróður mínum, Ómari, á Svölu SH 178. Fljótlega lærði ég þó, að þótt báturinn væri stöðvaður á einhverjum tilteknum stað og færum rennt til botns, þá hélst dýpið ekki alltaf það sama og eftir tilsögn afa sá ég að afstaða fjalla og tinda og gilja og kletta í landi hvers til annars var sífellt að breytast. Þetta voru mín fyrstu kynni af staðarákvörðunum á hafi úti og vorum við mjög háðir því hvort það sást til lands eða ekki. Við höfðum ekki annað en kennileiti í landi og dýptarmæli til þess að vita hvar við vorum staddir. Núna tuttugu árum síðar þarf ég oftast ekki annað en að líta á fjallahringinn til þess að vita nokkurn veginn hversu djúpt er undir og yfirleitt hvernig landslagið lítur út djúpt undir bátnum, hvort undir er grjót, hraun, sandur, leir eða drulla, þótt nýjasta tækni geri okkur kleift að sjá þetta allt saman á tölvuskjá.

Þegar svo afi okkar hætti til sjós, héldum við Ómar áfram í sumarfríum okkar. Vorum við 13 og 15 ára gamlir og á besta aldri til að læra og ákafir í að víða að okkur fróðleik, sérstaklega varðandi hvar helst væri fisk að finna og gerðumst mjög spurulir við gamla fiskimenn.

Eftir að Svalan skemmdist við bryggju og sökk, fórum við að vinna í landi og sinntum þessu ekki um árabíl.

Það var ekki fyrr en 1986, þegar við Ægir Már yngsti bróðir minn, keyptum saman trilluna Má SH 71 sem var þriggja tonna trébátur (seinna Bára SH sem gerð var út á leikskólalóðinni), að við fórum að rifja upp þessi gömlu mið. Kom þá Ómar af miklum áhuga til aðstoðar og fór jafnvel í nokkra róðra með okkur til upprifjunar. Þá gerðist það eitt sinn er við fórum að leggja haukalóð eftir tilsögn Ómars, að eftir þetta langan tíma var hann farinn að rugla aðeins saman kennileitum og í staðinn fyrir að leggja eftir Háf og Holusteini lögðum við eftir Þúfunni og Holusteini. Árangurinn var mjög góður og fengum við fjórar stórflyðrur í þessu fyrsta kasti og margar síðar, því þetta varð eitt af okkar upphaldsmiðum og heitir nú Ómarsháfur.

Við fórum upp úr þessu að skrá niður allt sem við höfðum upp úr afa og pabba og reyna að pumpa fleiri. Ómar fór í nokkrar heimsóknir til gamalla fiskimanna með stílabók í hönd og hafði upp úr þeim ómældan fróðleik. Þessir gömlu menn voru sumir tregir til að láta af hendi þessi gömlu atvinnuleyndarmál, en gerðu sér þó grein fyrir að þetta voru mikil verðmæti sem fólust í vitneskju sem þeir voru við það að fara með í gröfina og reyndust orð að sönnu, því flestir eru látnir nú og einn þeirra lést aðeins einni viku eftir heimsókn Ómars.

Eftir að Hollvinsamtök Grundarfjarðar fóru þess á leit við okkur að fá að birta þessi gömlu landmið ræddi ég málin við Ómar, og ákváðum við að úr því að við vorum svo lánsamir að bjarga þessari dýrmætu vitneskju frá glötun væri það skylda okkar að sjá til þess að hún glataðist ekki í framtíðinni, því ekki verðum við eilífir frekar en aðrir.

Í mínum augum hafa flestir staðir á hafsbotni í okkar nágrenni sín heiti líkt og staðir á þurru landi og í von um að, þrátt fyrir að flestir skipstjórar í dag nefni allar staðarákvarðanir í löngum runum af tölustöfum, þá vil ég leggja mitt af mörkum til að þau gleymist ekki.

Guðjón Elísson

Fellsbrotið (vestara)

Stagfellið við Höfðabrún og eftir vesturjöðrum á Felli og Stöð: (Lúðumið): Lagt laust Stagfellið og í landið eftir vesturjöðrum yfir Stagfellið.

Korri

Korri í Höfðastalli og eftir vesturjöðrum á Felli og Stöð. (Lúðu- og fiskimið lagt fram.)



Ómarsháfur

Eftir Holusteini, tekið til á strák á Þúfu lagt fram. (Lúðumið)



Hola

Eftir Holudyrum og Girðingnum í Skollavíkursnaga.




Höfn og Holusteinn

Eftir Höfn og Holusteini og lagt fram. (Lúðumið).



Búðabær

Bjargnefið í gömlu Búðatóftirnar. Tek-



Grynna af Bjarnamiði

Tekið til með strák í miðju skarði og lagt fram eftir Hnausatám 6–7 f.

ið til á Hafnarbroddum og lagt í land-ið. (Einnig má taka til á blindum Broddum og leggja í fram.) Lúðumið.

Austara Fellsbrot

Hnausatærnar í Krossnesbjargið og lagt yfir Stagfellið við Höfðabrún. Einnig má leggja yfir Stagfellið í stefnu Stöng í Grjótá. (Lúðu- og fiskilögn.)

Bjarnamið

Dyrabrúnina opna og Bjarnamiðshnúf ber í Höfðastall. Lagt fram eftir Hnausatám undan Bjargi.





Leirinn

Austari Eyjarendinn í skriðu fyrir sunnan Grundarhúsið og eftir Skipsþúfu. Lagt fram 3 línur fiskimið.

Hraunaklettur

Eftir stöng í Grjótá, tekið til á Strák í þúfu og lagt fram 5 færi. (Lúðumið)



Austara Korrabrot

Korri í suðurenda á Höfðakúlu og eftir Austur-eyjarenda í Grjótá. Lagt fram 5-6 f. Haukalóð.



Litli-Klettur

Eftir Hádegishnúk í Fellsrönd og eftir Hæstuhnúfu á Bjarnarhafnarfjalli. (Fiski- og lúðumið.)



Háfur eftir Hnúk

Háfur undan Eyrarfjalli og Hnúkur-



inn í Fellsrönd að vestanverðu. Lagt fram (Lúðumið).


Grjóta. Tekið til með Háf blindan og lagt fram (Lúðumið).

Vestara Háfahnúksbrot

Eftir Háf og Stöng í Grjóta. Lagt fram 5 f. tekið til á Háf blindum (Lúðumið)

Í Hnúknum

Vallarhnúkur undan Höfðanum og háeyjan í Grindarfjarðarkirkju eða fellin. Tekið til á Hnúk blindum og lagt fram 5-6 f. (Þari).



Austara Háfahnúksbrot

Eftir Háf og Austara-eyjarenda í

Hrísaklettur

Hrísaklettinn ber í efri bæinn á Hrís- um, og Háskerðing við brekkurnar



fyrir ofan Vatnabúðir. (Lúðu- og fiskimið).

Auga

Austur úr Hrísakletti. Hrísaklettur ber í neðri Hrísar og Kirkjufell í hök á Stöð (Fiskimið).

höfða, og Hafnarbroddar undan Eyrafjalli. Haukalóð lögð í landið og fiskislóð fram í álinn.

Gauksmýrarklettur

Fram eftir vesturjöðrum. Tekið til á skipspúfu og lagt fram yfir sextugt og þar er kletturinn sjálfur (Fiskimið).




Borgin


Borgin er í Holtsánni fyrir ofan Fögruhlíð og kemur í brúnina á Búlands-

Jóhannes F. Halldórsson, viðskiptafræðingur


Hagtölur og tölfræðilegar upplýsingar um Grundarfjörð

Til þess að taka ákvarðanir um framtíðina þarf að huga að fortíðinni. Eitt besta tæki til þess er hagskýrslugerð. Í þessari bók eru aðeins teknar saman örfáar upplýsingar, en verða vonandi til gagns og gamans.






Það er ekki síður tilgangur þessara upplýsinga að hvetja til söfnunar hagtalna fyrir Grundarfjörð. Þær tölur sýna þróun í samanburði við landið í heild, eða staði sem eru svipaðir að gerð eða liggja nær. Það leiðir síðan til spurninga





um það hvers vegna þróun hefur verið með þessum hætti en ekki hinum. Það gefur möguleika til betri ákvarðanatöku, íbúum og staðnum til heilla.



Hannes Finnbogason, læknir

„Skynlausar skepnur“

Valdimari Jóhannssyni kynntist ég eftir að hann fluttist frá Kljá í Helgafellsveit til Grundarfjarðar árið 1946. Hann og Ragnheiður kona hans hófu búskap að Kljá á fardögum 1923. Flest húsin voru að falli komin og þekjan á bænum var lek. Fyrsta verk þeirra var því að endurnýja baðstofuna. Þau sváfu í tjaldi það sumar en gátu flutt inn um haustið. Ég hitti Valdimar síðast vorið 1988. Þá sagði hann mér eftirfarandi sögu:

„Fáum árum eftir að ég kom að Kljá var það morgun einn í fimmtu viku sumars að ég heyrði ámátlegt jarm. Það kom frá kind, sem stóð á gömlu kvíabóli skammt utan við túnið. Á þessu forna kvíabóli grænkaði alltaf fyrr, en í móanum þar í kring. Þar á grænum hólnum stóð ærin og jarmaði með þeim hreim, sem ég skildi strax sem bendingu um að eitthvað amaði að. Mér fannst því ástæða til þess að athuga þetta nánar og gekk í áttina til hennar. Þegar ég nálgadist hana þekkti ég kindina. Hún var 5 vetra og hafði alltaf komið upp vænum lömbum, en að öðru leyti hafði ég ekki tekið eftir neinu sérstöku í fari hennar. Ég vissi að hún hafði borið einu lambi fyrir tveimur vikum og varð mér strax ljóst að hún var búin að missa lambið, enda var það hvergi sjáanlegt. Gekk ég nú nær henni en þá tók hún á sprett frá mér. Eftir stuttan sprett stansaði hún. Snéri sér að mér og jarmaði með sama hreim og áður. Gekk ég því í áttina til hennar þar sem hún stóð í sömu sporum og jarmaði. En þegar ég nálgadist hana, tók hún álíka sprett og áður, snéri sér að mér og jarmaði. Mér þótti háttarlag hennar orðið allforvitnilegt og ákvað því að leyfa henni að tæla mig svona á eftir sér og sjá hvernig þessi leikur endaði. Hún hélt uppteknum hætti, hljóp spölkorn frá mér og jarmaði. Ég giska á að þetta hafi gengið svona til í

um það bil eina klukkustund, enda vorum við þá komin eina fimm kílómetra frá bænum, að stað sem heitir Sjónarhóll. Þar er mikill brokflói og um hann rennur lækur sem nefndist Heimstilækur. Í nánd við lækinn var dýjaveita og frá henni lá holbekkt læna út í lækinn. Þar stoppar kindin enn einu sinni. Nú brá svo við að hún hljóp ekki frá mér heldur stóð þar kyrr og jarmaði. Hvergi sá ég lambið. Mér datt því í hug að það gæti hafa álpast ofan í lænuna og þreif- aði undir bakkann þar sem kindin stóð og finn þar strax lambið, uppistandandi í vatni sem náði því í hné og hafði það engan möguleika á að komast upp á bakkann. Það var hlýtt í veðri þennan morgun, seint í maí. Samt var verulega af lambinu dregið. Kindin brá grönnum að höfði þess og skjögrandi á fótunum komst það á spena.

Ég er nú orðinn 95 ára og sextíu ár liðin frá því þetta gerðist. Samt man ég eins og það hefði skeð í gær það augnatillit kindarinnar þar sem hún stóð á lækjarbakkanum þennan blíða maímorgun með lambið sitt á spena.“

Þannig endaði frásögn Valdimars Jóhannssonar við eldhúsborðið á heimili dóttur hans í Grundarfirði að morgni hvítasunnudags 1988. Að eldhúsborðinu var hann kominn til þess að spila við undirritaðan tveggja manna vist en hann hafði farið halloka fyrir mér í því spili deginum áður. Ef til vill varð saga þessi, sem spannst út af umræðum um lífið og tilveruna, þess valdandi að ég gat ekki haft hugann við spilið og hann vann mig auðveldlega.

Valdimar lést 1. október 1988 og hélt fullri andlegri reisn til hinstu stundar.

Skrifað í nóvember 1988

Sigurður Lárusson frá Gröf

Örnefni í Grafarlandi

Þann 23. mars 2000 fór Gísli Karel Halldórsson þess á leit við mig að ég setti á blað örnefni sem ég þekkti og staðsett væru í Grafarlandi. Við þessu varð ég.

Áður en ég sný mér að örnefnunum tel ég rétt að skýra frá landamerkjum Grafar við nærliggjandi jarðir eins og þau eru skráð í bækur sýslumannsins í Stykkishólmi 1885.

1. Milli Kvernár og Grafar

Áin Kverná eins og hún kemur úr fjalli eftir Arnardal og þaðan alla leið niður til sjávar, eftir línu úr þeim gamla árfarvegi þar sem skemmst er til sjávar af ferðamannavegi.

2. Milli Grafar og Hellnafells

Eftir skjali dagsettu föstudag í fardögum 1846. Frá sjó Rauðsteinalækur, sem rennur innanvert við Hjaltalínsholt, og síðan upp börðin í Grafargil neðanvert við fellin upp í Hundafoss og þaðan lækur upp í Eldhamrabrún og fjallsegg.

Ofanskriðuð landamerki samþykkir Hellnafellsmegin staddur í Gröf 9 ágúst 1885. Ásmundur Sveinsson umboðsmaður. Landamerki þessi samþykkir Kvernármegin staddur í Gröf 15 júní 1885. J.V. Hjaltalín (prestur að Setbergi) þessi landamerki samþykkir umráðamaður og ábúandi Bárður Þorsteinsson.

Bærinn stendur upp af botni Grundarfjarðar, í Gröf var tvíbýli og voru þar tvö íbúðarhús, milli húsanna er nokkur spölu.

Voru húsin venjulega kölluð ytri og innri Gröf. Íbúðarhús innri Grafar stóð innar og nær sjónum, fyrir austan húsið heitir Kristínartún en efri hluti þess heita Tungur. Húsið í ytri Gröf stendur austarlega og ofarlega í túni þess býlis.

Í þessu túni eru þessi örnefni vestast heitir Kinnavöllur sunnan við hann er Kinnabarð. Suð-vestur frá húsinu er barð sem heitir Kvíabarð á því eru kvíatóftir. Milli Kvíabarðs og túnsins er mjótt mýrarsund eftir því rennur Bæjarlækurinn. Vestur frá túninu við gil sem Grafargil heitir eru tóftir mjög fornlegar þar hefur Grafarbærinn staðið áður.

Fyrir austan og ofan tún innri Grafar er hæð með háum steini efst, hæð þessi heitir Sjónarhöll. Fyrir vestan Litlhól er lækur sem Merkjalækur heitir.

Fyrir austan gilið á móti fellunum er hæð sem Gilkúla heitir fyrir neðan kúluna er barð sem Háabarð heitir.

Fyrir austan Gráborg við Kverná eru tvær klettaborgir sem heita Setborgir þar var sel frá Gröf, eru tóftir þess vestan undir efri borginni. Fyrir ofan Selborgir eru Selbringur.

Á milli gilja þeirra er mynda Hafliðagil heitir Hafliðagilstungur.

Efst í tungunum er einstök borg er heitir Hrutaborg.

Hvolfið norðan undir Tröllkarli heitir Steindórsskriður þar varð úti maður er Steindór hét. En í Hafliðagilstungum varð úti smali frá Gröf sem Hafliði hét.

Dagsmörk í Gröf eru þessi, dagmál á Svartahnjúk, hádegi á Smjörhnjúk, eða austan við hann á Digramúla, nón á Nónkúlu sem er fyrir vestan Nautaskarð niður aftan á Mýrarhyrnu, náttmál á norður horni Skerðingsstaðafjalls.

Snúum okkur þá að örnefnunum og byrjum við Kvernána.

Á móts við Hólavöllinn sem er staðsettur í Kvernártúninu kemur beygja á ána og þar fyrir ofan rennur áin í frekar þröngu gljúfri og heitir sá hluti árinna Kerlingafljót og í því veiddi ég oft silung.

Og höldum áfram upp með ánni. Þá komum við að fossi sem ber nafn árinna. Þar beint á móti er Klifþúfan. Um hana lá leiðin þegar farið var frá bænum Kverná suður til Staðarsveitar, hvort sem farið var gangandi eða á hestum, síðan um Arnarfloa, þá Arnarhlið að Arnarklifi, þá tók við Sóleyjardalur að Arnardalsskarði með Örninn á vinstri hönd og þaðan lá leiðin um Bolaklif að bænum Bláfeldi í Staðarsveit. Þessa leið fór ég oft á mínum yngri árum sem skilamaður í Bláfeldarrétt.

En höldum áfram upp með Kvernánni. Fyrir ofan fossinn taka við þröng gljúfur, þar hafði fallið stór steinn og staðnæmst í gljúfrinu og myndaði hann brú yfir ána sem ég fór oft yfir, en nú held ég að hann sé fallinn í ána.

Við austurenda Gráborgar sem nú blasir við okkur er allstór laut sem nefnist Baulukró, af hverju veit ég ekki. Við vesturenda Gráborgarinnar er skarð sem heitir Nautaskarð. Þá kemur nónkúlan sem svo er nefnd vegna þess að þegar staðið var á bæjarhlaðinu í Gröf og sólin var yfir nónkúlunni, þá var komið nón, sem sagt klukkan var 3 síðdegis.

Fyrir neðan Nautaskarðið og vestan við það er laut og eftir henni rennur lækur, laut þessi heitir Merkjalaus þó að úthagi jarðanna innri og ytri Grafar væri óskiptur, voru svo kallaðar brekkur sem voru slægjuland hér áður fyrr skipt á milli bæjanna og var áður nefnd laut ásamt læk landamerki þessara slægjulanda. Þetta var ákvörðun eigenda 1905.

Austan við túnið í Innri-Gröf er ávalt holt með klettabelti austast og heitir það Lambakróaholt. Klettabelti þetta gegnir nú veigamiklu hlutverki í samkomulagi um landamerki á milli eigenda Grafanna og jarðeignadeildar ríkissjóðs, gert 8. 9. 1967 *sjávarkambur*.

Um 140 metrum austur af horni íbúðarhúss Þorsteins Bárðarsonar stóð svo kallað hundahús. Nú aðeins grunnur en hann gegndi einnig hlutverki vegna landamerkja áður nefnds sjávarkambs. Þegar hundahús þetta kemur upp í huga minn þá minnst ég einnig Þorsteins Jónssonar frá Arnarhóli sem starfaði í húsinu 2–3 daga á hausti af sínum alkunna dugnaði (við að hreinsa hunda).

Höldum þá áfram í vesturátt. Þá komum við að læk sem Gilós heitir. Á austurbakkanum stóð steinhús, upphaflega notað sem frystihús, í því voru frystivélar en þegar ég man fyrst eftir þessu húsi var þar lítil starfsemi þó man ég eftir að þangað barst síld en lítið magn. En síðan var hús þetta gert að íbúðarhúsi og þar var skóli til húsa í viðbyggingu í nokkur ár.

Það er ekki hægt að skilja svo við Gilósinn að ekki sé getið um vestfirsku útilegubátana sem voru á veiðum út af Jöklinum á veturna. Þetta voru Birnirnir, 45 lesta bátar frá Ísafirði, allir eins. Þeir komu oft inn á fjörð vegna veðurs og lögðust þá skammt frá ósnum og komu þá í land á léttbátum, fluttu síðan vatn úr Gilósnum um borð í bátana. Það var framkvæmt þannig að vatninu var ausið með fötu upp í léttbátinn en hann hafði verið þrífinn vel áður, síðan réri einn maður um borð í bátinn, vatninu var síðan ausið upp í vatnstankana. Síðan var

snjó mokað í poka, þeir settir í léttbátinn og fluttir um borð og snjórinn notaður til að halda beitunni freðinni. Þá var símsstöð í Gröf sem kom að góðum notum.

Rétt norðan við Gilósinn er snaginn. Þar var byggð fjárrétt um 1912. Hún var hlaðin úr torfi og grjóti. Rétt þessi var byggð af eigendum Ytri-Grafar og notuðu hana til ársins 1940. Borgubær stóð rétt norðan við Gilósinn. Jón afi minn byggði hann ásamt Kristjáni Þorleifssyni frá Grund um 1920.

Veggir voru úr torfi og grjóti, þak og stafnar voru úr timbri og járni. Eigendur hans voru þau Elínborg Magnúsdóttir og Halldór Kristjánsson. Búið var í honum til 1947. Hann var rifinn 1955 og sama ár var byggt þar húsið Grundargata 6.

Gamli reiðvegurinn lá frá Gilósnum ofan til á snaganum, síðan á milli Finns húss og Ásgarða og síðan með nokkrum krókum út að núverandi Framsóknarhúsi, þaðan austan við Krákuna og niður í Torfabót. Vegurinn ásamt læk sem rennur norðan við Götuhús er landamerki á milli Grafarlands og lands sem ríkið er talið eiga.

Þá er það Kattarsnaginn, hann gengur í austur frá fiskverkunarhúsi S.C. hf Norðan við Kattarsnagann var uppsátur fyrir trillur og aðra smærri báta. Þetta svæði var kallað Vörin. Undanskilinn var þó Þolinmóður, bátur Björgvins Bjarnasonar, en fyrir hann hafði Björgvin útbúið uppsátur niður undan húsi sínu sem hann kallaði Lengju. Þá komum við að læk sem rann norðan við núverandi Hótel Framnes. Lækurinn er kenndur við býlið Sólvelli sem Sigurður Þorsteinsson byggði um 1935 og var sótt í hann vatn.

Þá er það Sólvallatjörnin. Hún var á svæðinu neðan við raðhúsin. Hún var allsérstök vegna allmargra hólma sem í henni voru. Nú er búið að ræsa hana fram og þar með er hún horfin af sjónarsviðinu.

